



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. júlí 2005 - 180. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**MIÐVIKUDAGUR**

**Barátta háð tiskustrauum**

Baráttan gegn fátækt í heiminum lýtur tiskustrauum eins og flest annað í mannlífinu, segir Jón Ormur Halldórsson og bætir við að þau ríki sem hafi náð mestum árangri í baráttunni gegn fátækt hafi flest þegið litla eða óverulega þróunaraðstoð.



UMRÆÐAN 16

**HK sló út bikarmeistarana annað árið í röð**

1. deildarlið HK vann í gærkvöld góðan 1-0 sigur á bikarmeisturum Keflavíkur en í fyrra slógu þeir út þáverandi bikarmeistara ÍA í 32-liða úrslitum. HK er eina liðið úr neðri deildunum sem er enn með í keppninni.



ÍPRÓTTIR 20

**Ryan Phillippe í aðalhlutverk**

Bandaríski leikarinn Ryan Phillippe mun taka að sér eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni *Flags of Our Fathers*, sem leikstýrt verður af Clint Eastwood.



FÓLK 30

**VEÐRIÐ Í DAG**



**SKÝJAD MED KÖFLUM** en rigning eða súld með austurströndinni. Sýnu bjartast vestan til á Suðausturlandi. Hiti yfirleitt 10-17 stig, hlýjast suðaustan til.

VEÐUR 4

**Meðalrestur á tölublað\***

25-49 ára konur

75%

53%

FRÉTTABLAÐIÐ

Morgunblaðið

\*Höfuðborgarsvæðið skv. fjölmíðlakönnun Gallup í maí 2005.

## KEA býður húsnæði fyrir störf að sunnan

Viðræður eru hafnar milli Kaupfélags Eyfirðinga og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um flutning opinberra verkefna til Akureyrar. Jafnframt á KEA í viðræðum við einkafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu um opnun starfsstöðva á Akureyri.

**ATVINNUFRAMBOD** Kaupfélag Eyfirðinga hefur keypt eignarhlut ríkisins á Glerárgötu 36 á Akureyri fyrir rúmar 100 milljónir króna. Tilgangurinn er að freista þess að fjölga störfum á Akureyri með því að bjóða opinberum stofnunum og einkaaðilum afnot af húsnæðinu og eru viðræður þess efnis hafnar. Smáragarður, fasteignafélag BYKO-samsteypunnar, gerði ríkinu einnig tilboð í eignina og segir Guðmundur Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, að KEA hafi boðið betur. „Smáragarður á aðrar fasteignir sem tilheyra Glerárgötu 36 en við höfum ekki tekið ákvörðun um nýtingu þeirra,“ segir Guðmundur.



BENEDIKT SIGURÐARSON

á þessu stigi hvernig húsið verði nýtt. „Það er yfirlýst stefna KEA að fjölga störfum á Akureyri og við höfum átt viðræður við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu um opnun starfsstöðva í húsnæðinu. Fyrirtækin eru af margvíslegum toga og hugsanlegt að KEA eignist hlut í einhverju þeirra. Eitt af þeim fyrirtækjum sem við höfum rætt við er Smáragarður og samstarf við þá kemur vel til greina,“ segir Benedikt.

Í apríl síðastliðnum samþykkti stjórn KEA að óska eftir viðræðum við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið annars vegar og sjávarút-

vegsráðuneytið hins vegar um flutning á opinberum störfum til Akureyrar og hugsanleg kaup á Íslenskum orkurannsóknnum. „Í síðustu viku áttum við góðan fund með Valgerði Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um þessi mál og í framhaldinu munum við ræða betur við ráðherra,“ segir Benedikt.

KEA hefur lýst yfir áhuga á að meginstarfsemi Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar flytjist til Akureyrar og er félagið tilbúið að leggja fram verulegar fjárhæðir svo af því megi verða. Að mati stjórnenda KEA er kostnaður við flutning á Fiskistofu einni og sér á bilinu 50 til 100 milljónir króna. „Í næstu viku eigum við bókaðan fund með sjávarútvegsráðherra,“ segir Benedikt.



OPNUNARATHÖFN Dansarar skemmtu fulltrúum við upphaf fundar Alþjóðaólympíunefndarinnar.

Ólympíuleikamir 2012:

## Staðsetning kynnt í dag

**SINGAPÚR, AP** Í dag mun Alþjóðaólympíunefndin greina frá því hvar ólympíuleikarnir verða haldnir árið 2012. Fundur nefndarinnar fer fram í Singapúr og af því tilefni hefur fjöldi áhrifamanna haldið þangað til að auka möguleika sinna borga.

Hillary Clinton og Muhammed Ali reyna að sannfæra nefndina um að leikarnir eigi að fara fram í New York; Jacques Chirac knýr á um að París verði fyrir valinu; Tony Blair og David Beckham reyna að vinna Lundúnum brautargengi og Jose Manuel Zapatero og Raul Gonzales hvetja til að Madrid hreppi hnossið. Vladimir Pútín ávarpaði nefndina í gegnum gervihnött á ensku en það er í fyrsta sinn sem hann mælir á þá tungu. ■

Eigendur Lyfja og heilsu:

## Kaupa breska ilmvatnssölu

**VIÐSKIPTI** Móðurfélag lyfsölukeðjunnar Lyfja og heilsu hefur keypt 70 prósent í breska fyrirtækinu Pre-Scint Group sem sérhæfir sig í sölu og markaðssetningu á ilmvatni.

Kaupverðið er 42 milljónir punda eða um fimm milljarðar króna. Að sögn Karls Wernerssonar, aðaleiganda fyrirtækisins, eru kaupin liður í stefnu félagsins að byggja upp alþjóðlegt markaðs- og söluvirkni á sviði heilsu, heilsuvara og munaðar- og snyrtivöru. „Þetta er vel rekið og arðbært félag með mikla vaxtarmöguleika.“

Við kaupin tvöfaldast velta fyrirtækisins og mun meirihluti tekna og hagnaðar verða til erlendis eftir kaupin.

- hh / Sjá Markaðinn sem fylgir blaðinu í dag



MÓTMÆLT VIÐ BANDARÍSKA SENDIRÁÐIÐ Heldur færri mótmæltu komu Bush í gær en búist hafði verið við. Um 200 manns mótmæltu fyrir framan bandaríska sendiráðið í Kaupmannahöfn.

George W. Bush Bandaríkjaforseti kominn til Danmerkur:

## Gæslan meiri en mótmælin

**DANMÖRK** Um 200 mótmælendur gengu um götur Kaupmannahafnar í gær og mótmæltu komu George Bush til landsins. Mótmælendurnir, sem voru svartklæddir og flestir ungir að árum, gengu um með skilti þar sem Bush var tjáð að hann væri óvelkominn. Einn var handtekinn fyrir að brenna bandaríska fánann.

Flugvél Bandaríkjaforseta lenti á Kaupmannahafnarflugvelli klukkan rúmlega níu í gærkvöldi að dönskum tíma en hann er í opinberri heimsókn í Danmörku

ásamt eiginkonu sinni og dóttur. Að heimsókn sinni lokinni fer Bush til Gleneagles í Skotlandi síðar í dag þar sem G8-fundurinn verður haldinn.

Bush-fjölskyldan gisti í sveithöllinni Fredensberg skammt norðan við Kaupmannahöfn í boði Danadrottningar. Kristján Sigurjónsson, fréttaritari Fréttablaðsins, var viðstaddur mótmæli hjá Fredensberg þegar Bush kom þangað. Þar var einungis fámennur hópur mótmælenda og ljóst að lítið varð úr fyrirætlunum þeirra

um að halda vöku fyrir Bush fram á nótt við höllina. Kristján sagði þó öryggisgæslu hafa verið gríðarlega. Mótmælendurnir lofuðu meiri fjölda í mótmælum sem verða í Kaupmannahöfn í dag.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, tók á móti Bush og fjölskyldu hans við komuna. Í dag munu Rasmussen og Bush snæða saman morgunverð og ræða hugsanlegar lausnir á sárri fátækt í mörgum Afríkuríkjum.

- oá/ks

Nýtt viðskiptablað með Fréttablaðinu alla miðvikudaga

MARKAÐURINN  
Sögurnar • Tölurnar • Fólkið



## SPURNING DAGSINS

Er gott að fara til Súðavíkur á löðari?

Besta leiðin til að finna út úr því er að mæta á svæðið og kynna sér aðstæður og ef löðarið ber ávott þá minni ég á það að leikskólinn er gjaldfrjálur.

Ómar Már Jónsson er sveitarstjóri Súðavíkur en sveitarstjórnin þar lagði fram áætlun um að fjölga íbúum bæjarins meðal annars með því að bjóða upp á frjár löðir og gjaldfrjálsum leikskóla.

Rannsókn lögreglu á málum tengdum Baugi Group:

# Málgögn afhent lögmönnum

**LÖGREGLA** Embætti Ríkislögreglustjóra lét í gær af hendi rannsóknargögn í Baugsmálinu svokallaða.

Ákærur voru gefnar út á föstudag, en rannsókn lögreglu hefur staðið í tæp þrjú ár. Sex sæta ákæru, þar á meðal fyrrverandi og núverandi forstjóri Baugs, stjórnarmenn og tveir endurskoðendur. Ákærunar hafa ekki verið gerðar opinberar og segja lögmenn ákærðu að af þeirra hendi verði það heldur ekki gert fyrir en þeir hafi fengið tómt til að fara yfir og skoða gögnin.

Gögn málsins fylltu nokkra pappakassa, en gögnum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar forstjóra



**ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR** Þórunn er lögmáður Stefáns Hilmarssonar og Önnu Þórðardóttur endurskoðenda en þau eru meðal ákærðu í Baugsmálinu. Þórunn frestaði því til dagsins í dag að sækja málgögn til lögreglu vegna umfangs þeirra.

var skilað til lögmans hans í Reykjavík. „Já, ég sé að verið er að bera þetta inn og þrjár pappakassar komnar hér inn á gólf,“ sagði Gestur Jónsson lögmáður laust eftir klukkan ellefu í gærmorgun. Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmáður sem fer með mál endurskoðendanna sagðist í gær hafa fengið boð um að sækja mætti gögnin. „Það var búið að segja mér að aðstoð þyrfti við að bera þetta þannig að ég kom því ekki við í dag,“ sagði hún en kvaðst mundu sækja gögnin fyrir hádegi í dag.

- óká

Ákærur vekja athygli:

## Á forsíðu Berlingske

**VIÐSKIPTI** Mynd af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni forstjóra Baugs Group birtist á forsíðu Berlingske Tíðende í Danmörku í gær með fyrirsögninni „Eigandi Magasin ákærður fyrir blekkingar og skattsvik.“

Í viðskiptahluta blaðsins var greint frá nýbirtum ákærum á hendur forsvarsmönnum Baugs og einnig sagt frá fyrirhugaðri málsókn fyrirtækisins á hendur Íslenka ríkinu. Að auki er greint frá meintu mútutilboði Jóns Ásgeirs til Davíðs Oddssonar. Þá er til umfjöllunar greinargerð Jónatans Þórmondssonar lagaprófessors og fullyrðingar Baugs um pólitískar ofsóknir á hendur fyrirtækinu. -ks



**BLAUTUR Á VEGAMÓTUM** Eggert fór geyst niður Öxi og segist hafa ná 50 km hraða. „Stýrið lét eins og brjáluð þvottavél í holunum og frambreittið datt af. Heill kom ég þó niður,“ segir Eggert.

Fjársofnun HjartaHeilla:

## Með storminn í fangið

**SÖFNUN** Eggert Skúlason, sem er að hjóla hringinn í kringum landið til styrktar Landssamtökum hjartasjúklinga, HjartaHeill, kom þreyttur en sæll til Egilsstaða um miðjan dag í gær eftir að hafa lagt upp frá Djúpvaggi um morguninn. Í stað þess að fara yfir Breiðdalsheiði, hjólaði Eggert yfir Öxi og reyndist hún þung á brekkuna, auk þess sem þoka tafði för.

Eggert hjólaði einn í gær og lagði að baki um 100 km. Þrátt fyrir sterkan mótbyr nær alla leiðina austur er hann á undan áætlun. -kk

Lögmaður Bubba:

## Vill fund um skrif Hér og nú

**FJÖLMÍÐLAR** Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Bubba Morthens, hefur sent Gunnari Smára Egilssyni forstjóra 365 miðla, Garðari Erni Úlfarssyni, ritstjóra Hér og nú, og Eiríki Jónssyni blaðamanni bréf þar sem hann óskar eftir fundi um skrif tímaritsins um Bubba.

Gunnar Smári vildi aðspurður ekki segja annað um bréfið en að í því fælist umleitun um að haldinn yrði fundur með málsaðilum. Hvorki Garðar Örn Úlfarsson né Eiríkur Jónsson vildu tjá sig um málið við Fréttablaðið en staðfestu þó að hafa fengið umrætt bréf. - óá

# Skorið niður í rekstri Ríkisútvarpsins

Skera á niður í rekstri allra deilda Ríkisútvarpsins á síðari hluta þessa árs til að ná fram jafnvægi í rekstri stofnunarinnar. Búast má við að þættirnir í brennidepli og Auðlindin verði slegnir af.

**FJÖLMÍÐLAR** Um síðustu mánaðamót var ákveðið að skera niður kostnað hjá Ríkisútvarpinu til að ná jafnvægi í rekstri stofnunarinnar á árinu. Um er að ræða flatan tveggja prósentu niðurskurð sem leggst jafnt á bæði útvarp og sjónvarp og á að spara fimmtíu milljónir króna.

Búist er við að framleiðslu einhverra þátta í bæði útvarpi og sjónvarpi verði hætt. Á Rás eitt er mjög sennilegt að Auðlindin verði slegin af og líklegt er að fréttaskýringarþátturinn í brennidepli detti upp fyrir í sjónvarpinu. Þá er búist við að nokkrir tónlistarþættir á Rás tvö leggi upp laupana, einkum kvöldþættir. Engar endanlegar ákvarðanir hafa þó verið teknar.

Þá má geta þess að ákveðið var að afnema þrettán þúsund króna líkamsræktarstyrki starfsmanna, en í fyrradag var sú ákvörðun dregin til baka vegna mótmæla starfsmanna.

Nokkur óvissa hefur ríkt hjá starfsmönnum vegna þessa, en ekki er enn búið að kynna niðurskurðinn formlega fyrir þeim. „Auðvitað hafa menn áhyggjur af uppsögnum,“ segir Jóhanna Margrét Einarisdóttir, formaður starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins. „Hér er margt fólk með skammtímasamninga sem hægt er að láta renna út þannig að líklega kæmi ekki til uppsagna fastráðinna starfsmanna, en starfsmönnum gæti fækkað og vinnuálag á fastráðna starfsmenn gæti aukist í kjölfarið.“ Jóhanna segir starfsmenn einnig orðna langþreytta á hinu sífellda óvissu-ástandi.

Guðmundur Gylfi Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármála-deildar Ríkisútvarpsins, staðfestir að ákveðið hafi verið að grípa til niðurskurðar í rekstrinum, en vill ekki tjá sig frekar um það í hverju niðurskurðurinn verður fólgin. „Það hefur orðið mikill kostnaðarauki á árinu,“ segir Guðmundur. „Við höfum ekki fengið svar við óskum um hækkun afnotagjalda og þá er ekki annað að gera en að fara í þessar aðgerðir.“

grs@frettabladid.is



**RÍKISÚTVARPIÐ** Óvissa ríkir meðal starfsmanna þess vegna fréttar af niðurskurði í rekstri.

Halldór lætur athuga lagaumgjörð stjórnmalaflokka:

## Nefnd skoðar starfsumhverfi flokkanna

**STJÓRNMALAFLOKKAR** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra skipaði í gær níu manna nefnd sem ætlað er að fjalla um fjármál stjórnmalaflokka og lagaumgjörð þeirra.

Þetta er gert í kjölfar skýrslu sem forsætisráðherra lagði fram á alþingi í lok apríl um fjármál stjórnmalaflokka að beiðni Jóhónnu Sigurðardóttur og fleiri þingmanna. Þar taldi hann rétt að taka til endurskoðunar ýmis atriði í löggjöf sem lúta að stjórnmalastarfseminni, en sambærileg nefnd sem skipuð var 1998 hafði áður komist að því að ekki bæri að kveða á um slíkt í lögum.

Fulltrúar Framsóknarflokks í nefndinni eru Sigurður Eypórs-



**SIGURÐUR EYÞÓRSÓN** Framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins og formaður nefndarinnar.

Son formaður og Helgi S. Guðmundsson. Af hálfu Sjálfstæðisflokksins eiga sæti Kjartan Gunnarsson varaformaður, Einar K. Guðfinnsson og Gunnar Ragnars. Gunnar Svavarsson og Margrét S. Björnsdóttir sitja í nefndinni fyrir Samfylkinguna, Kristín Halldórsdóttir fyrir Vinstri græna og Eyjólfur Ármannsson fyrir hönd Frjálslynda flokksins. Ritari nefndarinnar er Árni Páll Árnason lögmaður. -jh



**LÖGREGLUSTJÓRI OG RÁÐHERRA** Haraldur Jóhannesson ríkislögreglustjóri, sem hér sést með Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra, er væntanlegur úr sumarfríi í ágúst.

Ríkislögreglustjóri í sumarfrí:

## Væntanlegir aftur í ágúst

**LÖGREGLA** Haraldur Jóhannesson ríkislögreglustjóri og Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, eru báðir í sumarfrí fram í ágúst.

Hjá embættinu fengust þau svör að trúlega gætu þeir einir svarað spurningum tengdum rannsókninni á Baugsmálinu svokallaða, en komið hefur fram alvarleg gagnrýni á hana og eins á skipulag embættisins.

Í álitgerð sem Jónatan Þórmondsson lagaprófessor vann fyrir Baug gagnrýnir hann þá skipan mála hjá embættinu að rannsókn mála og saksókn skuli vera á einni hendi. Þá setur hann spurningamerki við aðgerðir lögreglu þau tæpu þrjú ár sem rannsóknin stóð. -óká

Viðbúnaður í Ísrael:

## Fjölmennt lið sent til Gaza

**JERÚSALEM, AP** Stjórnvöld í Ísrael búa sig undir að taka landnema á Gaza-ströndinni föstum tókum meðan á brottflutningi þeirra frá svæðinu stendur.

Shaul Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels, skýrði þingmönnum frá því í gær að 45.000 her- og lögreglumenn myndu sjá til þess að þeir 9.000 ísraelsku landnemar sem byggja svæði hefðu sig á brott á næstu vikum.

Mikill viðbúnaður er í Ísrael vegna ólunnar sem brottflutningurinn hefur vakið og segja margir að andrúmsloftið minni um margt á spennuna sem ríkti vikurnar áður en Yitzhak Rabin forsætisráðherra var myrtur 1995 af öfgamanni úr hópi gyðinga. ■

## MEXÍKÓ

**HÖFUÐPAURINN GÓMAÐUR** Yfirvöld í Mexíkó telja sig hafa handsamað Vicente Carrillo Fuentes, höfuðpaur Juárez-glæpahringsins sem hefur smyglað ókjörum af kókaíni til Bandaríkjanna á síðustu árum. Fjölskylda mannsins sem var handtekinn segja hins vegar að lögreglan hljóti að hafa ruglast á mönnum, hann hafi einungis verið að kaupa í matinn og ekkert til saka unnið.

**Mikið úrval af bakpokum**

Tindur (75L) 9.900 kr.

Þór (15L) 1.900 kr.

Súlur (25L) 2.950 kr.

Esja (25L) 3.200 kr.

66°NORDUR bakpokarnir fást í verslunum okkar í Kringlunni, Faxafeni, Garðabæ og á Akureyri



Frostþolnir  
útipottar  
**50%**  
afsláttur

# Garðplöntu, útsala

allt að  
**60%**  
afsláttur



Kistlar, ný sending, þrjár stærðir  
2.990, 4.990 og 6.990



  
**blómaval**  
*heillandi heimur*

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind  
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 05.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,76	66,08
Sterlingspund GBP	115,5	116,06
Evra EUR	78,21	78,65
Dönsk króna DKK	10,494	10,556
Norsk króna NOK	9,884	9,942
Sænsk króna SEK	8,288	8,336
Japanskt jen JPY	0,588	0,5914
SDR	XDR	94,95 95,51

## Gengisvísitala krónunnar

110,30 +0,025%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hugað að endurskipulagningu verkferla eftir fjárdrátt á sambýli í Reykjavík:

## Efla þarf réttindagæslu

**SAKAMÁL** Meintur fjárdráttur konu sem stýrði sambýli fyrir fatlaða í Reykjavík er litinn mjög alvarlegum augum hjá svæðisskrifstofu fatlaðra, ekki síst þar sem um stjórnanda var að ræða. Þar mun nú hugað að endurskipulagningu verkferla.

Fjárhæðir vegna málsins liggja ekki fyrir, en talið er að konan hafi dregið sér vörur í allt að ellefu mánuði. Henni var víkið frá störfum í lok apríl.

Halldór Gunnarsson, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar, veit til þess að innan svæðisskrifstofu fatlaðra hafi fólk áhyggjur af því að betra

eftirlit þurfi með rekstri sambýla.

„Þetta mál er á minningum að huga þurfi betur að réttindum þessa hóps og efla réttindagæslu. Þó má segja að nú horfi aðeins til betri vegar, eftir að skipaður hefur verið trúnaðarmaður fatlaðra í fullu starfi í Reykja-



**HALLDÓR GUNNARSSON** Halldór telur að stórefla þurfi réttindagæslu á sambýlum.

vík og á Reykjanesi. Það er vonandi byrjunin,“ segir hann og vísar til þess að í maí hóf Kristín Júlía Sigurjónsdóttir störf sem trúnaðarmaður. Þá hafði staðan verið ómönnuð í nokkra mánuði.

Kristín segist þessa dagana ferðast um og heimsækja sambýli og heimili fyrir fatlaða, en þau skipta tugum. Hún áréttar að aðstandendur fatlaðra og einnig starfsfólk heimila geti snúið sér til hennar með mál og hún muni þá kanna þau. „En svæðisskrifstofan er virkilega að taka á þessu máli sem nú kom upp,“ sagði hún.

- óká

## SJÁVARÚTVEGUR

**MET HJÁ ESKJU** Mjöl- og lýsisvinnsla Eskju tók á móti 133 þúsund tonnum af hráefni til vinnslu á fyrri hluta ársins og hefur aldrei tekið á móti jafn miklu hráefni á hálfu ári.

**LÍTIL SÍLDARVEIÐI** Síldarveiðin gengur hægt. Íslensku skipin hafa landað tæplega 23 þúsund tonnum af 158 þúsund tonna heildarkvóta. Erlend skip hafa landað sex þúsund tonnum hér á vortíðinni.

**318 ÞÚSUND TONN AF KOLMUNNA** Íslensk skip hafa landað tvö þúsund tonnum af kolmunna síðustu daga og er heildaraflí þeirra nú kominn í 227 þúsund tonn. Þegar aflí erlendna skipa sem hafa landað hér er talinn með nemur aflinn 318 þúsund tonnum.



**HÁIR HERRAR** Forsetar Rússlands og Kasakstan, Vladimir Pútín og Nursultan Nazarbajev, heilsuðust með virktum í upphafi fundarins.

Leiðtogar funda:

## Vilja loka herstöðvum

**ASTANA, AP** Leiðtogar Rússlands, Kína og fyrrum Sovétlýðvelda í Mið-Asíu samþykktu ályktun á fundi sínum í Kasakstan í gær þar sem skorað var á bandarísk stjórnvöld að draga herlið sitt frá Úsbekistan og Kirgisistan.

Eftir hryðjuverkaárásum 11. september 2001 settu Bandaríkjamenn upp herstöðvar í þessum löndum þaðan sem hernadinn í Afganistan var stýrt. Þótt Rússar hafi ekki lagst gegn þessum aðgerðum líta þeir á löndin sem hluta af sínu áhrifasvæði.

Leiðtogarnir telja að ástandið í Afganistan hafi nú lagast svo mikið að ekki sé lengur þörf fyrir herstöðvarnar. ■

Framtíð varnarsamstarfs:

## Viðræður hefjast í dag

**VARNARSAMSTARF** Viðræður um kostnaðarskiptingu vegna framtíðarvarnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli hefjast í dag. Viðræðurnar fara fram í Washington.

James Gadsden, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, sagði í viðtali um helgina að Bandaríkjamenn væru þeirrar skoðunar að Íslendingar ættu að axla meiri hluta af kostnaði við reksturinn en nú er. Hann ítrekaði hins vegar að nú yrði einungis tekist á um kostnaðarskiptingu, ekki framtíðarfyrirkomulag herstöðvarinnar. - óá

## Peningaþvætti sett undir smásjá

Stofnun á vegum OECD ætlar að gera úttekt á aðgerðum hér á landi gegn peningaþvætti. Viðskiptaráðherra segir mikilvægt fyrir íslenskt fjármálakerfi að fá góða einkunn í slíkri úttekt.

**PENINGAÞVÆTTI** Stofnun á vegum helstu iðnríkja heims og annarra landa ætlar á næstunni að gera úttekt á aðgerðum og viðbúnaði Íslendinga gegn peningaþvætti.

Valgerður Sværisdóttir viðskiptaráðherra segir að á ríkisstjórnarfundum í gær hafi verið ákveðið að ráðuneyti hennar og dómsmálaráðherra fjalli frekar um málið næstu mánuði. „Ég kynnti málið á ríkisstjórnarfundum til þess að undirstrika alvöru málsins. Við verðum að standa okkur og leggja heilmikla vinnu í þetta til að úttektin verði okkur þökkalega hagstæð. Það getur haft talsvert að segja um álit á okkar fjármálakerfi, stofnunum og regluverki ef við komum ekki vel út í þessari úttekt.“ Valgerður segir að það hafi ýtt við sér að sambærileg úttekt var gerð nýverið í Noregi. „Það kom Norðmönnum í opna skjöldu að þeir skyldu ekki fá góða einkunn á öllum sviðum.“

Valgerður segir að skipuð hafi verið nefnd fulltrúa úr viðskipta- og dómsmálaráðuneytinu, frá Seðlabankanum og viðskiptabönkunum til þess að fara yfir aðgerðir og viðbúnað gegn peningaþvætti hér á landi, en hugsanlega þurfi að breyta lögum til þess að ná settum markmiðum.

Úttektin er gerð



**PENINGAR** Stofnun hjá OECD skoðar aðgerðir ríkja gegn æfjölbreytilegri leiðum til peningaþvættis.



**VALGERÐUR SVÆRISDÓTTIR VIÐSKIPTARÁÐHERRA** Norðmenn voru ekki alls kostar ánægðir með niðurstöðuna þegar hliðstæð úttekt á aðgerðum gegn peningaþvætti var gerð í Noregi fyrir skemmstu.

á vegum Financial Action Task Force, en sú stofnun er vistuð hjá OECD. Henni var komið á fót af helstu iðnríkjum heims árið 1989 og nú eiga um 30 lönd aðild að henni. Henni var upphaflega falið að kanna hvaða aðferðum væri beitt við peningaþvætti, hvert umfangið væri og hvaða breytingum aðferðir til pen-

ingaþvættis tækju í tímans rás. Upphaflega gaf stofnunin út til-mæli í 40 liðum til aðildarríkja sinna um aðgerðir gegn peningaþvætti. Stofnunin tekur einnig sérstaklega á fjármögnun og peningaþvætti í þágu hryðjuverkahópa og hefur svo verið í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september árið 2001.

Úttekt sú sem bíður Íslands var síðast gerð í Belgíu og Noregi og voru niðurstöður stofnunarinnar um þessi lönd birtar í síðasta mánuði.

johann@frettabladid.is



**LEITAÐ AÐ LÍKI VIÐ GULLINBRÚ** Mikill fjöldi lögreglumanna, slökkviliðsmanna og björgunarsveitarmanna leituðu að líki í Grafarvoginum í fyrradag og -kvöld.

Líkleit við Gullinbrú:

## Leitinni hætt án árangurs

**LÖGREGLUFRETTIR** Hætt hefur verið leit að líki sem tilkynnt var að hefði sést við Gullinbrú í Reykjavík. Fjölmennt lið úr röðum slökkviliðs, lögreglu og björgunarsveita leitaði líksins fram yfir miðnætti í fyrri-nótt án árangurs.

Þegar mest var tóku sex bátar, þrjú kafarahópar, landlið og þyrta þátt í leitinni. Landliðið gekk fjörur, bátarnir könnuðu yfirborð sjávarins og kafarar leituðu á botni Grafarvogs. Ekkert lík fannst en þarna er mikill straumur sem gæti hafa fært lík milli staða hafi verið um slíkt að ræða. ■

Páll Sveinsson:

## Flogið aftur til útlanda

**FLUG** DC-3 flugvélin Páll Sveinsson heldur í dag af stað í hringflug til Bretlands og Norðurlanda þaðan sem hann snýr aftur til Íslands. Flugði er farið til að minnst þess að sextíu ár eru í haust síðan farþegaflug höfst milli Ísland og annarra landa.

Þristurinn leggur af stað frá Reykjavíkurflugvelli klukkan 8.30. Allir áhugamenn um flug og flugsögu eru velkomnir að vera viðstaddir brottförina Loftleiðahótelsmegin á Reykjavíkurflugvelli. ■

**Hjól og línuskautar**  
- mikið úrval

**25% afsláttur af Vigor línuskautum og Concept hjólum**  
12, 16, 20 og 24 tommu.

Hjól verð frá 5.990 kr.  
Línuskautar verð frá 2.990 kr.

**ÚTILÍF**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580


## VEÐRIÐ Í DAG

## BREYTILEGAR ÁTTIR


Það verður seint sagt að á vísan sé að róa með góðvörð á Íslandi. Dagurinn í dag verður víðast þrýðilegur en blautt verður þó austan til á landinu. Á morgun snýr hann sér til suðlægari átta og þar með dregur fyrir víða á vestanverðu landinu og víða syðra.

**EN VEÐRIÐ UM HELGINA?**  
Það er helst að sjá að hann muni liggja í fremur hægum suðlægum áttum með minniháttar vætu vestan til en þokkalega björtu austan til og þar verður þurr.


## Um hádegis



## Á morgun



## Föstudagur



## Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	20°C heiðskirt	Paris	12°C skýjað-skúrir	Alicante	30°C hálfskýjað
Ósló	25°C heiðskirt	Berlín	13°C rigning	Milano	27°C heiðskirt
Stokkhólmur	26°C heiðskirt	Frankfurt	18°C hálfskýjað	New York	23°C alsk-skúrir
Helsinki	25°C heiðskirt	Madrid	35°C heiðskirt	San Francisco	21°C heiðskirt
London	24°C hálfskýjað	Barcelona	28°C heiðskirt	Orlando/Florida	32°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

PEUGEOT

# Finndu hvernig þú hefur það best



Partner 1.4i bensín  
frá 1.490.000 kr.,  
15.566. kr. á mánuði\*

Expert 2.0 HDi diesel  
frá 1.990.000 kr.,  
20.743.kr. á mánuði\*

Boxer 2.0 HDi diesel  
frá 2.190.000 kr.,  
22.814.kr. á mánuði\*

## TÖLUM UM AFBURÐAGÓÐA VINNUFÉLAGA

Peugeot vinnubílastur eru hannaðir til að létta þér vinnuna á alla lund. Hvort sem talað er um vinnurýmið, flutningsrýmið, kraftinn, áreiðanleikann eða frábæra aksturseiginleikana er hugvitinu beitt til hins ítrasta til þess að þú getir flutt meira og vinnuaðstaðan sé það besta sem þekkest, bæði við akstur og hleðslu. Njóttu þess að fá meira út úr vinnunni.

\* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. Bjóðum einnig 10% - 20% útborgun.



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

### Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985  
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535



## KJÖRKASSINN

Á að leyfa frumættleiðingar samkynhneigðra?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	60%
Nei	40%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Samþykking leiðtoga G-8 ríkanna eitthvað á fundi sínum til að draga úr fátækt í Afríku?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Íraskir uppreisnarmenn taka upp nýjar aðferðir:

## Ráðist á sendiherra íslamskra ríkja

**BAGDAD, AP** Uppreisnarmenn í Írak hafa fundið sér ný skotmörk í baráttu sinni, erindreka annarra múslimaríkja sem starfa í landinu. Þeir hyggjast þar með fæla trúbræður sína frá því að mynda tengsl við ríkisstjórn Íraks sem starfar í skjóli bandarískrar hvernindar.

Í gærmorgun særðist Hassan Malalah al-Ansari, fulltrúi ríkisstjórnar Barein í Írak, þegar skotið var á hann á leið til vinnu í Bagdad. Síðar um daginn varð

Mohammed Younis Khan, sendiherra Pakistans í Bagdad, fyrir skotárás nokkurra byssumanna en hann slapp ómeiddur. Stjórnvöld í Íslamabad hafa þegar kallað Khan heim.

Skemmst er að minnast ránsins á Ihab al-Sherif, sendiherra Egyptalands, á sunnudag. Ekkert hefur til hans spurst síðan þá.

„Markmiðið er skýrt, að skapa ótta,“ sagði formælandi Íraksstjórnar á blaðamannafundi í gær. Hann bætti því við að mark-



**SÆRDUR SENDIHERRA** Hassan Malalah al-Ansari, fulltrúi bareinsku ríkisstjórnarinnar í Írak, fékk skot í öxlina í gær en var þó ekki alvarlega særður.

mið árásanna væri að hrekja aðrar erlendar sendinefndir frá landinu.

Barein er dyggur bandamaður Bandaríkjanna en á eygni hefur

fimmti flotinn höfuðstöðvar sínar. Pakistönsk stjórnvöld hafa stutt Bandaríkjamenn í stríðinu gegn hryðjuverkum en voru lítt hrifin af innrásinni í Írak. ■

Dani hótaði Bush:

## Úrskurðaður í gæsluvarðhald

**DANMÖRK** Þrítugur Dani hefur verið úrskurðaður í sex daga gæsluvarðhald fyrir að hafa sent George Bush Bandaríkjaforseta líflátshótun.

Maðurinn sendi tölvupóst til Hvíta hússins svohljóðandi: „Elsku George, þegar þú heimsækir Danmörku eftir um það bil viku reikna ég með því að þú myndir gjarnan vilja vita að margir Danir eru þakklátir fyrir þetta tækifæri til að reyna að myrða þig.“

Maðurinn hefur játað sök en segir tölvupóstinn hafa verið sendan í hálfkæringi. ■

## LÖGREGLUFRETTIR

### TEKINN Á 145 KÍLÓMETRA

**HRAÐA** Einn ökumaður var tekinn í gær á 145 kílómetra hraða í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi. Lögreglan á Blönduósi hefur verið með mjög virkt umferðar-eftirlit undanfarnar vikur og segja lögreglumenn að almennt flýti ökumenn sér of mikið. Lögreglan á Sauðárkróki sektaði tólf ökumenn í gær fyrir hraða og annað smálegt.

### ÞJÓFNADUR ÚR VINNUVÉLUM Í

**KEFLAVÍK** Geislaspilurum var stolið úr sjö vinnuvélum í Keflavík í gær. Vélarnar stóðu við Suðurstrandarveg þar sem framkvæmdir standa yfir. Skemmdir höfðu verið unnar á einni vélinni.



## Beint flug til hinnar fögru miðaldaborgar Tallinn í Eistlandi

### Innfalið í verði:

Flug, 4 stjörnu hótél m/morgunmat, akstur til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og skattar.

Verð 49.900 kr.

### Ferðin er frá 12.-16. október

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimlista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Menningarlíf í Tallinn stendur með miklum blóma og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er næturlíf fjörukt, bari, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni. Tallinn er borg sem fangar, borg sem skilur eitthvað eftir, löngu eftir að komið er heim.

Spennandi skoðunarferðir í boði með íslenski fararstjórn

Trans-Atlantic

Sími 588900 [www.transatlantic.is](http://www.transatlantic.is)

# Brown varar við of mikilli bjartsýni

Leiðtogafundur G8-ríkjanna hefst í Skotlandi í dag. Forystumenn Afríkuríkja skora á starfsbræður sína á Vesturlöndum til að standa við yfirlýsingar sínar en Gordon Brown varar við of mikilli bjartsýni.

**LEIÐTOGAFUNDUR** Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, varar við of mikilli bjartsýni fyrir leiðtogafund G8-ríkjanna sem hefst í dag. Leiðtogar Afríkuríkja hvetja G8-ríkin til að standa við stóru orðin.

Fundur sjö helstu iðnríkja heims og Rússlands hefst í Gleneagles í Skotlandi í dag þar sem hlýnun jarðar og staða fátækustu ríkja heims verða efst á baugi. Miklar væntingar eru bundnar við niðurstöður fundarins en á þær reyndi Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, hins vegar að slá í viðtali við BBC í gær. „Hvað Bretlandi finnst er eitt, hvað við getum sannfært aðrar þjóðir um að gera er hins vegar það sem koma mun út úr þessum fundi.“

Nefnd Tony Blair, forsætisráðherra Breta, um málefni Afríku sunnan Sahara hefur lagt til að þróunaraðstoð til þessara landa verði tvöfölduð og nemi árið 2010 þrjú þúsund milljörðum króna. George W. Bush, for-



**HUGSJÓNAMAÐUR** Bob Geldof kom með járnbrautarlest til Edinborgar í gær. Hann sagði við blaðamenn að viðræðurnar væru mikilvægasti G8-fundur sögunnar.

seti Bandaríkjanna, er þessum tillögum hins vegar andvígur og því er ólíklegt að þær nái fram að ganga. Gremja Browns yfir þeirri staðreynd var augljós. „Maður getur ekki annað en verið reiður yfir stöðunni vegna þess að tækni og vísindi setja okkur engar skorður við að útrýma fátækt, eingöngu skortur á pólitískum vilja.“

Leiðtogar 47 Afríkuríkja luku fundi sínum í Sirte í Líbía í gær. Þar var útbúin ályktun þar sem skorað er á leiðtoga G8-ríkjanna að standa við loforð sín um að aðstoða álfuna í baráttunni við fátækt með því að stórauka þróunaraðstoð og fjárfestingu. Auk þess var þess krafist að Afríka

fengi tvö föst sæti með neitunarvaldi í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og fimm sæti til viðbótar svo að gera megi nauðsynlegar endurbætur á stofnuninni.

Stund var á milli stríða hjá mótmælendum í Edinborg í gær en margir fluttu sig til fundarstaðarins í Gleneagles, skammt frá borginni. Bob Geldof, forvígismaður Live-8, kom til Edinborgar í gær. Þá bættist mótmælendum enn fremur góður liðstyrkur því í gær sendi trúarleiðtoginn Dalai Lama frá sér yfirlýsingu þar sem hann hvatti G8-leiðtogana til að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að binda enda á neyð Afríku.

[sveinng@frettabladid.is](mailto:sveinng@frettabladid.is)

Lýður sem ógn stendur af, segir héraðsdómur:

## Dæmdur fyrir hasssmýgl

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður var dæmdur í níu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær fyrir að hafa í apríl og maí í fyrra staðið að innflutningi á rúmlega 2,5 kílóum af hassi frá Danmörku. Hassið var falið í leikfangatraktor sem sendur var í pósti.

Þá var ákært fyrir húsbrot og líkamsárás þegar maðurinn ruddist inn á heimili 17 ára drengs í byrjun síðasta árs, undir því yfirskyni að vera að innheimta skuld. Í látunum meiddist móðir piltsins. Maðurinn var sýknaður af líkamsárásinni en húsbrotið talið honum til refsípyngingar. Með í för var hópur félega hans og voru nokkrir þeirra handteknir á staðnum. Dómurinn segist líta mjög alvarlegum augum á þegar hópur rýfur heimilisfrið fólks með hótunum um ofbeldi. „Af slíkum lýð stendur varnarlausu fólki mikil ógn,“ segir í dómnum.

- óká



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Með hassinnflutningi og húsbroti rauf ungur maður skilorð dóms sem upp var kveðinn í október 2003. Hann var í Héraðsdómi Reykjaness í gær dæmdur í 9 mánaða fangelsi sem kemur sem hegningarauki við fyrri dóm.



**AGÆT KJÖRSÓKN** Þessi kona lét sig ekki vanta á kjörstað í Vygvega. Kjörsókn var ríflega 63 prósent.

Kosningar í Búrúndí:

## Flokkur Hútúa fær meirihluta

**BÚJÓMBÚRA, AP** Flokkur uppreisnarmanna virðist hafa unnið meirihluta í þingkosningunum í Afríkuríkinu Búrúndí, þeim fyrstu sem haldnar hafa verið í landinu í tólf ár.

Þegar búíð var að telja 80 prósent atkvæðanna í gær virtist allt stefna í að Varnarsveitum lýðræðisins, flokki Hútúa sem barðist í borgarastríðinu 1993-2001, hefði hlotnast drjúgur meirihluti atkvæða.

Varnarsveitirnar taka við völdum af bráðabirgðastjórn Hútúa og er búist við umtalsverðum breytingum í stjórnmalalífi landsins. Kosningarnar eru sagðar hafa farið vel fram miðað við það sem búist hafði verið við. ■

Banaslýsið við Minni-Borg:

## Nafn mannsins sem lést

**ANDLÁT** Maðurinn sem lést í umferðarslysi við Minni-Borg í Grímsnesi hét Hjörtur Jónsson. Hann var 79 ára og búsettur á Brjánsstöðum í Grímsnesi. Hjörtur lætur eftir sig eiginkonu og sex uppkomin börn auk fjölda barnabarna. ■

## LEIÐRÉTTING

Vegna fréttar um hrefnuveiðar í sumar sem birtist í Fréttablaðinu í gær vill sjávarútvegssráðuneytið taka fram að engin ákvörðun hefur verið tekin um veiðar á 200 langreyðum og hundrað sandreyðum þótt þær séu á hvalarannsóknáætlun.

# Staðreyndirnar tala


## – byggingavörur á **betra** verði

BYGGINGAVÖRUR	MÚRBÚÐIN	Byko	Húsasmiðjan	Mismunur á hæsta og lágsta verði
Innimálning 10 ltr 7 % glans	<b>2.690</b> kr. Dekacryl	Ekki til	<b>4.590</b> kr. Jötun	71%
Útimálning 10 ltr	<b>2.990</b> kr. Alfacryl	<b>4.390</b> kr. Byko	<b>5.490</b> kr. Húsasmiðjan	83%
Terpentína 1 ltr	<b>219</b> kr. Deka	<b>314</b> kr. Málning	<b>445</b> kr. Jötun	103%
Vatnsþynnt epoxy pr kg	<b>896</b> kr. Deka Topp	<b>2.179</b> kr. Málning	<b>1.585</b> kr. Sigural	143%
Loftamálning 10 ltr	<b>2.394</b> kr. Deka	<b>3.980</b> kr. Sadólin	<b>3.990</b> kr. Jötun	67%
Fylligrunnur 10 ltr	<b>1.681</b> kr. Deka	<b>8.777</b> kr. Málning	Ekki til	422%
Ólíugrunnur pr ltr	<b>391</b> kr. Deka	<b>1.047</b> kr. Kill'z	<b>1.243</b> kr. Jötun	218%
Hammer lakk pr ltr.	<b>838</b> kr. Deka	<b>1.607</b> kr. Granville	<b>2.327</b> kr. Hammerite	178%
Parketlím 2ja þátta PU 13 kg	<b>7.133</b> kr. Bostik	Ekki til	Ekki til	
Waterplugg 5 kg	<b>1.688</b> kr. Deka	<b>2.718</b> kr. BM Vallá	<b>2.625</b> kr. Mapai	61%
Múrblanda hraðharðandi 25 kg	<b>1.988</b> kr. Deka	<b>2.041</b> kr. BM Vallá	<b>2.500</b> kr. BM Vallá	26%
Akrílkíttri	<b>119</b> kr. Deka	<b>259</b> kr. Sika	<b>348</b> kr. Soudal	192%
Límkíttri	<b>539</b> kr. Danalim	<b>721</b> kr. Sika	<b>695</b> kr. Soudal	34%
Litaspray 400 ml	<b>295</b> kr. Technospray	<b>490</b> kr. Akso nobel	<b>695</b> kr. Duplicolor	136%
Festifrauð 750 ml	<b>495</b> kr. Deka	<b>899</b> kr. Fischer	<b>899</b> kr. Soudal	82%
Hjólborur 100 ltr steypu	<b>8.591</b> kr. Danbören	Ekki til	<b>10.995</b> kr. Danbören	28%
Filtbretti	<b>194</b> kr. Marshalltown	<b>299</b> kr. Nupride	<b>329</b> kr.	70%
Múrfata 12 ltr	<b>294</b> kr. Jopa	<b>366</b> kr.	<b>845</b> kr.	187%
Háþrýstidæla 100 bör	<b>5.900</b> kr. Einhell	<b>9.900</b> kr. Bosch	<b>8.995</b> kr. Sistema	68%
Flísalímglattari 10 x 10 mm	<b>198</b> kr. Ranatools	<b>803</b> kr. Lux	<b>1.025</b> kr.	418%
Hræripinni fyrir 20 kg	<b>995</b> kr. Mako	Ekki til	<b>1.995</b> kr. Unimixer	101%
Steypuskafa	<b>1.279</b> kr. Marshalltown	<b>3.776</b> kr. Kraft	<b>4.895</b> kr.	283%
Álréttskaið 2,5 m m/dropa	<b>4.133</b> kr. Richter	Ekki til	Ekki til	
Tommustokkur 1 m, plast	<b>371</b> kr. Mako	<b>571</b> kr.	<b>495</b> kr.	54%
Rafmagnshitablásari 9 kw	<b>26.673</b> kr. Sial	<b>49.900</b> kr. Sial	Ekki til	87%
Rykgríma 1 stk	<b>261</b> kr. Mako	<b>312</b> kr. 3M	Ekki til	20%
Vírbursti	<b>176</b> kr. KWB	<b>295</b> kr. Lux	<b>495</b> kr.	181%
Demantsbolli 5" tvöfaldur	<b>6.990</b> kr. Dimo	Ekki til	<b>20.095</b> kr.	187%
Hamar 450 gr	<b>1.998</b> kr. Bacho	<b>2.769</b> kr. Bacho	<b>1.998</b> kr. Bacho	39%
Bogasög	<b>695</b> kr. Bacho 24"	<b>1.591</b> kr. Bacho 21,5"	<b>1.195</b> kr.	129%
SDS bor 10 x 160 mm	<b>540</b> kr. KWB	<b>969</b> kr. Irwin	<b>745</b> kr. CD Jewel	79%
Gluggaskafa	<b>569</b> kr. Mako	<b>965</b> kr. Soligen	<b>995</b> kr. Colorexpert	75%
Malarskófla	<b>650</b> kr. Buffalo	<b>1.253</b> kr. Ames	<b>695</b> kr.	92%
Strákústur 30 cm m/skafti	<b>769</b> kr. Uni	<b>672</b> kr. Lux	<b>475</b> kr. Takk	62%
Hengilás 50 mm	<b>415</b> kr. Scandi Lock	<b>864</b> kr. Lux	<b>795</b> kr.	108%
Járnsög 12"	<b>461</b> kr. Work it	<b>2.926</b> kr. Bacho	<b>1.595</b> kr. Cosmos	535%
Blikklippur	<b>436</b> kr. Ranatools	<b>2.783</b> kr. Stanley	<b>995</b> kr.	538%
Skiptilykill 300 mm	<b>875</b> kr. KWB	<b>3.984</b> kr. Bacho	<b>3.929</b> kr. Padre	355%
Rakavarnarplast 0,2 mm - pr m <sup>2</sup>	<b>59</b> kr. 4 x 25 m rúlla	<b>138</b> kr. 4 x 25 m rúlla	<b>98</b> kr. 4 x 50 m rúlla	134%
Stálnaglar 2,0 x 30 100 stk	<b>127</b> kr. Bär	<b>105</b> kr. Bär	<b>132</b> kr. Bär	26%
Stálnaglar 2,7 x 40 pr stk	<b>3,38</b> kr. Bär	<b>4,74</b> kr. Bär	<b>4,89</b> kr. Bierbach	45%
Rekskrúfur 6 x 60 mm pr stk	<b>3,85</b> kr.	<b>3,7</b> kr. Alldubel	<b>7,63</b> kr. Alfa	106%
Borðabolti 10 x 60 pr stk	<b>29</b> kr. Würth	<b>25</b> kr.	<b>26</b> kr.	16%

 Táknað lágsta verð

Könnunin var gerð þann 29. júní af starfsmönnum Múrbúðarinnar. Leitast var við að bera saman vörur af sambærilegri gerð. Könnunin er birt með fyrirvara um prentvillur.

**Opið**  
mán. - fös. 8-18  
laugardaga 9-17



*hafðu það betra  
á enn betra verði!*



Lægra verð á byggingavörum  
fyrir alla – ALLTAF!

**MÚRBÚÐIN**  
Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



## VEISTU SVARID?

- 1 Hver er mesti verðmunurinn á einni vöru samkvæmt verðkönnun ASÍ?
- 2 Hvað heitir halastjarnan sem bandarískir vísindamenn skutu fari að?
- 3 Hvað heitir nýr ritstjóri bogb?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Jónína Bjartmarz harðorð í garð Helga Hjörvar:

# Siðferðisþrek Samfylkingar á þrotum

**STJÓRN MÁL** „Að mínu viti er þetta merki um að siðferðisþrek Samfylkingarinnar sé á þrotum og þeim sé nær að líta í eigin barm en að reyna að klóra í bakkann með dylgjum á borð við þessar,“ segir Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokksins.

Hún segir aðdróttanir Helga Hjörvar, þingmanns Samfylkingarinnar, um fasteignakaup flokksins og aðkomu Halldórs Ásgrímssonar að þeim vera ekkert annað en lágvirkulega tilraun til að þyrlla ryki í augu almennings.

Helgi sendi í fyrradag fyrirspurn til formanns fjárlaga-

nefndar Alþingis, meðal annars vegna upplýsinga um að eignarhaldsfélagið Ker hf. hafi afsalað sér húseigninni að Hverfisgötu 33, þar sem skrifstofa flokksins er til húsa, skömmu eftir að samþykkt var að ganga til viðræðna við S-hópinn um kaup á Búnaðarbankanum en Ker hf. leiddi þann hóp. Telur hann ótvírætt að frá þeim tengslum flokksins og Kers hf. hefði átt að skýra við einkavæðingarferli bankanna.

Framsóknarflokkurinn hefur bent á að húseignin var keypt 1997, fimm árum áður en Búnaðarbankinn var seldur.

Jónína segir allt varðandi kaupin gagnsætt og uppi á borðinu. Farist hafi fyrir að ganga frá afsali vegna kaupanna og við það sé ekkert tortryggilegt. „Mér finnst afar alvarlegt að Helgi skuli geta komið með dylgjum sem eingöngu er ætlað að rýra traust almennings á forsætisráðherra landsins.

Ekki náðist í Helga Hjörvar í gær.

- aðe

### ÞVÆTTINGUR HJÁ HELGA

Jónína Bjartmarz fullyrðir að ekkert við húsa kaup flokksins á Hverfisgötu 33 þoli ekki dagsljósið og segir tilgang Helga Hjörvar þann einan að kasta rýrð á Halldór Ásgrímsson.



MYND/AF



**KROSSARNIR TEKNIR** Gagnrýnendur bankans telja að heldur fljótt hafi fennt yfir minninguna um þá sem skotin voru á landamærum austurs og vesturs.

Checkpoint Charlie:

## Minnismerki tekin niður

**BERLÍN, AP** Verkamenn hófu í gær að taka niður 1.067 krossa á mörku Austur- og Vestur-Berlínar sem settir höfðu verið niður til minningar um þá sem féllu fyrir kúlum austur-þýskra landamæravarða á tímum kalda stríðsins.

Minningarreiturinn er við landamærastöðina Checkpoint Charlie en lóðin er í eigu þýska bankans BAG. Þar sem lóðin er á afar verðmætu byggingarlandi vill bankinn selja hana en hún er of dýr fyrir tilsjónarmenn minningarreitsins. Dómsúrskurð þurfti til að láta fjarlægja krossana.

Nokkur mótmæli voru höfð í frammi og voru stjórnendur bankans sakaðir um föðurlandssvik. ■

# Skoðaðir á daginn og skotnir á nóttunni

Hvalaskoðunarmenn hafa séð til hrefnuveiðimanna þar sem hvalaskoðun er stunduð. Stjórnvöld eru sökuð um að eyðileggja uppbyggingu greinarinnar.

**HVALVEIÐAR** „Það er útlit fyrir að dýrin verði skoðuð á daginn og svo skotin að nóttu,“ segir Vignir Sigurðsson, skipstjóri á hvalaskoðunarbátnum Eldingunni, en hann segist hafa orðið var við hrefnuveiðibáta strax í fyrradag á þeim slóðum þar sem hann siglir um með fólk í hvalaskoðun suðvestur af Akranesi og norður með Kjalarnesi.

Sjávarútvegsráðuneytið tilkynnti í fyrradag að heimilaðar veiðir á 39 hrefnum í vísindaskyni, það er fjórtán fleiri en heimilað var að veiða í fyrra.

Vignir segir að hvalveiðimenn hafi samráð við hvalaskoðunarmenn um hvenær og hvar þeir veiði og telur líklegast að veiðar fari að mestu fram að nóttu. „Ég hef mest áhyggjur af því að þeir taki gæfustu og skemmtilegustu dýrin sem hafa verið hvað aðgengilegust fyrir okkur,“ bætir Vignir við.

Ásbjörn Björgvinsson formaður Hvalaskoðunarsamtaka Íslands bregst harðlega við ákvörðun sjávarútvegsráðherra. „Það er alveg með ólíkindum að stjórnvöld skulu vera að skemma það sem við erum



**HVALASKOÐUN** Hvalaskoðunarmenn segja að svokallaðir skoðarar séu felldir í hrefnuveiðum en það eru gæfustu og aðgengilegustu dýrin. Nú þegar hafa hvalaskoðunarmenn séð hrefnuveiðimenn á skoðunarslóðum og eru gramir út í sjávarútvegsráðherra.

ad reyna að byggja upp því það eru gæfustu dýrin sem yfirleitt eru skotin og þar með er verið að taka bestu söluvöruna og skjóta hana,“ segir hann. Hann dregur einnig vísindalegt gildi veiðanna í efa.

Ólafur S. Ástþórsson, aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir að hvalveiðimenn og hvalaskoðunarmenn hafi samráð sín á milli og þannig megi komast hjá árekstrum.

Í tilkynningu frá sjávarútvegsráðuneytinu segir að afurðir þeirra hrefna sem verði veiddar í ár verði nýttar eftir því sem hægt er. Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir þetta bera með sér að sjávarútvegsráðuneytið hafi áttað sig á því að sennilegast verði að henda miklu af afurðunum þar sem ekki sé markaður fyrir hrefnukjöt, hvorki innanlands né til útflutnings.

jse@frettabladid.is

Boris Berezovskí:

## Vill stefna Abramovitsj

**AUDKÝFINGAR** Boris Berezovskí, rússneski auðkýfingurinn sem komst í ónáð hjá Vladimir Pútín Rússlandsforseta og fékk pólitískt hæli í Bretlandi, hyggst stefna rússneska athafnamanninum Roman Abramovitsj, eiganda knattspyrnuliðsins Chelsea.

Berezovskí segir að Abramovitsj hafi með klækjum fengið sig til að selja honum hluti sína í Sibneft-olíufyrirtækinu á mjög lágu verði og hagnast óheyrilega af þeim sökum. Mál-sóknin mun að líkindum fara fram í Bretlandi þar sem Berezovskí treystir ekki rússneskum dómstólum.

Breska blaðið Independent bendir hins vegar á að Berezovskí fékk sjálfur rússnesk ríkisfyrirtæki á kostakjörum þegar þau voru einkavædd. ■

## INDÓNESÍA

**JÖRÐIN NÓTRADI** Jarðskjálfti af stærðinni 6,7 varð snemma í gærmorgun í Bengalflóa. Jörð skalf á Súmötru og Nías-eyju en þar fórust 900 manns í mun stærri skjálfta fyrir þremur mánuðum. Mikill ótti greip um sig enda aðeins rúmlega hálf töl frá skjálftunum og flóðbylgjunum á annan dag jóla. Hvorki hafa borist fregnir af mannfalli né eignatjóni.

# ÚTSAALA

30-60%

AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM VÖRUM Í  
VEIÐIVÖRUDEILD

**FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN**  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is  
**PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF**



# Vertu grillkóngur sumarsins

„Besta grillið á markaðinum“  
Jói Fel

**Vaxtalaus verðsprengja!**

aðeins

**5.999** kr

á mán. í 10 mánuði

Verð nú **59.900,-**

Upph. verð **98.999,-**

**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**

á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri sama dag ef þú kemur fyrir kl. 15

**Focus**

-Eitt vandaðasta grillið á markaðinum í dag!

- Stærð á grilli: 163x1115x65 burstað stál
- Grillflötur: Neðri grind 80x49, efri grind 77x15,5
- Grill grind: Úr massífu pottajárni tvískipt, 50x40 sem er heil plata til steikingar og 50x40 grillgrind með neðriplötu sem hindrar að fita og olíur komist að brennurum.
- Kveikja: Elektrónísk
- Brennari: 4 brennarar úr pottajárni með sérstillingu hver
- Hliðarhella: Úr pottajárni. Lok til að setja yfir þegar hellan er ekki í notkun
- Skápur
- Hliðarborð: Úr járni
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu
- Hitamælir

**KAUPAUKI**

Yfirbreiðsla og grill aukahlutasett fylgja hverju keyptu Focus grilli



Mikið úrval af grill aukahlutum



**TILBOÐ**  
**3.999** kr  
Verð áður 5.999,-

**Ferðagagrill** virkar bæði með bútan og própangasi, hitasteinar og þrýstijafnari fylgja með



Pannan sem slegið hefur í gegn í Evrópu!

**TILBOÐ**  
**1.999** kr  
Verð áður 2.999,-

**Grillpanna-** grillaðu fitusnauðari mat á pönnunni



**50% afsláttur**

**TILBOÐ**  
**1.999** kr  
Verð áður 3.999,-

Vandað **grillaukahlutasett** í áltösku

Gildir til 11. júlí eða á meðan birgðir endast.

\*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla

**Canon MV800**

- 1/6" 800k pixel CCD og DiGiC DV
- 20x optískur og 400x stafrænn
- High Resolution 16:9 mode (Widescreen)
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Sjálfvirkur Easy Mode
- 2.4" skjár
- DV út

• Verð: **34.900 kr**



# Canon

**Canon MV850i**

- 1/6" 800k pixel CCD og DiGiC DV
- 22x optískur og 440x stafrænn
- High Resolution 16:9 Mode (Widescreen)
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Sjálfvirkur Easy Mode
- Super Night Mode
- 2.4" skjár
- DV inn/út
- Analogue inn
- PictBridge

• Verð: **49.900 kr**

**NÝTT**

**Canon MVX25i**

- 1/3.4" 2.2 Megapixel CCD og DIGIC DV
- 14x optískur og 280x stafrænn
- High Resolution 16:9 Mode (Widescreen)
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Super Night Mode
- Manual Focus Ring
- 2.5" skjár
- DV inn/út
- Analogue inn
- PictBridge

• Verð: **94.490 kr**



[www.hanspetersen.is](http://www.hanspetersen.is)

**HANS PETERSEN**

**Kodak EXPRESS**

\* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

Hæstiréttur snýr ákvörðun héraðsdóms:

## Kona fær réttargæslumann

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur sneri í gær fyrri úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur og skipaði konu réttargæslumann vegna ætlaðs heimilisofbeldis.

Í ákvörðun héraðsdóms sagði að ekki mætti ráða af málgögnum að konan hefði orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði vegna brotsins sem hún kærði og því var beiðni um réttargæslumann hafnað. Kæran sneri að áráðs fyrirverandi sambýlismanns á konuna í febrúarlök, en hún bar einnig að mestan sambúðartíma þeirra hefði hún mátt sæta ofbeldi. „Á þessu stigi málsins verður ekkert fullrytt um til hver-



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Hæstiréttur sneri í gær úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. júní þar sem konu var neitað um réttargæslumann. Hún hafði kært fyrirverandi sambýlismann sinn fyrir líkamsárás og kvaðst hafa orðið fyrir heimilisofbeldi.

ar niðurstöðu rannsókn lögreglu leiðir og hvort hún muni beinast eingöngu að líkamsárás 25. febrúar 2005. Ljóst er hins vegar að siendurtekkið ofbeldi innan heimilis er til þess fallið að valda þeim sem fyrir

því verður verulegu tjóni á andlegu heilbrigði sínu," segir í dómi Hæstaréttar og er vísað til skýrslna heilbrigðisstarfsfólks um að fleiri áráðir kunni að hafa átt sér stað.

- óká



**NÝR VEITINGASTAÐUR „FÍNA FÓLKSINS“** Framkvæmdir sem standa að utanverðu á húsinu við Lækjargötu 6 eru liður í opnun nýs veitingastaðar. Markhópurinn er fólk með peninga á milli handanna sem vill vera látið í friði.

Nýr veitingastaður fræga fólksins:

## Friðurinn dýru verði keyptur

**VEITINGAHÚS** Veitingastaður fyrir fína og fræga fólkið verður opnaður innan skamms í Lækjargötu 6 í Reykjavík.

„Arkitektar eru að klára teikningar og verði að leita að öllu sem best er fyrir staðinn en það er eftir heilmikil vinna í lokaútfærslunni," segir Heiðar Hermannsson sem á húsið við Lækjargötu 6.

Miklar framkvæmdir standa yfir á húsinu utanverðu en allt innbúið er sérsmíað og tekur langan tíma að koma öllu í endanlegt horf.

Aðspurður um hvers konar staður þetta á að vera segir Heiðar að hann sé hugsaður fyrir fólk með peninga milli handanna og verðlagið verði eftir því. „Staðurinn er hugsaður fyrir fólk sem fer

inn á dýra staði og vill fá að vera í friði. Það er orðin svo mikil umferð af útlendingum sem hefur stutta viðvöl á landinu og því tvímælalaust markaður fyrir svona stað. Hann segir að hinum almenna borgara sé ekki meinaður aðgangur að svona veitingastað en verðlagið sjái sjálf um að ekki sé mikið „rennerí“ af gestum. ■



**EIN MEÐ ÖLLU 2004** Bragi Bergmann segir að 16 þúsund gestir hafi verið á hátíðinni í fyrra og líklega sé það fjölmennasta útihátíð sem haldin hefur verið um verslunarmannahelgi á Íslandi.

Fjölskylduhátíðin Ein með öllu á Akureyri:

## Hertar aðgerðir gegn ólátum

**ÚTIHÁTIÐ** Löggæsla verður hert til muna á fjölskylduhátíðinni Ein með öllu á Akureyri um komandi verslunarmannahelgi frá því sem verið hefur undanfarin ár. Bæjar- yfirvöld munu greiða lögreglu fyrir aukna gæslu á tjaldsvæðunum og aðstandendur hátíðarinnar, Vinir Akureyrar, munu greiða Lionsklúbbum Hæng fyrir aukna gæslu í miðbænum. Bragi

Bergmann, talsmaður Vina Akureyrar, segir tilganginn að koma í veg fyrir ólát og slæma umgengni og að gera fjölskyldufólki kleift að njóta hátíðarinnar til hins ítrasta.

Bæjarráð Akureyrar hefur ákveðið að styrkja hátíðina með allt að tveggja milljóna króna fjárframlagi en þar af fer hluti í löggæslukostnað lögreglunnar.

Forsjárlaus ungmenni undir 18 ára aldri fá ekki aðgang að tjaldsvæðum bæjarins, né að tjaldsvæðunum í nágrenni Akureyrar. Búið er að girða af tjaldsvæðið ofan við Sundlaug Akureyrar og þar verða einungis tjaldvagnar, hjól- og fellihýsi um verslunarmannahelgina. Þeir sem ætla að gista í tjöldum á Akureyri verða á tjaldsvæðinu á Hömrum. -kk

# Bílaust opnar á nýjum stað

Við bjóðum ykkur velkomin  
í glæsilega verslun  
að Bíldshöfða 9

Fjölmörg  
skemmtileg  
opnunartilboð í gangi  
allt að 60% afsláttur  
-Sjón er sögu ríkari



Takki / 1963

## „ORÐRÉTT“

„...í eitt skipti blés svo hressilega á milli okkar að ég ákvað að skilja Jón Ásgeir eftir billausan og allslausan í veiðihúsi í Húnavatnssýslu seint um kvöld.“

„Það er vont að bera þetta saman við Reykjavík, það mikla rigningabæli.“

GESTUR EINAR JÓNASSON ÚTVARPS-  
MAÐUR Í FRÉTTABLAÐINU.

PÁLMI HARALDSSON ATHAFNAMADUR  
Í AÐSENDRI GREIN Í MORGUNBLAD-  
INU.

## nær og fjær tilveran

### SJÓNARHÓLL BAUGSMÁLID



SIGRÚN ÁRMANNSS REYNISDÓTTIR

### Tók of langan tíma

„Ég hef ekki hugmynd um hvort mennirnir eru sekir eða saklausir,“ segir Sigrún Ármanns Reynisdóttir, formaður Samtaka fátækra, aðspurð um mat sitt á stöðu sakborninga í Baugsmálinu svonefnda. „Ég hef ekki kynnt mér málsatvik umfram það sem fram hefur komið í fjölmiðlum og get því lítið sagt.“ Sigrúnu finnst þó sem rannsóknin hafi tekið fulllangan tíma og vonar innilega að dómstólar verði röskari en lögreglan og að dómur falli fyrir en síðar. „Annars verð ég að segja eins og er að Bónusfeðgar hafa gert margt gott um ævina. Ég hef heyrt í mörgum efnalitlum sem segjast ekki vita hvað þeir myndu gera ef þeir gætu ekki verslað í Bónus. Ég óska þeim feðgum því alls hins besta.“

Ritgerðasamkeppni:

## Japansför í verðlaun

Japönsk stjórnvöld bjóða Íslendingum á aldrinum 18 til 35 ára að taka þátt í ritgerðasamkeppni og er tveggja vikna ferð til Japans í verðlaun.

Þátttakendur þurfa að skrifa ritgerð á ensku upp á eina A4 blaðsíðu og skila um leið ferilskrá. Efni ritgerðarinnar er: Hvað er hægt að gera til þess að styðja þróun sambands milli Íslands og Japans?

Ritgerðum skal skila til sendiráðs Japans á Íslandi og er skilafrestur til 25. júlí. Þar fást einnig nánari upplýsingar.

Fjölbreytt dagskrá bíður þeirra sem boðið verður til Japans en þátttakendur í ferðinni verða frá yfir 30 Evrópulöndum.

Utanríkisráðuneyti Japans mun greiða flugfargjöld og dvalarkostnað og skipuleggja ferðina fyrir þá Íslendinga sem býðst að taka þátt í námsferðinni.

Þátttakendur verða að hafa góða enskukunnáttu, mega ekki hafa komið til Japan áður, né vera með áþreifanleg plön um að fara til Japans í nánustu framtíð. Einnig er ætlast til að þátttakendur séu sveigjanlegir, félagslyndir og að þeir hafi gaman af því að vinna saman í hóp, en stór hluti ferðarinnar mun byggjast á hópvinnu. ■

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

## Urðu fyrir árárs fugla

Við komum að Almanskardí um miðjan dag í gær eftir næstum 30 kílómetra göngu. Fyrri part dagsins rigndi á okkur líkt og fjóra síðustu daga en upp úr hádegi stytta upp – eða því sem næst. Við fengum skýringu á þessari úrkomu þegar við komum til Hafnar í Hornafirði því forsvarsmenn bæjarins sögðu okkur að þeir hefðu hreinlega pantað rigninguna til að vökva gróðurinn. Okkur finnst þetta samt hafa verið full mikið af hinu góða. Við lentum í alveg nýrri reynslu í gær þegar blessaður lómurinn réðist á okkur. Vorum við á göngu eftir þjóðvegnum og vissum ekki fyrir en lómur af stærri gerðinni sveimaði yfir okkur og gerði sig líklegan til að stinga sér niður og



gogga í okkur. Var ekki annað að gera en að veifa göngustöfunum upp í loftið því ekki viljum við fá gat á hausinn. Lómurinn var reyndar ekki eini fuglinn sem hafði horn í síðu okkar því kríur komu að okkur í sömu erindagjörðum. Stafirnir góðu vörnuðu slysum.

Allt hefur gengið vel til þessa og okkur hefur tekist að halda áætlan. Allstaðar þar sem við höfum komið höfum við fengið höfðinglegar móttökur og langflestir ökumenn sem ekið hafa framhjá hafa slegið af hraðanum. Það á þó ekki við um alveg alla og biðjum við ökumenn vinsamlegast um að hafa í huga að örðugt er að ganga þegar bill brunar framhjá á blússandi ferð.

Við viljum líka benda velunnurum okkar á síðuna okkar, gangan.is en þar er hægt að sjá allar upplýsingar um ferðalagið. **Kveðja, Bjarki og Guðbrandur.**

## Sólarlandaferðir gætu hugsanlega lagst af

Nýjasta nýtt í ljósabekkjum hefur ratað til Íslands. Nú er hægt að liggja í bekknum, horfa á sjónvarp og finna ilminn af Miðjarðarhafinu. Fullyrt er að óþarfi sé að fara aftur til sólarlanda.

„Þetta er það allra nýjasta og flottasta,“ segir Sigmundur Friðgeir Guðlaugsson, einn þriggja eigenda sólbaðsstofunnar Ibiza sem hóf starfsemi á laugardag. Það sem hann segir nýjast og flottast eru bekkirnir á stofunni. Þeir eru víst ekkert venjulegir; búnir sjónvarpstækjum með aðgangi að 90 sjónvarpsstöðvum, úrvalshljóðkerfi, vatnsúðabaði til kælingar og síðast en ekki síst; ilmkerfi. „Það er hægt að velja um tvær tegundir lykta. Önnur er strandarilmur og það er í raun óþarfi fyrir fólk að fara aftur til sólarlanda,“ segir Sigmundur sem sjálfur er nýkominn frá Benidorm. Hann var þar þó áður en sólbaðsstofan opnaði og er sko ekki á leiðinni utan í bráð. Ibiza er, sem kunnugt er, sólrikk eyja úti fyrir strönd Spánar

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MEÐ AUGUN OPIN Hægt er að velja á milli 90 sjónvarpsstöðva á Ibiza. Tekið skal fram að vanalega liggur fólk fálætt í ljósabekkjum.

og þar hefur margur Íslendingurinn baðað sig í heitum geislunum og jafnvel brunnið á maga eða nefi. Af þessari paradís sólarunnenda er nafn nýju sólbaðsstofunnar í Mjóddinni í Breiðholti dregið en minnstu mátti muna að stofan hlyti annað nafn og verra.

„Við vorum á leiðinni niður í bæ að skrá stofuna og allt í einu datt bróður mínum í hug að nefna hana Ibiza. Áður átti hún að heita Sólex,“ segir Sigmundur sæll og glaður með hugdettur bróðurins enda aldrei allskostar ánægður með Sólex nafni.

Það kostar sitt að fara í ljós og segir Sigmundur að algengt verði á stofum sé um 800 krónur tímunn. Og tími í ljósabekk tekur

ekki einn klukkutíma heldur tuttugu mínútur. Fólk horfir því ekki á langar kvikmyndir á meðan að það verður brúnt þó aðstæður séu ákjósanlegar.

Sigmundur er talsvert fyrir ljósaböðin og hefur verið síðustu ári. Lengi vel fór hann í ljós um það bil sex sinnum í mánuði en upp á síðkastið hefur hann verið duglegri og leggst fjórum til fimm sinnum í viku undir perurnar. Og hann gefur lítið fyrir viðvaranir lækna um óhollustu ljósabaða. „Nú er öldin önnur og það er svo hollt að fara í ljós að það hálfá væri nóg,“ fullyrðir sólbaðsstofueigandinn sem sjálf-sagt fær bággt fyrir þá skoðun sína frá heilbrigðisstarfsmönnum. **bjorn@frettabladid.is**

# DV

## Unglingur barði Steingrím Njálsson með hafnaboltakylfu



Steingrímur ekki búinn að kæra

þeirir þegar aðrir þegja!



SÓLBRÚN Eigendur Ibiza eru Sigmundur Friðgeir Guðlaugsson, Tinna Sædal Ragnarsdóttir og Birgir Már Guðlaugsson.

Ber vel í veiði:

## Landaði lækjarlontu

SILUNGSVEIÐI Menn þurfa ekki að vera háir í loftinu til að stunda silungsveiði. Það sannar Bjartur Helgason, sex ára, sem er ötull veiðimaður. Hann landaði á dögnum vænum silungi úr lækjar-sprænu við Hafnarfjarðarhraun og átti ekki í vandræðum með það.

Fengurinn var hinn vænasti en Bjartur hefur þó ekki í hyggju að leggja sér sjálfur aflann til munns. „Kötturinn fær fiskinn,“ sagðir Bjartur hinn hróðugasti og greinilegt að vel er hugsað um köttinn þann.

Bjartur hefur veitt þá nokkra þáð sem af er sumri en þessi var sá stærsti. Er ekki að efa að hann á eftir að landa þeim enn stærri þegar fram í sækir.

Það er ekki fyrir hvaða veiðimann sem er að ná fiski úr læknum í hrauninu og sagðist Bjartur hafa lært alla sína veiði-



BJARTUR HELGASON Stoltur veiðimaður með vænan silung. Hann segist hafa fengið marga í sumar en þessi sé sá allra stærsti.

tækni af karli föður sínum en vildi ekki útlista nánar í hverju tæknin væri fölginn.

Stangaveiðitímabilið nær

senn hámarki og má segja að hvar sem vatn rennur og minnsta von er um fisk, þar er stöng.

- jse

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.175 +0,82% Fjöldi viðskipta: 390  
Velta: 5.306 milljónir

### MESTA HÆKKUN

↑ KB banki +1,68%  
Actavis +1,24%  
Landsbankinn +1,18%

### MESTA LÆKKUN

↓ Icelandic Group -6,09%  
Jarðboranir -2,27%  
FL Group -1,32%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,80 +1,24% ... Bakkavör 39,00 -0,76%... Burðarás 15,80 +0,64%... FL Group 14,90 -1,32% ... Flaga 4,55 +1,11% ... Grandi 8,45 +0,59 ... Íslandsbanki 13,50 +0,00% ... Jarðboranir 21,50 -2,27 ... KB banki 545 +1,68% ... Kögun 58,50 -0,51% ... Landsbankinn 17,20 +1,18% ... Marel +0,00% ... SÍF 4,88 -0,41 ... Straumur 12,20 +0,41% ... Össur 79,50 +0,63%

# viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á visir.is

## Sláturfélagið semur um viðskiptavakt

Ekki kemur til greina að sameina A- og B-deild í núverandi rekstrarformi.

Sláturfélags Suðurlands hefur samið við Verðbréfastofuna um viðskiptavakt á samvinnuhlutabréfum í B-deild. Félög sem eru skráð á tilboðsmarkað Kauphallarinnar eru skyldug til að semja um viðskiptavakt. „Það er líka markmið í sjálfu sér að sjáanlegt markaðsverð myndist,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri SS,

en gengi bréfanna hefur verið nærri einum í mörg ár.

Félagið er samvinnuhlutafélag og er A-deild stofnsjóðs í eigu félagsmanna á starfsvæði þess. B-deildin er hins vegar í eigu fjárfesta og njóta bréfin forgangs að arði en veita ekki atkvæðisrétt. Á síðasta ári fengu hluthafar í B-deild tíu prósentar arð auk verðbóta. Steinþór segir að það hafi ekki komið til tals að sameina deildirnar, enda bjóði samvinnufélagsformið ekki upp á slíkt. „Þá þyrftum við að skipta um rekstrarform,“ segir Steinþór. - eþa

## Bílasala í hámarki

Fleiri fólksbílar seldust á fyrstu sex mánuðum ársins en seldust allt árið 2001 og 2002. Alls seldust 9.687 nýir bílar samkvæmt greiningardeild Íslandsbanka og er það aukning um 51 prósent miðað við fyrstu sex mánuði síðasta árs. Eru líkur á að bílasalan í ár verði sú mesta síðan á þensluárinu 1987 og nái hámarki í núverandi efna-

hagsuppsveiflu.

Starfsmenn greiningardeildarinnar segja mikla hækkun launa og eignaverðs, sterka stöðu krónunnar, bætt aðgengi að fjármagni ásamt þörf á endurnýjun bílafloans stuðla að þessu. Dýrari tegundir bíla seljast frekar en þær ódýrari. -bg

## Gengi Opera Software hækkar



JÓN S. VON TETZCHNER Einn aðaleigandi Opera Software.

Norska upplýsingatæknifyrirtækið Opera Software, sem er að 17 prósentum í eigu Íslendingins Jón S. von Tetzchner, hefur hækkad um þrettán prósent á einni viku. Opera hefur gert samninga við T-Mobile, Nokia og Toshiba um sölu á vöfrum í farsíma að undanförunu.

Opera Software, sem er skráð í norsku kauphöllina, hefur hækkad um fimmtung frá áramótum. Markaðsvirði félagsins er 10,5 milljarðar króna. - eþa



FRÁ ENDURVINNSLUSTÖÐ SORPU Sorpa greiðir nú fyrirtækjum fyrir flokkaðan bylgjupappa og filmuplast.

## Sorpa endurgreiðir

Sorpa hefur frá fyrsta júlí síðastliðnum greitt fyrirtækjum fyrir flokkaðan bylgjupappa og filmuplast. Tilgangur endurgreiðslunnar er fyrst og fremst að hvetja fyrirtæki til að skila flokkuðum úrgangi og draga þannig úr því magni sem fer til urðunar.

Bindur Sorpa vonir við að með upptöku endurgreiðslu sjái fyrirtæki sér hag í að flokka úrgang betur og skila honum til úrvinnslu.

Sorpa hefur frá upphafi flutt bylgjupappa til Svíþjóðar til endurvinnslu og er þess vænst að sú útflutningur aukist. -jsk

### LEIÐRÉTTING

Í frétt í gær um kaup Samskipa á Seawheel urðu þau mistök að fyrrnefnda félagið var ranglega nefnt.

**TAKTU STEFNUNA Á GÓÐAN MAT**

**GOURMET LAMB Á GRILLIÐ**

**GOURMET GRIS Á GRILLIÐ**

## Grillkjötið frá Goða er heitast á grillið í sumar!

**GOÐI**

-alltaf góður

Metsala til Kanarí,  
fyrstu flugin  
uppseld

**100%  
verðtrygging  
Heimsferða**

Ef þér býðst ódýrari gisting  
(skv. verðskrá) hjá öðrum, m.v.  
sama gististað á sama tímabili,  
þá endurgreiðum við þér  
mismuninn.

# Kanarí

**Allt innifalið**

Heimsferðir bjóða nú ótrúleg  
tilboð á Kanarí þar sem þú ert  
með allt innifalið í viku  
frá aðeins

**53.290 kr.**

Kanaríeyjar eru langvinsælasti áfangastaður Evrópubúa yfir vetrarmánuðina, enda þar að finna eitt besta loftslag í heimi, milt og gott veður með jöfnu hitastigi árið um kring. Á Gran Canaria eyjunni er að jafnaði 20-25 stiga hiti á daginn.

## Frábært verð!

**Kr. 28.295 \***

Flug, skattar og gisting, m.v. hjón með 2 börn á Paraiso Maspalomas. Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.

**Kr. 48.890 – hálf fæði \***

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á Eugenia Victoria \*\*\*\* – hálf fæði. Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.

**Kr. 53.290 – allt innifalið \***

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í smáhýsi á Maspalomas Oasis Club \*\*\*+ – allt innifalið. Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.

\* 15.000 kr. afsláttur af fyrstu 1.000 sætum eða meðan íbúðir eru lausar. Aðeins takmarkaður fjöldi sæta í hverju flugi á afslætti. Gildir ekki um flugsæti eingöngu. M.v. bókun og staðfestingu fyrir 1. ágúst 2005 eða meðan afsláttarsæti eru laus.

## Enska ströndin og Maspalomas

Á suðurhluta Gran Canaria eru vinsælustu staðir eyjarinnar, Enska ströndin og Maspalomas, en þar eru Heimsferðir með sína gististaði. Þar eru aðstæður fyrir ferðamenn frábærar og undanfarin ár hefur átt sér stað bylting í byggingu nýrra og glæsilegra hótela.

Enska ströndin er stærsti strandstaður Kanaríeyja. Þar er upplifun að fylgjast með iðandi mannlífínu. Götulistamenn, tónlistarmenn, sölufólk, sólbrúnir ferðamenn og þéttsetin útikaffihúsin. Á daginn er strandlífið í algleymingi en þegar sólin sest niður fyrir hina gylltu sandhóla Maspalomas, þá sýnir það sig að veitinga- og skemmtistaðir Ensku strandarinnar eru nánast jafnmargir stjörnunum á hinum Kanaríska nátthimni.

Skammt frá Ensku ströndinni, við hinar þekktu Maspalomassandöldur, er Maspalomas. Þar er einstök upplifun að ganga í gylltum sandbylgjunum á frábærri ströndinni. Maspalomas er rólegri en Enska ströndin og allar aðstæður fyrir fjölskyldur eru frábærar.

Á Ensku ströndinni og á Maspalomas er nóg að gera í fríinu, fjöldi góðra veitingastaða er á hverju horni, skemmtistaðir, áhugaverðar kynnisferðir, góðir golfvöllir, frábær íþróttastaða og síðast en ekki síst þá er ótrúlega ódýrt að lifa í mat og drykk. Það er engin furða að þangað fari þúsundir ferðamanna í hverri viku til að njóta þessa og flýja veturinn heima.

## Þjónustan í öndvegi

Okkur er kappsmál að veita sem besta þjónustu á Kanarí til að þú megir njóta dvalarinnar. Allir fararstjórar Heimsferða hafa áralanga reynslu og sérþekkingu á Kanaríeyjum.

- Íslensk fararstjórn
- Úrval kynnisferða
- Viðtalstímar á glististöðum
- Akstur til og frá flugvelli, valkvætt
- Beint leiguflug án millilendingar
- Upplýsingabók Heimsferða með hagnýtum upplýsingum
- Skemmti- og íþróttadagskrá í sérvöldum ferðum
- Símaavakt allan sólarhringinn
- Örugg læknaþjónusta

**Bókaðu strax  
og tryggðu þér bestu  
gististaðina og  
lægsta verðið.**

## Frábær flugtími

Flug á þriðjudögum til Kanaríeyja:

Brottför frá Keflavík kl. 15.50

Lending í Las Palmas kl. 21.40

Brottför frá Las Palmas kl. 09.00

Lending í Keflavík kl. 14.50

# Stórlækkum verðið til Kanarí!

## 15.000 kr. afsláttur

### fyrstu 1.000 sætin

## Suite Hotel Maspalomas Dunas

Einstaklega glæsilegt fjögurra stjörnu svítuhótel. Vel staðsett í hjarta Maspalomas, stutt frá Faro II og í göngufæri við ströndina (800 m.) sem er ein sú besta á Gran Canaria. Öll herbergin eru smekklega innréttaðar og rúmgóðar júníorsvítur, með sérstöku svefnherbergi og sér stofu. Allar svítur eru með baði, sjónvarpi, síma, loftkælingu, minibar, herbergisþjónustu og hárfurrku. Hótelid er á einni hæð og því er gengið beint út í stóran og glæsilegan garðinn úr hverju herbergi. Fyrir framan hvert herbergi er verönd. Dunas Suites Maspalomas býður sannarlega glæsilega aðstöðu og frábæra þjónustu fyrir farþega Heimsferða. Þetta er gistingu staður fyrir þá sem vilja búa vel og gera kröfur um góðan aðbúnað og fallegt umhverfi.

Val er um að hafa hálf fæði eða allt innifalið í verði.



### Glæsileg aðstaða

- Fjögurra hektara hóteldgarður
- Tvær upphitaðar sundlaugar
- Tvær barnalaugar
- Barnaleiksvæði
- Barnaklúbbur

- Líkamsræktaraðstaða
- Sauna og nuddaðstaða
- Diskótek með lifandi tónlist á kvöldin
- Skemmtidagsskrá
- Veitingastaður
- Bar
- Sundlaugarbar

- Internetaðstaða
- Verslanir
- Barnagæsla
- Tveir tennisvöllir
- Borðtennis
- 300 metrar á golfvöll
- ... og fleira og fleira

**Kr. 57.590**  
með hálfu fæði \*

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í svítu á Suite Hotel Maspalomas Dunas \*\*\*\* – með hálfu fæði.

Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.

\* 15.000 kr. afsláttur af fyrstu 1.000 sætum eða meðan íbúðir eru lausar. Aðeins takmarkaður fjöldi sæta í hverju flugi á afslætti. Gildir ekki um flugsæti eingöngu. M.v. bókun og staðfestingu fyrir 1. ágúst 2005 eða meðan afsláttarsæti eru laus.

**Kr. 68.690**  
– allt innifalið \*

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í svítu á Suite Hotel Maspalomas Dunas \*\*\*\* – allt innifalið.

Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.

Frá 48.890 kr.  
með hálfu fæði.  
Glæsihótel.



## Eugenia Victoria – Enska ströndin

Fallegt hótél í hjarta Ensku strandarinnar. Valkostur fyrir þá sem vilja búa vel, en á hreint ótrúlega hagstæðu verði. Öll herbergi með loftkælingu, sjónvarpi, síma, minibar, baðherbergi og svölum. Hálf fæði innifalið og á hótelinu eru veitingastaðir, barir, fallegt sundlaugasvæði og glæsilegt spa, sem er innifalið í verði fyrir hótélgesti. Frábær kostur á ótrúlegu verði.

## Heimsferðir bjóða vinsælustu gistingu staðina á Kanarí

Roque Nublo Enska ströndin • Los Tilos Enska ströndin • Aguacates Enska ströndin  
Vista Golf Maspalomas • Valentin Marieta Enska ströndin • Hotel Neptuno Enska ströndin  
Dorotea Enska ströndin • Jardin Atlantico Enska ströndin • Costa Meloneras Playa Meloneras  
Vital Suites - Spa hótél Enska ströndin



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Borgarstjóri ætti að fá milliliðalaust umboð frá borgarbúum.

## Bein kosning borgarstjóra

Vorið 1920 gengu Reykvikingar til atkvæða og kusu borgarstjóra í beinni kosningu. Knud Zimsen, sem verið hafði borgarstjóri undanfarin sex ár, var endurkjörinn í embætti, en litlu munaði þó á honum og mótframbjóðandanum Sigurði Eggerz fyrrverandi fjármálaráðherra. Hlaut Zimsen 1.760 atkvæði en Eggerz 1.584.

Almenn kosning borgarstjóra hefur ekki verið endurtekin. Á þriðja áratugnum skerptust flokkslínur og stjórnmalaflokkarnir eflust sem stofnanir. Síðan hafa þeir ráðið því hver situr í stól borgarstjóra Reykjavíkur. Ekki er hægt að segja að sú skipan sé örökrétt miðað við skipulag valdakerfisins í borginni eins og raunar öðrum sveitarfélögum landsins. Enda var það haft á orði í aðdraganda kosninganna 1920 að ekki þýddi fyrir neinn að bjóða sig fram til embættis borgarstjóra nema þann sem gæti tekið upp samstarf við þáverandi borgarfulltrúa. Þeir höfðu þá eins og nú úrslitaorð um stjórn og rekstur borgarinnar. Kosningar til borgarstjórnar fóru ekki fram samhliða borgarstjórakosningunni.

Fordæmið frá 1920 er hins vegar ágætt til umhugsunar nú þegar undirbúningur borgarstjórnarkosninga vorið 2006 er að hefjast með tilheyrandi samdrætti og ráðagerðum innan stjórnmalaflokka. Innan beggja meginfylkinga í borgarstjórn ræða menn um hver eigi að verða leiðtogi þeirra – og þar með borgarstjóraefni – í komandi kosningabaráttu. Einnig ræða menn hvernig standa eigi að vali á leiðtoganum. Í Sjálfstæðisflokknum virðist sú skoðun njóta almenns fylgis að velja eigi borgarstjóraefnið í opnu prófkjöri. Innan flokkanna sem standa að R-listanum hafa einstaka sérvitringar víðrað sömu hugmynd við litlar undirtektir. Þessa dagana sitja forráðamenn listans á lokuðum fundum og skipast á tillögum um völd, embætti og bitlinga. Þar verður vafalaust einnig tekin ákvörðun um borgarstjóraembættið.

Bein kosning borgarstjóra er áhugaverð hugmynd en hún er að sönnu óraunsæ án breytinga á sveitarstjórnarlögum. En lögum er auðvelt að breyta ef vilji er fyrir hendi. Borgarstjóri yrði að hafa umtalsverð völd til að réttlæta að hann væri kosinn í almennri atkvæðagreiðslu. Vel má hugsa sér skýra verkaskiptingu milli hans og kjörinna borgarfulltrúa. Borgarstjóri gæti til dæmis haft synjunar- og stöðvunarvald á ákveðnum sviðum, verið nokkurs konar öryggisventill, og sjálfstætt umboð til að afgreiða og ákveða ýmis mál er snúa að einstaklingum í borginni. Ýmsan hégóma sem snýr að tyllidögum og veislustandi mætti fela forseta borgarstjórnar, þó ekki væri nema til að friða stjórnmalaflokkana, sem alltaf hafa meiri áhuga á ímynd en verkum.

Því miður er ólíklegt að stjórnmalaflokkarnir taki vel í hugmynd af þessu tagi. Forystumenn þeirra tala mikið um lýðræði en verða órólegir þegar þeir eru teknir á orðinu. En það er staðreynd að fólk almennt kys einstaklinga frekar en flokka. Það vill geta séð framán í þá persónu sem fer með mál þess. Andlitslausir flokkar eru ótraustvekjandi. „Við kjósum menn en ekki flokka“ sagði í frægri auglýsingu nokkurra nafnkunnra listamanna árið 1986. Þeir vildu Davíð Oddsson sem borgarstjóra en voru síður hrifnir af Sjálfstæðisflokknum. Fullyrða má enn fremur að sigur R-listans 1994 hafi öðru fremur ráðist af vinsældum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og trausti kjósenda á henni. Uppdráttarsýki listans nú stafar ekki síst af því að hann skortir trúverðugan foringja.

Embætti borgarstjóra í Reykavík er mikilvægt trúnaðarstarf. Það gæfi því aukilið gildi og traust ef borgarstjórnin hefði milliliðalaust umboð til verka frá borgarbúum. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS		
<p><b>143 frídagar</b> Samkvæmt úttekt sem birtist í DV á laugardaginn fá alþingismenn 143 daga í sumarfrí. Að auki fá þeir langt frí um júl og páska sem kunnugt er. Að vonum er blaðið forvitnið að fregna hvað menn geri við svona langt frí á góðu kaupum. Kemur á daginn að ekki liggja nærri allir þingmenn í iðjuleysi. Á milli sólarstranda og sumarhúsa eru sumir að undirbúa þingsályktanir og lagafrumvarp fyrir komandi þing, nokkrir fara um kjördæmi sín og hitta kjósendur, aðrir skrifa blaðagreinar eða pistla á netið, sækja ráðstefnur og enn aðrir eru einhvers staðar að „kynna sér</p>	<p>málin“. Viðurkenna ber að það hljómar svolítið duldarfullt.</p> <p><b>Líka Alþingi?</b> Athyglisvert er að sjá að nær allir þingmenn hafa að undanförunni verið utanlands í „opinberum erindum“. Svo heppilega vill til að margir hafa getað sameinað þau (brýnu) erindi skemmtiferðum sínum utanlands. Utanferðir alþingismanna eru vafalaust mikilvægar. Heimskt er heimaalið barn. En ófróðir munu spyrja hvort þessi ferðalög og fundahöld utan landsteinanna séu ekki orðin helst til viðamikil. Erum við ekki fyrir með dýrustu utanríkisþjónustu í heimi með tilheyrandi silkihúfum,</p>	<p>flestum uppgjafarþingmönnum? Þurfum við líka að reka umsvifamikla utanríkisstarfsemi á vegum Alþingis?</p> <p><b>Ranglæti</b> Einn þingmanni, Lúðvík Bergvinsson í Samfylkingunni, trúir DV fyrir því að dagarnir 143 nýtist sér ekki til sumarleyfa. „Ég get ekki tekið mikið frí í sumar“ segir hann. Ástæðan er sú að það er svo mikið að gera í hinni launavinnunni hans, en þingmaðurinn situr í bæjarstjórn Vestmannaeyja. Og svo gerir konan hans honum þann óleik að eiga erindi úr landi og þá þarf blessaður maðurinn að eyða frídagum sínum í að sinna börnunum sínum. Lífið getur verið ranglæti!</p> <p>gm@frettabladid.is</p>

## Yfirburðir hins einfalda

Eitt af því sem gerir Bretland að einu byggilegasta samfélagi veraldar er virðing Breta fyrir sérvísku. Mönnum er talið til tekna að vera svolítið sérstakir en Bretar sinna raunar slíku bókhaldi og einkunnagjöf minna en aðrar þjóðir. Mér hafði ekki tekist að tileinka mér þetta aðdáunarverða lundarfar fyrir nokkrum árum þegar ég sat ráðstefnu í London um baráttu gegn fátækt. Í ræðustól var hagræðingur að útskýra af mikilli sannfæringu nýjustu kenningar um rétt og rangt í þróunaraðstöð. Við hlið mér sat breskur háskólamaður sem gerði mig hvumsa með því að raula lag á meðan inntak hinna nýju kenninga var útskýrt. Ég þekkti hvorki lagið né textann en heyrði að hann fjallaði um tilhneigingu okkar mannanna til að snúast hring eftir hring í leit að því nýja sem aldrei finnst. Söngmaðurinn útskýrði fyrir mér að hann væri búinn að vera svo lengi að rannsaka þróun og þróunaraðstöð að hann hefði séð að minnsta kosti fimm ósattanlegar kenningar veða að viðteknum sannleika og fjórar þeirra verða síðan aftur að villu. Og nú förum við einn hringinn enn, sagði hann. Þetta nýja á ráðstefnunni reyndist líka verða að viðteknum sannindum og alþjóðlegum rétttrúnaði þróunarstofnana áður en það endaði sem villu.

Baráttan gegn fátækt í heiminum lýtur tiskustraumum eins og flest annað í mannlífinu. Eymd hinna fátækustu líkist hins vegar ekki öðru. Engin skelfing á jörðinni er eins óskapleg. Tölur um örbirgð í heiminum hafa stundum þau áhrif að gera vandann fjarlægjan, ómannlegan og okkur óviðkomandi. Við vitum að þrjátíu þúsund börn munu deyja núna í dag fyrir þær sakir einar að for-

**Í DAG**  
BARÁTTAN  
GEGN FÁTÆKT

JÓN ORMUR  
HALLDÓRSSON

*Ekkert starf á jörðinni kallar á meiri alvöru en baráttan gegn þeim óskapnaði sem hlýst af örbirgð milljarða manna.*

eldrar þeirra eru bláfátækir. Það er hins vegar aðeins þegar við hugsum um eitt einasta af þessum litlu börnum og ímyndum okkur að við eigum það sjálf að við byrjum að skynja angistina sem ríkir í lífi í milljarða manna um alla jörð.

Ekkert starf á jörðinni kallar á meiri alvöru en baráttan gegn þeim óskapnaði sem hlýst af örbirgð milljarða manna. Sú alvara snýst alls ekki að öllu leyti um útvegum meiri fjármuna til þessarar baráttu. Hún snýr ekki síður að því hvernig þeir peningar sem eru merktir hinum fátæku eru notaðir. Ég heyrði einu sinni reyndan sérfræðing í þróunaraðstöð lýsa sögu útlends og opinbers þróunarstarfs í tilteknu héraði með þeim hætti að viðstaddir bókstaflega grétu af hlátri þótt umræðuefnið hefði varla getað verið sorglegra.

Meira en hálf öld er liðin frá því að nokkrar ríkar þjóðir fóru að skipuleggja þróunarstarf í fátækum löndum sem þá voru að fá frelsi undan aldalöngu hernámi evrópskra nýlenduvelda. Á þessum tíma hafa menn auðvitað lært heil ósköp af dapur-

legri sögu mistaka og sóunar. Skortur á árangri hefur knúði menn til að losa sig við tiskukenningar gærdagsins og finna nýjar leiðir.

Menn hafa hins vegar enn sem komið er dregið of lítinn lærdóm af hinni stóru niðurstöðu síðustu áratuga. Hún er einfaldlega sú að nær öll þau ríki sem hafa náð byltingarkenndum árangri í baráttu gegn fátækt eiga það sameiginlegt að hafa þegið litla eða óverulega þróunaraðstöð og að mörg þeirra ríka sem mesta aðstöð hafa fengið eru fátækari nú en þegar aðstoðin hófst.

Skýringarnar á þessu eru allt annað en einfaldar. Lærdómurinn er ekki sá að þróunaraðstöð geti ekki komið að gagni. Það er hins vegar alveg ljóst að mjög stór hluti þróunaraðstöðar er til lítills í baráttunni gegn almennri örbirgð. Sumt af því sem hefur komist í tísku nýverið lofar þó góðu, til dæmis uppbygging á lánastofnunum sem lána fátæku fólki örsmáar upphæðir til einfaldra fjárfestinga.

Aukin áhersla á einfaldar leiðir í baráttu gegn sjúkdómum á meðal hinna fátæku virðist skila góðum árangri á nokkrum stöðum. Fleiri dæmi má sem betur fer nefna. Fátækt fólk er eðli málsins samkvæmt valdalaust. Öðrum gengur betur að toga til sín ávinning af þróunarstarfi, bæði aðilum í löndum veitenda og aðilum í löndum þiggjenda.

Þetta er ein ástæða þess að samtök hugsjónafólks ná oft betri árangri en opinberar stofnanir. Aðstoðina verður að veita án tillits til hagsmuna og hentugleika gefenda. Rannsóknir sýna að aðstöð sem tengd er hagsmunum í landi veitenda skilar sjaldnast árangri. Aðstöð skilar helst árangri þegar hún snýst um einfalda hluti. ■



**Viðskiptakort einstaklinga**

Nánari upplýsingar í síma:

# 591 3100

**ATLANTSOLIA** Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is



Lifleg sumarbókaútgáfa

## Bókaflóð allan ársins hring

Bókamarkaðurinn sýnir ánægjuleg þroskamerki

**LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

**visir**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltalið 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@frettabladid.is](mailto:ritstjorn@frettabladid.is) og [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) VEFANG: [visir.is](http://visir.is) UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. [dreifing@posthusid.is](http://dreifing@posthusid.is) Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 3.53	13.34	23.13
AKUREYRI 3.12	13.19	23.23

Heimild: Almanak Háskólans

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Góðan dag!**

Í dag er miðvikudagur 6. júlí, 187. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Til að laga te verður vatnið fyrst að sjóða þangað til það er orðið mjúkt.



**Smáauglýsingar**

byrja í dag á bls. 6

**Flokkar**

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á visir.is**



**allt**

**börn o.fl.**  
Öðruvísi leikföng  
BLS. 3



**SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is**



Á Ísafjarðardjúpinu áður en hvessti. Langadalströnd í baksýn

**Rokið setti strik í reikninginn**

**Helga Bestla Njálisdóttir skrifstofustjóri á markaðssviði Símans er útvistarkona af lífi og sál. Flestar helgar sumarsins er hún í ævintýraferðum, ýmist á sjó eða landi, ásamt manni sínum, Birni Hermannssyni.**

„Við vorum að koma vestan af Snæfjallaströnd þar sem við sigldum um Ísafjarðardjúpið á kajökum með viðkomu í Æðey. En svo kom rokið og setti strik í reikninginn,“ segir Helga Bestla hlējandi þegar í hana næst í farsíma eftir nokkrar tilraunir. Þessi yfirlýsing kallar ótvírætt á ferðasögu! „Við vorum á tveimur bátum og lögðum af stað frá Hömrum á Langadalströnd sem er næstum inni í botni Ísafjarðardjúps. Vorum svona sex tíma í róðrinum og það var mjög fínt. Ætluðum að sigla út með allri Snæfjallaströndinni en þurftum að hætta við það vegna hvasuviðris.“ Hún segir þau til allrar hamingju hafa verið komin með fast land undir fætur þegar versta veðrið skall á. „Við vorum nýkomin úr Æðey yfir á

Snæfjallaströndina þegar hvessti og lögðum að við bæ sem heitir Tyrðilmýri. Þar hittum við fyrir húsráðendur sem sýndu okkur heilmikla gestrisni. Næsta dag var áætlað að ganga inn að Kaldalóni, og bíða af sér veður en fólkið á Tyrðilmýri tók sig til og keyrði okkur alla leið að Hamri svo við gætum sótt bílinn.“ Flestir þættust þurfa að jafna sig eftir svona slarkferðir – en ekki Helga Bestla. Hún er strax farin að undirbúa næstu helgi því þá á aftur að leggja í hann og nú á tveimur jafnfljótum. „Við ætlum í fimm daga gönguferð með gönguhópi TKS. Við leggjum upp frá Bjallavaði að Landmannahelli, komum við í Landmannalaugum, Strúti og Álftavatnskrókum og endum í Hólaskjóli.“

Ekki verður látið þar við sitja því fleiri ferðir eru framundan. Spurð að lokum hvort þau hjón hafi getað smitað börnin sín þrjú af útvistaráhuganum svarar Helga Bestla hlējandi. „Þau eru ekki mjög æst en við reynum að fara eina fjölskylduferð á sumri – þá er það ein helgi.“

gun@frettabladid.is

**LIGGUR Í LOFTINU hjá börnum**

**Fótboltamörk** Lýðheilsustöð hvetur foreldra á vefsíðu sinni til að athuga fótboltamörk íþróttafélaga áður en börnin eru send þangað á námskeið. Það stendur skýrt í reglugerð að fótboltamörk skulu vera vel fest en misbrestur hefur verið á þessu, sérstaklega hjá knattspyrnufélögum. Á 17 árum hafa rúmlega 40 börn slasast alvarlega og sum þeirra hlotið varanlegan skaða og yfir 100 börn hafa verið lögð inn á sjúkrahús til frekari rannsókna vegna þess að mark hefur dottið yfir þau.

**Hjólábretti** Þessa dagana standa yfir miklar framkvæmdir við Rimaskóla í Grafarvogi því þar er ÍTR að láta setja upp

hjólábrettaðstöðu þar sem allir geta komið og rennt sér á hjólábrettum og línuskautum. Aðstaðan verður byggð upp á svipaðan hátt og brettagarðarnir sem fyrir eru við frístudamiðstöðvarnar Miðberg og Tónabæ. Þarna verða rampar, stökkpallar og rör af öllum mögulegum stærðum og gerðum.

**Asmi og þunglyndi** Börn á leikskólaaldri sem eru með asma geta átt frekari hættu á því en önnur börn að þjást af fælni, kvíða og þunglyndi á unglingsárum, samkvæmt nýrri rannsókn frá Ástralíu. Ef frekari rannsóknir staðfesta þetta gæti það reynst læknum mikilvægt að fylgjast sérstaklega vel með hegðunavanda hjá börnum með asma.

born@frettabladid.is



**ÚTSALA. ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR. ÞÚ GERIR ALLT TIL AÐ VERA FLJÓTUST**

FRÁ 20. JÚNÍ TIL 10. JÚLÍ ER HAGSTÆTT AÐ MÆTA MEÐAL ÞEIRRA FYRSTU Natuzzi býður núna upp á sérstaka útsölu með allt að 30% afslætti á völdum sófum, hægindastólum og öðrum aukabúnaði. Ítölsk hönnun, gæði og handbragð eru tryggð af Natuzzi, heimsins fremsta framleiðanda á leðursófum.

G/EDAframleiðsla frá Ítalíu - Vottað ISO 9001-14001  
Fáðu frekari upplýsingar eða ókeypis eintak af Natuzzi bæklingsnum. Hringdu gjaldfrjálst í síma 800-4477 eða smelltu á [www.natuzzi.com](http://www.natuzzi.com)

**NATUZZI**  
It's how you live

**Járn**

Járn er börnum mikilvægt og því nauðsynlegt að sjá til þess að þau fái nóg af því í fæðunni. Kjöt, hafrar og spínat eru dæmi um járnrika fæðu.



**stubbalubbar.is**  
Hárgreiðslustofa Helenu

Hárgreiðslustofa fyrir börn  
(einnig fulloröna)  
www.stubbalubbar.is  
S:586 1717

**DU PAREIL...au même**

Laugavegi og Kringlunni

**Útsalan í fullum gangi**  
**40% afsláttur**

P.S. Tilboð: Balu kjólar á kr 3.000

**ENGLABÖRNIN**

Laugavegi 51 • s: 552 2201

**ÚTSALAN**  
**í fullum gangi**

adams

Smáralind • sími 517 5330 • www.adams.is

**Talstöðin**  
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.  
Alla virka daga kl. 17:30

**MARKAÐURINN**



Tómas, Kristján og Sindri eru allir sammála um að það sé skemmtilegast að fá að spila.

## Skemmtilegast að fá að spila

Það er ýmislegt í boði fyrir krakka yfir sumartímann. Blaðamaður Fréttablaðsins fór á stúfana og hitti nokkra hressa krakka í Knattspyrnskóla FH í Hafnarfirði.

Flest íþróttafélög standa fyrir einhvers konar sumarnámskeiðum fyrir börn. Viða er boðið upp á leikjánaðmskeið og knattspyrnu-deildir margra félaga bjóða upp á knattspyrnskóla fyrir börn. FH, Fimleikafélag Hafnarfjarðar, starfrækir einn slíkan og á svæði félagsins við Kaplakrika má yfir sumartímann sjá óteljandi krakka í boltaleik.

**Stefna á atvinnumennsku**  
Sindri Jónsson, Kristján Helgi Hermannsson og Tómas Orri Kristinsson eru nú og tíu ára fót-boltakappar. Þeim þykir gaman í fótbolta og hafa allir verið áður í knattspyrnskóla FH. Aðspurðir segja þeir að skemmtilegast sé þegar þeir fá að spila en Kristján bætir því við að það sé líka mjög gaman þegar leikmenn úr meist-araflokki koma í heimsókn.  
Strákarnir ætla allir að halda áfram í fótbolta og stefna að sjálf-sögðu langt. „Mig langar að verða meistaraflokksmaður eins og pabbi,“ segir Tómas og hinir strákarnir eiga sér líka ákveðnar fyrirmyndir. „Ég held mest upp á Ronaldinho,“ segir Kristján. „Uppáhaldsfótboltamaðurinn minn er Hermann Hreiðarsson. Hann er líka frændi minn,“ segir Sindri. Strákarnir eru í fót-boltaskólanum frá klukkan eitt til fjög-ur og segjast ekkert verða þreytt-ir á því að spila fótbolta svona lengi. „Þetta er bara gaman,“ seg-ir Tómas.

**Skemmtilegast að spila**  
Margrét Benediktsdóttir og Guð-rún Höskuldsdóttir eru hressar fót-boltastelpur. Þær hafa verið áður í knattspyrnskólanum og líkar vel. „Fyrir kaffi gerum við alls konar æfingar á stöðvum og eftir kaffi spilum við. Það er skemmtilegast,“ segir Guðrún og Margrét tekur í sama streng.  
Stelpurnar eiga sér auðvitað fyrirmyndir í sportinu og ætla sér stóra hluti í boltanum í framtíð-inni. „Uppáhaldsfótboltamennirn-ir mínir eru Tryggvi og Allan í FH, þeir eru markahæstir í lið-inu,“ segir Margrét. „Mér finnst Ásgeir og Allan í FH bestir,“ seg-ir Guðrún.



Margrét 10 ára og Guðrún 9 ára. Þær segja að FH sé besta fót-boltaliðið og ætla sér stóra hluti í boltanum.



Sigurður Gísli er 10 ára og hefur verið í knattspyrnskólanum öll sumar frá því hann var sex ára. Uppáhalds fót-boltamaðurinn hans er Wayne Rooney.

Þótt stelpunum finnst lang skemmtilegast að spila fót-bolta gera þær sér ýmislegt annað til dundurs í sumar. Margrét er á leiðinni til Portúgals og Guðrún ætlar kannski að skreppa til Dan-merkur.

**Fimmta sumarið í knattspyrnu-skólanum**  
Sigurður Gísli Snorrason er ánægður með knattspyrnskól-ann og honum þykir þjálfararnir skemmtilegir. „Mér finnst

skemmtilegast að spila og æfa mig að skjóta á markið,“ segir Sigurður sem er nú í knattspyrnu-skólanum fimmta sumarið í röð.  
Sigurður er mikið í fót-bolta en gerir líka ýmislegt annað skemmtilegt í sumar. „Ég leik mér úti og í tölvunni og svoleiðis. Svo er ég að fara í ferðalag bráð-um. Við ætlum að fara upp á Arn-arvatnsheiði og vera þar í viku,“ segir Sigurður og er greinilega spenntur.

# Æsispennandi fána-leikur í Öskjuhlíð

**Fjörufærðir, sund, söngur og ratleikir er meðal þess sem börn upplifa í Útílfsskóla skáta sem rekinn er á sex stöðum í Reykjavík í samvinnu við ÍTR. Eldri krakkarnir fara líka í útílegu, klifur og bátsferðir.**

Hátt í fjörutíu börn úr útílfsskóla Ægisbúa eru í æsispennandi fána-leik í Öskjuhlíðinni þegar Fréttablaðsfólk ber þar að. Umhverfið er eins og í ævintýrabókum eftir Enid Blyton, skógur, klettur og meira að segja gamall múrveggur frá stríðsárunum. Vantar ekkert nema kastalann en auðvelt er að ímynda sér hann. Reykur liðast upp úr einnota grilli þar sem börnin höfðu stundu áður bakað sér brauð yfir eldinum. Við rétt misstum af þeirri upplifun.

Ægisbúar er skátafélag í Vesturbænum í Reykjavík sem teygir sig út á Seltjarnarnesið. Edda Björk Gunnarsdóttir er skólastjóri útílfsskólans þar. Hún upplýsir að hvert námskeið standi frá mánudegi til föstudags frá tíu til fjögur á daginn. Hópunum er skipt í tvennt, annars vegar sex til átta ára og hins vegar níu til tólf. Eldri börnin enda vikuna á að fara í útílegu eina nótt og fá þar að síga, klifra, róa og syngja við varðeld.

Edda Björk er spurð hvort hún sé að sá „skátafræjum“?

„Ég vona það,“ svarar hún brosandí. „Sumir koma aftur og aftur á námskeiðin. Við erum með einn sem er á öllum námskeiðunum í sumar og var líka í fyrra-sumar. Er samt ekki skáti og foreldrarir ekki heldur. Finnst þetta bara æðislegt. Kannski verður hann skátaforingi þegar fram líða stundir.“

Nú er flautað til að safna hópnum saman til myndatökunnar og börnin drífur að. Þau skjótast út úr skógarþykkninu og skondrast yfir virkisvegginn, hálf svekkt yfir að þurfa að hætta leik þá hæst hann stendur. Þau eru samt alveg til í að spjalla við blaðafólk-

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA



Hópur úr útílfsskóla Ægisbúa í ævintýralandinu Öskjuhlíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA



Lukkulákaleikur í fullum gangi.

id og lýsa fjálglega ýmsu því sem þau eru búnir að prófa, svo sem dorgi niður á höfn með veiðarfærum sem þau gerðu með eigin hendi. Nokkrir fiskar bitu á en

þeir fengu frelsi að nýju. Öll ljúka þau upp einum rómi um að skemmtilegt sé að vera í skáta-skóla.

gun@frettbladid.is

## ÚTSALA

Útsalan er byrjuð og hægt að gera góð kaup.

**BabySam**  
Skeifan 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200  
www.babysam.is

**Mikið úrval af brjóstgjafa- og meðgönguundirfatnaði í mörgum litum**

**Modurast**

Dalbrekku 28 • Kópavogi • Sími 564 1451  
www.modurast.is

Þær eru engin smásmíði sápukúlurnar sem hægt er að blása með þessu tæki.

Þetta sipputæki hefur alveg slegið í gegn í sumar.

Flugdrekar eru skemmtilegt útileikfang.

## Öðruvísi leikföng fyrir alla krakka

Með risasápukúlur, sipputæki og þrívíddarflugdreka út í sumarið.

„Við höfum lagt áherslu á að vera með allt öðruvísi leikföng en aðrar verslanir og krakkarnir elska það,“ segir Ingibjörg Hilmarsdóttir, eigandi verslunarinnar Einu sinn var. „Hér fæst ekki Lego, Barbie eða Bratz, en hins vegar allt mögulegt annað skemmtilegt eins og tæki til að blása risasápukúlur, sipputæki sem eru að slá í gegn og þrívídd-

arflugdrekar sem eru ofsalega flottir. Við leggjum áherslu á að flytja inn leikföng sem reyna á ímyndunarafli og sköpunargleði krakkanna og þau kunna vel að meta það. Meira að segja foreldrarir eiga í erfiðleikum með að slíta sig frá dótinu, enda margt til hér sem þau léku sér með sjálf.“

**982**  
BYLGJAN

Allir eru að hlusta!

**KOKOS-SISAL TEPPI**

Falleg - sterk - náttúruleg  
Verð frá kr. 2.840,- pr. m<sup>2</sup>

Súburlandsbraut 10  
Sími 533 5800  
www.sinnet.is/strond

**STRÖND**

**Hestaferð**

Tilvalin leið til að styrkja tengslin við náttúruna er að fara í hestaferð. Slikar ferðir bjóða upp á óþrúvísi sýn á landið en þegar ferðast er um á bíl eða fótgangandi.



**ÍS-land JÖKLASÝNING**

ÍS-land, jöklasýning á Höfn, Hafnarbraut 30, 780 Höfn í Hornafirði, sími: 478 2665 / 470 8050, opið allt árið, sjá: [www.is-land.is](http://www.is-land.is)

**BÆJARHÁTÍÐIN**

**Matur & menning 2005**

á Blönduósi helgina 15.-17. júlí

Skemmtilegar sýningar og dagskrá fyrir alla fjölskylduna

VIÐ ERUM ALLTAF NÁLÆGT

**16 HÓTEL ALLAN HRINGINN**

Verð frá aðeins **3.400 kr.** nóttin á mann

Allar nánari upplýsingar: [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is) Sími 444 4000

Opel Corsa eða sambærilegur

**Vika á Ítalíu**

**14.300\*** kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

\*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.

Bókaðu bílinn heima - og fáðu 500 Vildarpunkta

**50 50 600**

**Hertz**

[www.hertz.is](http://www.hertz.is)

**Bylgjan 98.9**

Lífsaugað Þriðjudagskvöld 22-24

Þórhallur miðill



Guðgeir Sigmundsson hverfur í veiðimennskuna fimm mánuði á ári, en honum finnst ekkert jafnast á við veiðar í íslenski náttúru.

## Fyrsti laxinn ólýsanlegt kikk

Guðgeir Sigmundsson er með veiðidellu og bíður allan veturinn eftir vorinu. Veturinn notar hann reyndar til að hanna og hnýta nýjar flugur og láta sig dreyma um þann stóra.

Blaðamaður hitti Guðgeir þar sem hann var staddur í Hálandsmiðstöðinni í Hrauneyjum með veiðihópnum sínum, en hann segir mikilvægt að vera hluti af góðum hópi í þessu sporti.

„Við erum miklir vinir og félagar og það skiptir gríðarlegu máli að menn þekkist vel og séu samtaka. Þetta er árleg ferð inn í Veiðivötn og við hlökkum til allt árið, enda alltaf jafn gaman.“

Seðlabanki Bandaríkjanna hefur hækkað stýrivexti. Er þetta níundi mánuðurinn í röð sem stýrivextir hækka. Helstu hagtölur gefa misvísandi mynd af ástandinu.

Seðlabanki Bandaríkjanna hefur hækkað stýrivexti um 0,25 prósent. Standa stýrivextir nú í 3,25 prósentum. Er þetta í takt við áætlun bankans um að hækka vexti skref fyrir skref og níundi mánuðurinn í röð sem stýrivextir hækka.

Er ætlunin með hækkininni að tryggja áframhaldandi hagvöxt en halda aftur af neyslu og verðbólgu. Búast má við að dalurinn styrkist í kjölfarið. Hagvöxtur í Bandaríkjunum var á fyrsta ársfjórðungi 3,8 prósent.

Í yfirlýsingu frá Seðlabankanum kom fram að þrátt fyrir hækkanði olíuverð væri ástand að öðru leyti gott: „Þrátt fyrir



miklar hækkanir á olíu, er hagvöxtur stöðugur og ástand markaða ágætt“.

Helstu hagtölur gefa hins vegar misvísandi upplýsingar um ástandið; atvinnuleysi hefur minnkað en meðaltekjur lækkað og óttast sumir hrun á húsnæðismarkaði.

Alan Greenspan seðlabankastjóri hefur þó litlar áhyggjur: „Húsnæðisblaðran springur ekki þótt þrenginga kunni að verða vart á einstaka svæðum“.

**ALAN GREENSPAN SEÐLABANKASTJÓRI BANDARÍKJANNA** Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti og freistar þess að tryggja áframhaldandi hagvöxt en koma í veg fyrir að neysla og verðbólga keyri úr hófi.

### SÖGUHORNID

## Bandaríkjadalur – 220 ára

Bandaríkjadalur var fyrst tekinn í umferð 6. júlí árið 1785 og er því 220 ára í dag. Orðið dalur er dregið af hinu spænska orði dolar og hann nefndur eftir spænski silfurmynt sem notuð var sem gjaldmiðill í amerísku borgarastyrjöldinni.

Dalurinn er opinber gjaldmiðill Bandaríkjanna en auk þess notast ríki á borð við Ekvador, El Salvador og Austur-Tímor við gjaldmiðilinn. Þá tengja mörg ríki gengi gjaldmiðils síns beint við Bandaríkjadal, til að mynda samsvarar einn dalur ávallt 1500 líbönskum lírum.

Flest ríki eiga varagjaldeyr-isforða sinn í Bandaríkjadöllum og raunar er það svo að hærri fjárhæð í dölum talið er geymd utan Bandaríkjanna en innan þeirra. Að sögn hagfræðinga leiðir þetta til þess að Bandaríkjamenn geta haldið uppi stöðugum viðskiptahalla án þess að dalurinn falli í verði.

Bandaríkjamenn hafa ávallt verið hrifnari af seðlum en mynt

og hafa allar tilraunir til þess að taka eins dala seðilinn úr umferð og setja mynt í staðinn verið þúfaðar niður.

Einn dalur samsvarar 100 sentum, tíu dalir eru kallaðir örn og þúsund dalir „grand“ eða einfaldlega „G“. Seðlarnir eru prentaðir í umboði bandaríska Seðlabankans af sérstakri stofnun sem kallast Stofnun prents og áritunar eða Bureau of Engraving and Printing.

Hundrað dala seðillinn er sá verðmætasti sem stofnunin prentar en áður fyrr voru til allt að 100 þúsund dala seðlar. Slíkir seðlar voru áður fyrr notaðir í viðskiptum milli banka eða við skipulagða glæpastarfsemi.

Richard Nixon gaf út forsetaskipun árið 1969 þar sem mælt var fyrir að prentun slíkra seðla skyldi hætt. Var tilgangurinn ekki síst sá að gera mafíósum lífið erfiðara, enda ekki fyrir hvern sem er að bera þungar skjalatöskur fylltar hundrað dala seðlum. Skyldi einhver hafa 100 þúsund dala seðil undir höndum þarf hann þó ekki að örvænta enda verða seðlar sem prentaðir hafa verið í Bandaríkjunum aldrei úreltir. -jšk



**NÝI TUTTUGU DALA SEÐILLINN** Það var glatt á hjalla hjá Alan Greenspan, seðlabankastjóra, og félögum er nýi tuttugu dala seðillinn var kynntur. Bandaríkjadalur var tekinn í notkun fyrir 220 árum.



**VOLVO**  
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á



**MIKLAR SVIPTINGAR** Um 27 prósent hlutur skipti um hendur í FL Group. Fyrirverandi eigendur vildu vera lengur inni og buðust til að kaupa stærsta hluthafann út. Næsta stóra verkefni FL Group er að komast yfir easyJet.

# Litu á FL Group sem framtíðareign

Baugur hefur náð meirihluta innan stjórnar FL Group. Samstarf Baugs og Hannesar Smárasonar hefur farið mjög vaxandi og mynda þessi aðilar eina öflugustu valdablokkina. Saxbygg leit á eignarhlut sinn í FL Group sem langtímafjárfestingu. FL Group ætlar sér að fjárfesta enn frekar í easyJet. Eggert Þór Aðalsteinsson fer yfir stöðu mála í einu af fjöreggjum þjóðarinnar.

Tímarnir hafa svo sannarlega breyst í rekstri FL Group síðan haustið 2001. Margir töldu sig þá sjá merki um að reksturinn væri kominn í það miklar ógöngur að hann stefndi í þrot. Gengi félagsins á markaði nálgast einn. Þá var gripið til róttækra aðgerða til að mæta þeim áföllum sem dundu á flugfélögum vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum. Í stuttu máli sagt hefur leið FL Group legið upp á við – eins og sönnu flugfélagi sæmir. Og miðað við þau átök sem áttu sér stað í síðustu viku er ljóst að margir telja sig geta náð enn meiru út úr rekstrinum.

## BAUGUR Í MEIRIHLUTA

Baugsmenn munu ná meirihluta í stjórn FL Group næst komandi laugardag þegar ný stjórn verður kjörin á hluthafafundi. Til stjórnar hafa meðal annars boðið sig fram Jón Ásgeir Jóhannesson og Skarphéðinn Berg Steinarsson, frá Baugi Group, og Magnús Ármann og Sigurður Bollason, nánir viðskipta-félagar Baugs.

Samstarf Jóns Ásgeirs og Hannesar Smárasonar, stjórnarformanns FL Group, hefur farið mjög vaxandi á undanförunum misserum. Þeir hafa fjárfest saman í Íslandsbanka og eru meðal stærstu hluthafa í Og fjarskiptum.

Meðal fyrirverandi hluthafa og stjórnarmanna voru hins vegar menn á borð við Einar Jónsson og Jón Þorstein Jónsson, kenndir við Saxhól, Gylfi Héðinsson og Gunnar Þorláksson, kenndir við BYGG, og Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáralindar. Þessir menn og Hannes Smárason höfðu átt farsælt samstarf á sviði fjárfestinga alveg frá því að Smáralindarverkefninu var hrundið í framkvæmd á síðasta áratug.

Svo kaldhæðnislega vill til að Jón Ásgeir kom við sögu í FL Group áður en Hannes Smárason og fyrirverandi tengdafadir hans, Jón Helgi Guðmundsson, keyptu um 39 prósent hlut í félaginu í byrjun árs 2004. Baugur seldi um fimmtungshlut á genginu nú í maí fyrir ári síðan. Þessi hlutur endaði svo hjá Saxbygg með milligöngu Landsbankans.

## SAXBYGG VILDI ÁFRAM

Ekki liggur fyrir hvað gerðist sem olli því að Saxbygg yfirgaf FL Group. Margt hefur verið sagt en fátt fengist staðfest. Þó er víst að næststærsti hluthafinn fór ekki frá borði með bros á vör. Það hlýtur að vera hugun harmi

gegn að gengishagnaður Saxbyggs, af þessari eins árs fjárfestingu, var um fjórir milljarðar króna. En hvernig fæst það staðist að Saxbygg og Mannvirki, eignarhaldsfélag Pálma, hafi keypt tveggja prósent hlut á genginu 15,8, af Árna Oddi Þórðarsyni og Þórði Magnússyni í Eyri fjárfestingarfélagi, aðeins tíu dögum áður en sömu aðilar seldu öll bréfin sín? Af hverju ganga menn frá verki sem er hálfnað? Það er til dæmis ljóst að áhugi FL Group á breska laggjaldaflugfélaginu easyJet hefur verið ótakmarkaður.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Saxbygg hafi boðið í hlut Oddaflugs, enda hafi félagið litið á fjárfestinguna í FL Group til langframa. Á endanum hafi stærsti hluthafinn, ásamt öðrum fjárfestum, keypt þann næststærsta út. Þess vegna virðist sem mikill ágreiningur hafi verið kominn upp meðal náninna viðskiptafélaga og á endanum hafi menn slitið sambúðinni.

Stjórnarformaðurinn var orðinn algjörlega einn á báti innan stjórnar þar sem þrír aðrir stjórnarmenn, til viðbótar við fulltrúa Saxbyggs, sögðu sig úr stjórn á sama tíma.

Samstarf Hannesar og Saxbyggs er þó enn til staðar. Runnur, sem er stór hluthafi í Og fjarskiptum, er í meðal annars eigu þessara aðila sem og Þorsteins M. Jónssonar, Magnúsar Ármanns og Sigurðar Bollasonar, tilvandi stjórnarmanna. Einnig liggja leiðir þeirra saman í gegnum Húsasmíðjuna.

## ÆTLA SÉR EASYJET

Augu FL Group beinast að, leynt og ljóst, easyJet. Hlutur FL Group er nú kominn yfir 11,5 prósent í easyJet samkvæmt tilkynningu til Kauphallarinnar á mánudaginn. Bendir þetta eindregið til þess að félagið ætli sér að auka hlut sinn. Þetta hefur verið ein besta fjárfesting Hannesar og félaga. Félagið keypti um tíu prósent hlut í easyJet í október árið 2004 þegar gengi flugfélagsins var í lágmarki og hafði fallið um tvo þriðju hluta frá áramótunum áður. EasyJet hefur tvöfaldast á þeim tíma sem liðinn er og markaðsvirði hlutarins vaxið úr sjö milljörðum í fjórtán að viðbættum síðustu kaupum. Verðmæti breska félagsins er um 120 mill-

jarðar eða þrefalt meira en virði FL Group.

Nýir eigendur FL Group gerðu grein fyrir áformum sínum í síðustu viku. „Mörg spennandi verkefni eru framundan hjá FL Group, bæði í fjárfestingastarfsemi, í flugvélavíðskiptum og í hefðbundinni starfsemi

félagsins í flugi og ferðaþjónustu. Sem dæmi má nefna að félagið hefur átt í viðræðum við aðaleiganda easyJet um nánara samstarf ...“ sagði Hannes Smárason í tilkynningu til Kauphallarinnar.

Talið er líklegt að breska yfirtökunefndin setji sig í samband við eigendur og stjórnendur FL Group eða ráðgjafa félagsins og óski eftir yfirlýsingu frá félaginu um hvort félagið hafi í hyggju að taka easyJet yfir. Nefndin leitar eftir upplýsingum frá félagum verði hún vör við óeðlilegar hreyfingar á markaði eða yfirlýsingar sem geta haft áhrif á verðmyndum hlutabréfa.

## ÞRÁNDUR Í GÖTU

Svo er mál með vexti að easyJet verður ekki yfirtekið með annarri hendi. Um 40 prósent hlutfjár eru í eigu stofnandans Stelios Haji-Ioannou og systkina hans. Hinn grískættadi Stelios þykir mjög litríkur kappi. Hann stofnaði easyJet árið 1995, á vörumerkið „easy“ og er frumkvöðull í atvinnurekstri á sviði laggjaldastarfsemi. Hann hefur ekki verið tilbúinn til þess að selja bréfin samkvæmt heimildum og hefur lýst því yfir að það sé ekki óeðlilegt að gengi easyJet sveiflist frá 150 pensum til 400 á hlut. Ef Stelios er ekki tilbúinn til að selja gætu stjórnendur FL Group brugðið á þann leik að kaupa sig upp í fimmtungshlut eða meira og gert yfirtökutilboð.

Í Vegvísi Landsbankans á dögum var sagt frá miklum vexti stærstu laggjaldaflugfélaganna í Evrópu, Ryanair og easyJet, sem var mun meiri en hjá stóru flugfélögum, Lufthansa og British Airways. EasyJet hefur aukid farþegafjölda sinn frá áramótum um 22 prósent miðað við sama tímabil í fyrra en Ryanair um 34 prósent.

Þróunin er sú að laggjaldaflugfélögin taka æ stærri skerf til sín í bransanum og FL Group ætlar ekki að missa af bestu bitunum.

## Stærstu hluthafar FL Group þann 5. júlí

1. Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf.	35,5% *
2. Katla Investments S.A.	17,7% **
3. Baugur Group	12,4%
4. Arion safnreikningur	3,3%
5. Íslandsbanki	2,0%

\* Hannes Smárason  
\*\* Kevin Stanford, Magnús Ármann og Sigurður Bollason



**STELIOS HAJI-IOANNOU**, aðaleigandi og stofnandi easyJet




**HANNES SMÁRASON**, stjórnarformaður FL Group



**JÓN ÞORSTEINN JÓNSSON**, fyrirverandi stjórnarformaður frá Saxbygg



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**, forstjóri Baugs Group



## VIÐ HVETJUM FYRIRTÆKI, STARFSMANNAFÉLÖG OG EINSTAKLINGA TIL AÐ LEGGJA OKKUR LIÐ



Það skiptir okkur öll máli

### Söfnunarsímar:

907-2001 og skuldfærast þá 1000 kr. af símareikningi

907-2003 og skuldfærast þá 3000 kr. af símareikningi

**Bankareikningur söfnunarinnar er 513-14-606030 kt. 511083-0369.**



Við höfum lagt 1.000.000 kr í söfnun  
Hjartaheilla og hvetjum önnur  
fyrirtæki til að leggja sitt að mörkum.

Hjartasjúkdómar snerta alla og iðulega fyrirvaralaust.

Á fimm daga fresti greinist barn á Íslandi með hjartagalla.

# Hringurinn, 1400 km á 15 dögum!

Fylgstu með í Íslandi í dag á Stöð 2.

Hjartaheill þakkar eftirtöldum fyrirtækjum stuðninginn, án þeirra væri þetta ekki veruleiki:



# Opera kemur *netinu* í alla síma

Eitt af upplýsingatæknifyrirtækjunum sem hefur vaxið og dafnað og skilað hagnaði undanfarin ár er Opera Software. Hinn íslenski Jón S. von Tetzchner er stofnandi og einn af stærstu eigendum þess í dag og er hlutur hans metinn á tæpa tvo milljarða. *Dögg Hjaltalín* hitti Jón og ræddi við hann um Opera software og starfsemi þess.

Jón S. von Tetzchner er stofnandi og eigandi í norska fyrirtækinu Opera Software sem hefur vaxið og dafnað vel undir hans stjórn. Opera Software selur vafra en það eru forrit til að skoða síður á netinu. Á hverjum degi hlaða 100 þúsund manns niður vafra Opera á heimasíðu fyrirtækisins. Opera Software er leiðandi í sölu á vöfrum í farsíma og Jón treystir því að vöxtur í sölu vafra í farsíma eigi eftir að koma fyrirtækinu langt.

Helstu tekjur fyrirtækisins eru frá vöfrum á pc tölvum og frá vöfrum í farsíma. Jón segir mikinn vöxt framundan í sölu vafra í farsíma og að innan fimm ára verði venjulegt að vera með vafra í farsímanum. „Við vorum þeir fyrstu sem sýndum að hægt væri að gera þetta á góðan hátt.“

Opera Software hefur vaxið hratt á undanförunum árum og er virði fyrirtækisins um 10 milljarðar íslenskra króna. Jón á í kringum 17 prósent í fyrirtækinu en það var skráð á norska hlutabréfamarkaðinn á síðasta ári. „Við vorum ekkert að flýta okkur á markað. Við byrjuðum tveir og réðum svo smátt og smátt fleiri starfsmenn og fórum bara á markað þegar okkur fannst við tilbúnir í það, ekki þegar einhverjir sögðu okkar að við ættum að gera það.“

Jón segir Opera vafra betri en aðra vafra til að mynda hvað varðar öryggi. Einnig segir hann notkun netsins vera hraðari með Opera vafra. Fólk eyði miklum tíma á Netinu og þá sé mikilvægt að geta unnið hratt. „Með góðum vöfrum er hægt að spara upp í 10 til 20 prósent af þeim tíma sem eytt er á Netinu. Þann tíma er hægt að nota í eitthvað annað, hvort sem það er að hugsa, skrifa eða vera með krökkunum þínum.“

## NETIÐ Í FARSÍMANN

Opera Software er leiðandi í framleiðslu á vöfrum í farsíma. Jón segir að hingað til hafi vafra í símunum verið lélegir og svokallað „wap“ verið notað til að fara á netið. „Nú er sami vafri í síma og pc tölvum. Nánast allar síður sem þú getur skoðað í síma.“ Meirihluti tekna Opera Software er að koma frá símahluta fyrirtækisins. 8,8 milljónir farsíma innihéldu vafra frá Opera Software. Árið áður voru tvær milljónir síma með vafra. „Það er ágætis vöxtur og við reiknum með góðum vexti í ár. Þetta er allt að ganga í rétta átt.“

Að undanförunu hefur Opera Software skrifað undir samninga við símaframleiðendur á borð við Nokia og Sony Ericsson um sölu á vöfrum. Einnig hafa símafyrirtæki á borð við T Mobile samið við Opera Software.

Ein af nýjungunum við Opera vafra í síma er að hægt er að sjá alla síðuna á glugganum. „Við erum stærstir í því en við erum enn litlir,“ segir hann og bendir á að af öllum þeim farsímum sem séu í notkun í heiminum séu einungis 8,8 milljónir síma með vafra frá þeim.“

„Við erum að selja vafra í allt því það eru svo margir hlutir þar sem gott er að nota tæknina.“ Jón segir þróunina vera þá að allar upplýsingar fari yfir vefinn.

Nettækni er hægt að nota fyrir hvað sem er að sögn Jóns og eru því vafra ekki einungis tengdir tölvum og símunum. Jón sér fyrir sér að sjónvörp verði komin með vafra innan skamms. „Það er hægt að gera miklu meira en fólk skilur. Það sem flestir sjá er texti og myndir en alvöruvafra geta keyrt forrit.“

## ERFIÐIR ANDSTÆÐINGAR

En er ekki erfitt að keppa við risann Microsoft, er spurning sem Jón heyrir oft. Hann segir málið ekki vera svo einfalt. Á upphafsmánuðum fyrirtækisins höfðu nokkrir starfsmenn ekki trú á að hægt væri að keppa við Mosaic, sem var vafriinn sem allir notuðu þá. „Svo kom Netscape og þá var sagt að enginn gæti verið í samkeppni við Netscape. Svo kom Microsoft, þá var sagt að það væri ekki hægt að vera í samkeppni við Microsoft. Þeir dræpu alla.“ Jón bendir á að þrátt fyrir þessa hörðu samkeppni hafi fyrirtækið vaxið um 30 til 50 prósent í tíu ár. Um 100 þúsund manns hlaða niður Opera vafra daglega. „Fullt af fólk er ekki ánægð með Explorer og ástæða þess að svo margir eru að skipta um vafra er vegna öryggismála.“ Jón segir Microsoft ekki hafa verið að vinna við sinn vafra síðustu fimm árin. „Þeir hafa ekki einu sinni verið að laga öryggisvandamál.“

Jón segir Operu geta orðið stærri en Microsoft og bendir á að vafra fyrirtækisins séu seldir í síma sem seljast mun meira en tölvur. Hann segir um milljarð af pc tölvum vera í notkun en á þessu ári seljist líklega 750 milljónir síma. „Það er markaður sem okkur tekst að ná á en við þurfum að vinna rosalega vel til að ná því. Við komum til með að reyna og sjáum svo til hvers langt við getum náð.“

Að undanförunu hefur Opera Software verið að skrifa undir samninga sem munu hjálpa til við að ná þeim markmiðum.

Jón segir Opera vera „insourcing“ fyrir-

tæki ekki „outsourcing“ eins og svo mörg fyrirtæki eru í dag. „Við reynum að gera allt sjálf. Það kostar miklu minna og við fáum betri gæði.“ Nefndi hann dæmi um kínverskan kokk sem eldar allan matinn í fyrirtækinu í stað þess að versla við hefðbundin mötuneyti.

Jón er með augun opin fyrir nýjum tækifærum og útilokar ekki að setja upp skrifstofu í Indlandi, sem hann segir mjög spennandi markað. „Við gætum nýtt mannaflann sem þar er en þá yrði það okkar mannafla en ekki“ outsourcing.“

## EITT ÆPREP Í EINU

Jón segist bara hafa byrjað í fyrirtækjarekstri. „Aðalmálið fyrir okkur var að okkur langaði til að prófa. Okkur langaði til að fá hlut í markaðnum og reyna okkur áfram og ég tel að við séum enn á leiðinni.“ Jón segir að nú 10 árum seinna séu starfsmenn fyrirtækisins orðnir 230 og gælir hann við það markmið að verða númer eitt. Nú viti langflestir á þessum markaði af fyrirtækinu. „Við erum ekki númer eitt á markaðinum á alheimsvísu en þegar við erum búin að ná því þá höfum við náð markmiði okkar. En við tókum bara eitt þrep í einu. Það verður rosalega gaman að vera númer eitt ef okkur tekst það.“

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Noregi en einnig er félagið með söluskrifstofur í Japan, Kína og Bandaríkjunum. En hvernig er viðskiptaumhverfið í Noregi? Jón segir skattkerfið í Noregi ekki hagstætt fyrir fyrirtæki en á móti komi að ýmsir kostir fylgi því að búa í Noregi. „Það eru kostir og gallar sem fylgja því að búa í Noregi. Það er gott að vera þar og öruggt eins og Ísland.“

Jón segir Norðmenn mjög duglega og það þyki eftirsóknarvert að vinna hjá Opera Software. „Fólk kemur til okkar og hjá okkur starfar fólk frá 30 löndum. Það kemur því frá



## Ætlaði að synda til Bandaríkjanna

Jón stakk sér til sunds á dögnum í ískaldan sjó, sem væri varla í frásögu færandi nema vegna þess að hann stefndi að því að synda til Bandaríkjanna með viðkomu á Íslandi. Jón segist hafa sagt hitt og þetta eins og venjulega á fundi. Einnhverra hluta vegna fannst samstarfsfélögum hans skemmtilegt að hann skyldi segja ætla að synda til Bandaríkjanna ef yfir milljón manns hlöðuðu niður Opera vafra á fjórum dögum. Niðurstaðan varð sú að yfir milljón manns hlöðu vafra um niður. Jón stakk sér því til sunds í Oslóarfirði og var með félagi sínum, sem hann segir hafa komið sér í þessa klípu. Sá var þó í gúmmibát vegna þess að hann kunni ekki að synda. „Svo kom gat á gúmmibátinn og félagi minn ósýndur þannig að ég þurfti að koma honum í land og hætta við ferðina. Hann kunni heldur ekki að lesa á kort en það er ágætt að hafa einhvern sem kann að lesa á kort til að segja manni hvert eigi að fara,“ segir hann og hlær.

hlutir þar sem gott er að nota tæknina.“ Jón segir þróunina vera þá að allar upplýsingar fari yfir vefinn.



„Við getum reynt að breiða út netið í Afríku. Opera vafriinn keyrir á 10 ára gömlum pc tölvum og þannig gætum við hjálpað með því að gefa vafra.“

## Hæfileikaríkur leiðtogi

Jón tók þátt í verkefni á vegum World Economic Forum. Hann er einn af 237 einstaklingum sem kallaðir eru til þátttöku í verkefnum.

Meðal annarra sem taka þátt í verkefnum eru Sergei Brin og Larry Page, stofnendur Google, leikkonan Julia Ormond, Viktoría Svíaprinsessa, Friðrik Danaprins, Mikael Saakashvili forseti Georgíu og Björn Lomborg tölfræðingur.

Leiðtogarnir sem tilnefnd-

ir eru í þennan hóp eru undir fertugu og hafa náð frama á ýmsum sviðum, svo sem í stjórnmálum, athafnalífi, menningu og vísindum. Fyrsti fundur hópsins var ráðstefna í Zermat í Sviss í nú nýlega.

Jón segir þetta hafa verið nokkurs konar yngri útgáfu af World Economic Forum. „Þarna var mjög mikið af skemmtilegu fólk og duglegu.“ Hann segir hópinn eiga að hafa áhrif vegna þess að

þarna hafi verið fólk sem gæti bætt heiminn.

Jón nefnir dæmi um hvernig hópurinn gæti haft áhrif. „Við getum reynt að breiða út netið í Afríku. Opera vafriinn keyrir á 10 ára gömlum pc tölvum og þannig gætum við hjálpað með því að gefa vafra.“

Jón var á dögnum einnig valinn einn af fremstu ungu stjórnendum á sviði stjórn- mála og viðskipta af viðskiptablaðinu Business Week.



Fréttablaðið/Valli

JÓN S. VON TETZCHNER, stofnandi og eigandi Opera software.

öllum heimshornum til að vinna fyrir okkur og með okkur.“

#### LÍTIL ÁHÆTTA

Jón stofnaði Opera Software ásamt félaganum, Geiri Ivarsoy. Upphafið að stofnun Opera Software má rekja rúm 10 ár aftur í tímann. Þá voru þeir að leggja lokahönd á verkefni fyrir norska símann, Telenor og voru að byrja á nýju. „Okkur þótti tækni at-  
hyglisverð og settum upp vefþjón í Noregi.“ Vefþjónn Jóns og félaga var sá fyrsti í Noregi og einn af 100 fyrstu í heiminum. Þeir voru að búa til allskyns tækni og þeim fannst gaman að búa til hugbúnað. Árið 1994 fór Opera Software að búa til vafra. „Í fyrsta lagi gátum við búið til eitthvað sem var jafn gott og til

var á markaðinum, númer tvö fannst okkur við eiga að geta verið í rannsóknarstörfum, við vorum að búa til okkar eigið forrit og leika okkur með það forrit. Hvernig var þá hægt að búa til nýja tækni sem gerði kleift að vinna með netið, þetta var hugsunin hjá okkur.“

Það tók Jón og félaganum hálf tveggja ára til vafra en Jón segir Telenor ekkert hafa vitað hvað ætti að gera við hann. Á þeim tíma var Telenor að einbeita sér að símamarkaðnum og hafði því lítinn tíma og áhuga á hlutum tengdu internetinu. „Telenor var ekki að sinna hugbúnaði fyrir eitthvert internet sem enginn vissi hvað var,“ segir hann.

Jón og félagar stofnuðu því eigið fyrirtæki og gerði góðan samning við Telenor að Jóns

sögn og áhættan var lítil. „Fyrirtækið kostaði okkur ekkert. Telenor fékk ókeypis notkun að forritinu um tíma og við leigðum ódýrt af þeim. Ef við hefðum farið á hausinn fyrsta árið hefðum við fengið að fara til baka til Telenor.“

Opera Software bæði gefur og selur vafra fyrir pc tölvur. Ókeypis útgáfunni fylgir smá auglýsing í horninu en Jón segir talsvert marga borga fyrir vafrann.

Jón er fæddur á Íslandi og ólst hann upp á Seltjarnarnesi en faðir hans er norskur. „Ég hef búið næstum því jafn lengi í Noregi og á Íslandi. Ég er meiri Íslendingur en nokkuð annað.“ Eftirnafn Jóns Tetzchner hljómar hvorki íslenskt né norskt og hann segir ágætt að hafa nafn sem enginn annar hefur.

## Hvað er vafri?

Til að skoða vefinn á netinu þarf vafra. Frægasti vafrinn er eflaust Microsoft Internet Explorer sem eingöngu er fáanlegur á ensku. Opera Software framleiðir einnig vafra undir nafninu Opera en þeir eru fáanlegir á íslensku. Einnig var til annar vafri á upphafstímum netsins sem hét Navigator.

Vafrinn er notaður til að finna þá síðu eða vefsetur sem notandinn vill skoða og lesa. Vafrinn er svo notaður til að flakka fram og tilbaka á netinu. Enska orðið yfir vafra er browser.

Vafra má nota í öðrum tækjum en tölvum, til að mynda í farsímum og sjónvörpum.

Dæmi um vafra:



**Jón bendir á að þrátt fyrir þessa hörðu samkeppni hafi fyrirtækið vaxið um 30 til 50 prósent í tíu ár. Um 100 þúsund manns hlaða niður Opera vafranum daglega.**

## AURASÁLIN

## Bjartsýn Aurasál

**Vinir Aurasálarinnar** í íslenskum bankastofnunum eru farnir að verða býsna pirraðir á raunsæi Aurasálarinnar. Þannig er nefnilega mál með vexti að bankamenn nærast á örökrétttri bjartsýni og í þeirra augum eru allir efasemdar-menn gleðispillar, úrtöllumenn og – verst af öllu – fulltrúar gamla hagkerfisins og fúndamentalistar.

**Einn vinur Aurasálarinnar** er búinn að reikna það út að með sama áframhaldi muni Úrvalsvisitalan fara í sex þúsund stig fyrir áramót. Hann telur fáránlegt að hún hafi lítið hækkað í ár en gleðst þó vegna þess að það þýðir augljóslega að markaðurinn á hækkanir inni. „Það hefur verið hagnaðartaka í gangi,“ segir vinur Aurasálarinnar en þeir eiga það sameiginlegt vinir Aurasálarinnar í bankaheiminum að fátt fer meira í tugarnar á þeim heldur en hagnaðartaka. Pappírshagnaður er hins vegar í góðu lagi en um leið og menn fara að breyta honum í peninga þá renna tvær grímur á bankamennina. „Hagnaður er ekki til að taka hann. Hagnaður er til þess að gíra sig upp“ stendur skrifad stórum stöfum fyrir ofan vinnustöð verðbréfamiðlaranna í einum banka þar sem Aurasálin þekkir til. „Bankalán er betra en barnalán,“ segir á sambærilegu skilti í öðrum banka.

**Annar vinur Aurasálarinnar** spáir því að KB banki muni halda áfram að tvöfaldast á hverju ári næstu tíu árin. Það þýðir að eftir tíu ár verði bankinn um þúsund sinnum verðmætari en núna. Markaðsverðmæti KB bankans árið 2015 verður því um 350 þúsund milljarðar. Aurasálin benti vini sínum á að slík breyting hefði í för með sér að markaðsvirði KB banka yrði um það bil tíu sinnum hærra en Exxon Mobil sem er um þessar mundir verðmætasta hlutafélag heims. Vinur Aurasálarinnar hló að þessu og sagði: „Vertu ekki með þessa svart-sýni.“

**En þarna liggur hundurinn grafinn.** Aurasálin er ekki svart-sýni. Reyndar er Aurasálin svart-sýni á framtíðina en hún er hins vegar ákaflega bjartsýni á fortíðina. Aurasálin telur til dæmis að ávöxtun hlutabréfa í fortíð hafi verið mjög góð og telur að það hefði verið mjög góð ástæða til bjartsýni fyrir þremur árum á hlutabréfamarkaði. Sá tími er hins vegar liðinn. Þetta kallast ekki svart-sýni heldur raunsæi. Aurasálin segir ekki að glasið sé hálf-tómt. Það eina sem Aurasálin sér þegar hún sér hálf glas er að það er búíð að drekka besta hlutann af vatninu í glasinu og vonði helmungurinn er eftir.

**Aurasálin er líka mjög bjartsýni** á framtíð heimsmála í fortíðinni. Aurasálin telur að fólk hafi almennt átt mjög bjarta framtíð fyrir sér á liðnum áratugum og yfir þessu gleðst hún. Það er hins vegar þannig með framtíðina að hún er mikið breytt. Framtíð gærdagsins er ekki sama framtíð og framtíð dagsins í dag, en framtíð fortíðarinnar batnar eftir því sem tíminn líður af því að óvissunni er eytt, en óvissan er einmitt einn helsti ókostur framtíðarinnar.

## Hafnaði pólitík og er heillaður af viðskiptum

Gunnlaugur Sigmundsson hefur rekið hugbúnaðarfyrirtækið Kögum af miklum krafti. Fyrirtækið hefur vaxið hratt og ekki látið glepjust þegar gleðin og bjartsýnin hefur náð hámarki. Hafliði Helgason spjallaði við Gunnlaug um fyrirtækið og ferilinn í pólitík og embættismennsku.

Gunnlagur Sigmundsson, forstjóri Kögunar, segist ekki geta hugsað sér að stíga út úr viðskiptalífínu meðan svona mikið sé að gerast þar. „Konan segir að ég sé búinn að svíkja loforð um að fara að hægja á mér. Það er bara svo gaman að fylgjast með ungu strákunum í viðskiptalífínu; þeir eru svo frjóir og hlaupa svo hratt.“ Hann segir breytingar á bankakerfinu eiga mikinn þátt í þessu. „Hér áður réðu gömlu skömmunarstjórnir. Nú ræður fólk sem viðurkennir ekki gömlu goggunarröðina. Auðvitað krossleggur maður fingurna og vonar að maður sitji ekki eftir fimm ár og hlutirnir í rúst. Ég held að það fari aldrei allt.“ Gunnlaugur glottir lítilliga yfir því hversu stjórnmálamenn eiga erfitt með að þola að þeir haldi ekki lengur um taumana í viðskiptalífínu.

## FJÓRIR TÍMAR Í UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNI

Sjálfur kom hann við í stjórnmálalífínu eftir feril sem embættismaður. Fyrst átti hann fjögurra klukkutíma feril í utanríkisþjónustunni og síðan tæpan áratug í fjármálaráðuneytinu. „Ég held að þetta sé stysti ferill í utanríkisþjónustunni sem um getur. Ég byrjaði þar að morgni og var farinn um hádegi.“ Jón Sigurðsson, síðar forstjóri Járblendifélagsins hafði samband við Gunnlaug og bauð honum starf í fjármálaráðuneytinu þar sem hann hafði unnið með námi í viðskiptafræði. Eftir fjármálaráðuneytið vann Gunnlaugur hjá Alþjóðabankanum í Washington.

Síðan tók pólitíkin við. Hún átti ekki við hann. „Það er bráðnaudsynlegt hlutverk í samfélaginu að vera í pólitík. Ég sá bara ekki að það þyrfti að vera mitt hlutverk. Ég átti val og mér fannst á öðru ári að allt væri að endurtaka sig. Ég var farinn að vona að kjörtímabilið yrði ekki nema tvö ár. Ég var búinn að vinna sem embættismaður í samstarfi við stjórnmálamenn, þannig að þetta var ekki alveg nýtt fyrir mér. Mér fannst hins vegar mjög gaman að vinna í kjördæminu og hitta fólk.“ Gunnlaugur ákvað að yfirgefa pólitíkin. „Ég hef bara vissu fyrir því að ég eigi eitt líf og mér fannst þetta leiðinlegt. Ég fór ókallinn á hjarta út úr pólitíkinu sem ég held að fremur fáir menn hafi gert.“

## NIÐURDREPANDI AÐGERÐARLEYSI

Reyndar var Gunnlaugur fyrst forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins. „Það var mjög sérstakur lærdómur að útdæla peningum með skömmunarhætti. Mér líkaði það ekki.“ Stofnunin var lögð niður og Gunnlaugur vildi ekki starf forstjóra Bygðastofnunar. „Ég var án atvinnu í sex mánuði sem er líka lærdómur. Ég hef lent í því tvisvar á ævinni. Maður sér lífið og umhverfið í öðru ljósi þegar maður hefur lent í þessu. Það er ekki skemmtilegt. Þegar maður er búinn að lesa blöðin tvisvar um morguninn og farinn að fletta þeim í þriðja sinn og reyna að hugsa hvern maður eigi að heimsækja í dag. Svo þegar maður kemur í heimsókn sér maður að viðkomandi hefur nóg annað að gera.“ Þróunarfélagið var næsta verkefni þar sem hann sinnti í átta ár og þá tók Kögum við.

Gunnlaugur hefur ekki þurft að kvarta undan aðgerðarleysi undanfarnar ár. Kögum er öflugt hugbúnaðarfyrirtæki og silgdi nokkuð lygnan sjó í gegnum niðursveiflu í þeim geira þegar netbólán sprakk. „Hinir voru allir að gera eitthvað spennandi, skapa eitthvað meðan við vorum bara að reka verksmiðju. Verksmiðja tekur vöru inn og skilar vöru út. Það er auðvitað voðalega „dull“ og hættan hjá okkur

**Hjá Kögum störfuðu tuttugu manns þegar Gunnlaugur byrjaði. Nú starfa um þúsund manns hjá samstæðunni og veltan er tuttugu milljarðar.**



**DYRNAS HAFA OPNAST** Gunnlaugur Sigmundsson, forstjóri Kögunar, segir frumkvöðla útrásarinnar hafa opnað dyr erlendra bankastjóra fyrir aðra íslenska kaupþýslumenn.

ad á uppgangstímum vilji enginn vinna í verk-smiðju.“ Gunnlaugur segir að skemmtilegar hugmyndir séu skoðaðar út frá því hvort þær passi á færbandið. Hjá Kögum störfuðu tuttugu manns þegar Gunnlaugur byrjaði. Nú starfa um þúsund manns hjá samstæðunni og veltan er tuttugu milljarðar.

Við skoðum matseðilinn og Gunnlaugur spyr hvort ekki þurfi að velja eitthvað af honum sem líti vel út á prenti. Ég dreg úr því. Sjálfur segist hann hrifinn af kjötbollum í brúnni sösu með sultu, enda herramanns matur sem stendur alltaf fyrir sínu. Okkur list báðum vel á norrænt tapas sem reynist ljómandi gott og lítur fallega út á diskunum.

## SÁRSKAUKAFULL YFIRTAKA

Kögum réðst í yfirtöku Opinna Kerfa fyrir nokkrum mánuðum. Gunnlaugur segir að yfirtakan hafi verið sársaukafull. „Þetta var sársaukafull aðgerð fyrir okkur sem að henni stóðum ekkert síður en fyrir þá sem urðu fyrir henni. Fólkíð í forystu Opinna Kerfa voru vinir okkar til tveggja áratuga og Frosti hafði reynst samstarfsmönnum mínum, Erni Karlssyni og Vilhjálmi Þorsteinssyni mjög vel þegar þeir voru að fara af stað.“ Gunnlaugur segir að stöðumatið hafi verið að annað hvort fyrirtækið myndi taka hitt yfir. „Við ákváðum að vera fyrri til.“

Opin kerfi eru stór í sölu vélbúnaðar hér á landi. „Sala vélbúnaðar er allt annar bisness en hugbúnaðarframleiðsla og við gerum okkur grein fyrir því að það eru aðrir sem kunna það miklu betur en við.“ Kögum hefur því stofnað sérstakt félag utan um tölvusöluna og þar eru komnir inn nýir hluthafar með þekkingu á slíkri sölustarfsemi.“

Kögum hefur fjárfest erlendist og reynt fyrir sér í ýmsum verkefnum. Gunnlaugur segir

ad brautin hafi verið rudd af ungum íslenskum kaupþýslumönnum. „Núna þegar maður biður um viðtal við erlendan bankastjóra, þá fær maður viðtal og það er ekki nema vegna þess sem Jón Ásgeir og hans líkar hafa verið að gera. Þeir eru búnir að opna leið fyrir okkur hina.“

## HAMAST Á TÖLUNUM

Kögum hefur náð athyglisverðum árangri undanfarnar ár og Gunnlaugur segir að alltaf hafi verið horft stíft á niðurstöðutölurnar. „Ég veit ekki mikið um hugbúnaðariðnað. Ég er viðskiptamenntaður og þekki ekki innviði hugbúnaðarkerfa. Ég er með samstarf við tvo menn, Örn Karlsson og Vilhjálmi Þorsteinsson, sem gjörþekkjá innviðina. Þeir segjast hafa komist að þeirri niðurstöðu fyrir löngu að það eigi að vera rekstrarmaður sem rekur hugbúnaðarfyrirtæki og á milli okkar er góð verkaskipting. Þeir kafa inn í framleiðsluvöruna og ég hamast á tölunum.“

Það er ekkert sem bendir til þess að Kögum sé að hægja á sér og allt óvíst um það að Gunnlaugur efni loforð við eiginkonuna um að fara að hægja á sér. Hann hefur ekki komið sér upp áhugamálum. „Ég er að gera það sem mér finnst skemmtilegast og það eina sem ég hef áhyggjur af er að ég þurfi að fara að finna eitthvað annað en viðskiptin sem mér finnst skemmtilegt. Ég hef ekki fundið neitt enn þá. Ég sé mig ekki fyrir mér setjast að morgni með kaffibolla, frimierkjatöng og frimerkjabók. Ég hef bara ekki þá sýn.“ Gunnlaugur nefnir það enn að hann hafi ekkert garanti fyrir nema einu lífi. „Ef maður fær fleiri þá veit maður ekki í hvaða samfélagi maður fæðist. Maður gæti eins fæðst sem lægsta stétt á Indlandi. Ef það gerist, þá veit ég hvað ég geri. Þá ætla ég að vera uppreisnarmaður gegn ríkjandi kerfi.“

Hann segist geta hugsað sér að reka skóbúð við Laugavegin í ellinni. „Það er fínt að vera í rekstri ef maður er hvorki með viðskiptavinum né starfsmenn.“ Og skilyrðið er væntanlega að saltið í grautinn sé tryggt.

## HÁDEGISVERÐURINN

Með Gunnlaugi Sigmundssyni forstjóra Kögunar

Hádegisverður fyrir tvo  
Vox, Hótel Nordica

Nordic Tapas:  
Marinerud síld, reyktur lax, söltuð hrogn og fleira borid fram með tvenns konar braudi.

## Drykkir

Vatn  
Kaffi  
Alls 4.630 krónur



**Humarhúsið**  
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

# Gangráður lækna þunglyndi

Bandarískur vísindamaður hefur fundið upp gangráð sem græddur er í brjóst sjúklinga og sagður lækna þunglyndi með því að senda rafstrauma til heilans.

Vísindamenn telja að gangráður sem komið er fyrir í brjósti sjúklings geti læknað þunglyndi. Tæknin, sem einnig hefur reynst Parkinson-sjúklingum vel, örvar heilastarfsemina með því að senda rafstrauma til heilans eftir þar til gerðum leiðslum.

Breskir taugasérfræðingar hyggjast notfæra sér þessa nýju tækni eftir að prófanir í Bandaríkjunum gáfu góða raun.

Tæknin byggir á tilraunum bandaríska vísindamannsins Helen Meyberg sem græddi gangráð á stærð við eldspýtu-stokk í brjóst fjögurra sjúklinga og sendi rafstrauma til heilans eftir örmáum vír-



um sem græddir voru í háls sjúklinganna.

Ári seinna sögðu allir sjúklingarnir líðan sína betri og að engar aukaverkanir hefðu fylgt aðgerðinni.

Mayberg segir uppfinninguna byltingarkennda en að ígræðsla gangráðs sé algert örvæntingarúrræði: „Meðferðin er ætluð þeim allra veikustu. Tíu prósent fólks stríðir við alvarlegt þunglyndi einhvern tíma á ævinni. Hefðbundin meðferð hjálpar ekki tíu prósent þeirra. Gangráðurinn er ætlaður þeim“. -jsk

**HEFÐBUNDINN GANGRÁÐUR** Dr. Sung Lee græddi hjartagangráð í Dick Cheney varaforseta Bandaríkjanna. Hann hefur þó væntanlega ekki enn þá handfjatlað heilagangráðinn sem vísindamenn segja lækna þunglyndi.

# Apple ritskoðar podcasts

Apple hyggst halda 3 þúsund þátta gagnagrunn af stafrænum útvarpsþáttum.

Fyrirtækið mun skoða hvern einasta þátt sem settur verður inn á iTunes.

Apple hefur í hyggju að ritskoða alla podcast-þætti sem settir verða inn á tónlistarforritið iTunes. Nýjasta útgáfa forritsins mun innihalda búnað til að hala niður slíka þætti en þeir fara nú sem eldur í sinu um internetið.

Podcasts eru stafrænir útvarpsþættir sem nánast hver sem er getur tekið upp, aðeins þarf til tölvu, internettingu og hljóðnema.

Apple hyggst halda 3 þúsund þátta gagnagrunn og getur hver sem er sent inn þátt en fyrirtækið mun svo ákveða hvaða þættir komast inn á hinn endanlega

lista. „Nú komast stafrænar útvarpsendingar á næsta stig“, sagði Stan Ng markaðsstjóri Apple Ipod og bætti við: „Með þessu erum við að auðvelda fólki að hala niður, hlusta á og koma skipulagi á safn sitt af slíkum þáttum“.

Ng sagði Apple ekki hafa í hyggju að selja þættina og að ekki væri um beina ritskoðun að ræða: „Við erum ekki að skerða tjáningafrelsi fólks, aðeins að sjá til þess að höfundarréttarlög séu ekki brotin og að óæskilegt efni komist ekki í fjöldadreifingu“. -jsk

## IPOD SHUFFLE

Apple hyggst gera notendum iTunes forritsins kleift að hala niður stafrænum útvarpsþáttum. Segir talsmaður fyrirtækisins að með þessu sé verið færa útgáfu slíkra þátta á næsta stig.



# Þriðjungur ólöglegur

Einn af hverjum þremur geisladiskur sem seljast í heiminum er ólöglegt eintak, kom fram á ársfundi Alþjóðasamtaka tónlistarframleiðenda (IFPI) sem haldinn var í Madrid á dögunum.

Velta ólöglegar sölu geisladiska á heimsvísu var á síðasta ári um 300 milljarðar króna. Segja forsvarsmenn samtakanna hagnað af sölnunni notaðan til að fjármagna skipulagða glæpastarfsemi.

Verst er vandamálið í Kína, þar sem 85 prósent seldra hljómpatna eru ólögleg, í Brasilíu og á Indlandi: „Við þurfum að fá ríkisstjórnir til að samhæfa aðgerðir sínar og koma tónlistariðnaðinum til bjargar“, sagði John Kennedy forseti IFPI.

1,2 milljarður ólöglegra



**ÓLÖGLEG** Kona grúskar í geisladiskum hjá götusala í Peking. Í Kína eru 85 prósent allra geisladiska sem seljast ólöglegir.

geisladiska voru seldir árið 2004 og er það 34 prósent heildarsölu.

Fundur IFPI er venjulega haldinn í London en í ár var ákveðið að halda hann í Madrid til að undirstrika hversu slæmur vandinn er á Spáni: „Við áttum okkur alveg á því hvað ólögleg sala geisladiska er að gera spænsku tónlistarlífi. Það mun algerlega lognast út af ef fram heldur sem horfir“, sagði Kennedy. -jsk

# Stjórna áfram ofurtölvum

Bandaríkjamenn hyggjast ekki láta óháðum aðilum eftir að stýra umferð um netið eins og þeir höfðu áður lofað. Japanskir ráðamenn segja ákvörðunina líklega til að valda miklum deilum.

Bandaríkjamenn hafa frá upphafi stjórnað svokölluðum „rótarþjónum“, sem eru þrettán ofurtölvur sem sjá um að umferð á internetinu gangi vel fyrir sig með því að senda fyrirmæli til netþjóna og tölvupóstþjóna.

„Það er fáránlegt að stjórn umferðar á netinu sé í höndum eins ríkis þegar fyrirbærið er orðið jafn alþjóðlegt og raun ber vitni. Þeir eru að ganga á bak orða sinna“, sagði Masashiko Fujimoto, háttsettur embættismaður hjá japanska Samskiptaráðuneytinu.

Bandaríkjamenn hafa frá upphafi haft umsjón með ofurtölvunum þrettán og réttlætt hana með því að þeir hafi lagt mest fé til þróunar internetsins. Margir vilja láta stjórnina í hendur stofnunar á vegum Sameinuðu þjóðanna. -jsk

Á NETINU Skyldi þessi kona vita að Bandaríkjamenn gegna hlutverki umferðarlöggu á internetinu?




# Sérðu stundum ekki skógininn fyrir trjánnum?



Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ákæran í Bausmálinu eru vond tíðindi.

## Samfélagið skaðast

Hafliði Helgason

Ákæra á hendur eigendum og fyrrum stjórnendum Baugs er ekki bara áfall fyrir einstaklingana og fyrirtækið, heldur samfélagið allt. Rannsókn málsins hefur þegar stórskaðað fyrirtækið og líklegt er að skaðinn af rannsókninni og ákærinni sé margfalt meiri en sá skaði sem meint brot gætu hafa valdið fyrirtækinu reyndust þau sönn.

Jón Ásgeir Jóhannesson hefur á undanförunum árum unnið sér sess í bresku viðskiptalífi og notið óskoraðs trausts þarlendra viðskiptamanna og stórra banka. Það er mikið afrek. Nú eru blikur á lofti og samstarfsmenn hans í Bretlandi ókyrrast vegna ákærunnar í málinu.

Ómögulegt er á þessu stigi að segja hver niðurstaða þessara mála verði. Hinir ákærðu í málinu hafa allir lýst yfir sakleysi sínu og um þá gildir sú regla að maður er saklaus uns sekt er sönnuð.

Hitt er svo annað að við rannsókn málsins virðist lítið hafa verið horft til tímasetningar og hagsmuna þeirra sem rannsóknin beindist að. Tímasetning húsléitar við upphaf rannsóknar olli Baugi milljarða tjóni með því að sópa þeim frá samningaborði í kaupum á Arcadia. Kaup sem færðu Philip Green tugi milljarða í hagnað og Baugur hafði átt frumkvæði að. Lok rannsóknarinnar eru einnig á tímamarki þar sem Baugur er að leggja lokahönd á tilboð í bresku verslunarkeðjuna Somerfield. Umfang þess verkefnis er á annað hundrad milljarða króna. Við gerum kröfu um að gyðja réttlætisins sé með bundið fyrir augun, en enginn ætlast til heyrnarleysis af henni.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs er að mörgu leyti dæmigerður fyrir nýja kynslóð í íslensku viðskiptalífi. Djárfur í aðgerðum, útsjónarsamur og skjótur til ákvarðana. Hann og hans líkar hafa skapað gríðarleg verðmæti á undanförunum árum og snúið hjólum efnahagslífsins. Umhverfið er nýtt og við slíkar breytingar reynir á þanþól ýmissa þátta í samfélaginu. Meðal þess eru valdmörk stjórnmálamanna og viðskiptalífs, sumum stjórnámálönnum til líftillar gleði.

Sú kynslóð sem hóf sína glæsilegu vegferð í viðskiptalífinu fyrir um áratug hefur ekki alltaf farið varlega. Áhætta þeirra og einstakar aðgerðir hafa eflaust orkað tvímælis. Sköpunarmátturinn hefur verið ótrúlegur. Hitt er annað að þessi kynslóð viðskiptamanna hefur tekið út mikinn þroska á þessu tímabili og ákvarðanir og aðgerðir byggjast nú á meiri þekkingu, yfirvegum og varkárni en var í upphafi. Þessi þróun er sprottin af þeim vilja sem verður til í nýfrjálsu viðskiptalífi að það er hagur allra að leikreglur séu virtar og sanngirn gætt. Sú þróun mun halda áfram.

Jón Ásgeir er engin undantekning frá kynslóðinni. Hann hefur tekið út mikinn þroska sem kaupsýslumaður og sýnt á undanförunum árum að hann er jafnoki þeirra bestu á velli viðskipta í heiminum. Það er í sjálfu sér mikil auðlind. Hvernig sem á það er lítið hefur Bausmálið valdið miklum skaða. Verkefnið nú er að lágmarka þann skaða sem það mun valda í framtíðinni.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is  
hafliði@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | thkjart@markadurinn.is

# Hversu virkur er hinn almenni hluthafi?

ORD Í BELG

Lilja Dóra Hall-dórsdóttir lögfræðingur og MBA. Aðjunkt, Háskólanum í Reykjavík



fjárhagslegir hagsmunir liggja undir og fjárfesting oft til lengri tíma. Hinn almenni fjárfestir, almenningur, hefur sjaldan sömu möguleika á að fylgjast með. Fyrir kemur að þessir aðilar heyri fyrst í fjölmiðlum um veigamiklar stefnubreytingar.

ÍSLENSKIR HLUTHAFAR ENGIR „KVERÚLANTAR“

Án þess að fara nánar út í umræðuna um rétt minnihluta hluthafa, þá væri forvitnilegt að skoða hvað hinn almenni íslenski hluthafi er virkur á hluthafafundum. Notar hann að jafnaði rétt sinn til að taka til máls,

krefjast upplýsinga og bera fram tillögur? Eithvað segir mér að það sé býsna fátítt og samkvæmt óvísindalegri könnun sem ég gerði meðal kunningja, þá þótti það jafnvel merki um „kverúlantahátt“ að standa upp á hluthafafundi og spyrja spurninga. Það þætti jafnvel merki um persónulega gagnrýni á stjórnendum.

Á flestum hluthafafundum eru fluttar þær ræður sem stjórnendum þurfa að flytja, en að öðru leyti virðist lítið um umræður. Það þarf auðvitað ekki að merkja annað en að stjórnendur komi máli sínu vel og skilmerkilega til skila og að hluthafar séu fyllilega sáttir við þær upplýsingar sem þar komi fram. Almennir hluthafar virðast sjaldan krefja stjórnendur svara um stefnu og stefnubreytingar, stórar fjárfestingar og jafnvel ekki stefnumörkun sem skiptir þá verulegu máli eins og arðgreiðslustefnu. Þetta á jafnvel við þótt heyrst hafi af ágreiningi innan stjórnarinnar. Í þessu samhengi verður fróðlegt að fylgjast með væntanlegum hluthafafundi FL Group þar sem um fjölda smærri hluthafa er að ræða og mismunandi skoðanir virðast hafa komið upp innan stjórnar um stefnumörkun.

FUNDARMENNING

Annað sem forvitnilegt væri að skoða í víðara samhengi er hversu vel „litli hluthafinn“ mætir á hluthafafundi. Svo ég vitni aftur í mína óvísindalegu könnun, þá virðist sem menn telji oft ekki taka því að mæta – allt sé hvort sem er ákveðið fyrirfram. Í ljósi lögbundinna réttinda hluthafa hljómar þetta kannski undarlega, en þegar menn kunna ekki einu sinni við að spyrja spurninga, þá er kannski ekki furða.

HIN ÍSLENSKA HLUTHAFAFUNDARMENNING?

Það hlýtur þó að teljast af hinu góða fyrir fyrirtæki að almennir hluthafar mæti á hluthafafundi og sýni málefnum félagsins áhuga og stuðli að málefnalegri umræðu. Ég er nokkuð viss um að stjórnendur fagni því almennt að fá tækifæri til að svara spurningum og njóta virks aðhalds frá eigendum. Í þessu ljósi má spyrja hvort ekki sé kominn tími til að breyta kverúlantaviðhorfunum – ef rétt eru. Fundir eru einmitt til þess að umræða fari fram, annars væri algvænt að lesa tilkynningar og greiða atkvæði um málefni hluthafafélaga á internetinu.

**Lok rannsóknarinnar eru einnig á tímamarki þar sem Baugur er að leggja lokahönd á tilboð í bresku verslunarkeðjuna Somerfield. Umfang þess verkefnis er á annað hundrad milljarða króna. Við gerum kröfu um að gyðja réttlætisins sé með bundið fyrir augun, en enginn ætlast til heyrnarleysis af henni.**



**Eithvað segir mér að það sé býsna fátítt og samkvæmt óvísindalegri könnun sem ég gerði meðal kunningja, þá þótti það jafnvel merki um „kverúlantahátt“ að standa upp á hluthafafundi og spyrja spurninga. Það þætti jafnvel merki um persónulega gagnrýni á stjórnendum.**

UM VÍÐA VERÖLD

Ekki örventa

The Sunday Times | Irwin Stelzer, dálkahöfundur The Sunday Times, segir að þrátt fyrir að ýmis merki séu á lofti um erfiða tíma í Bandaríkjunum sé engin ástæða til að örventa – ekki

strax í það minnsta. Hann viðurkennir að hækkun á olíuverði hafi haft mikil áhrif á hagkerfið; líklega kostað Bandaríkjamenn um 490 milljarða króna sem sé eins og dágóð skattahækkun. Stelzer segir fyrirtæki vissulega finna fyrir hækkunum. Staðan sé hins vegar ekki nærri jafn slæm og menn kynnu að halda; hagvaxtarspá fyrir árið sé 3,8 prósent, mikil aukning hafi orðið á sölu byggingarefnis og húsgagna. Þá sé atvinnuleysi lítið, 5,1 prósent, og störfum hafi fjölgað í öllum ríkjum Bandaríkjanna nema tveimur. Stelzer bendir á að í nýlegri könnun hafi 94 prósent aðspurðra Bandaríkjamanna sagst ánægðir með lífið og telur að engin ástæða sé til að ætla að það breytist í náinni framtíð. Þetta þakkar hann öðru fremur nýrri kynslóð harðduglegs millistærarfólks og frumkvöðlaviðhorfi almennings.

Engir peningar í podcasti

The New York Times | David Carr skrifar um stafrænar útsendingar á netinu, svokallaðar podcasts, í New York Times. Hann segir að stóru fjölmiðlaveldin í Bandaríkjunum sé harðákveðin í að missa ekki af lestinni eins og hafi gerst við tilkomu inter-

The New York Times netsins, með öllu sínu fría niðurlagi og blogg síðum. Til að mynda hafi bæði ABC og NBC hafið slíkar útsendingar. Carr segir hins vegar að þótt Podcasts kunni að ná almennri lýðhylli verði slíkur rekstur aldrei gróðavænlegur. Hann segir til að mynda nánast ómögulegt að koma að auglýsingum í slíkum þáttum, hlustendur ráði sjálfir hvenær og hvernig þeir kjósi að hlusta og muni því koma til með að spóla hratt yfir auglýsingar. Við þetta bætist höfundarréttarmál; enn sé því ósvarað hvort borga verði stefgjöld af tónlist í hvert skipti sem þáttur er spilaður eða aðeins í fyrsta skipti. Telur hann að óhjákvæmilega muni koma upp málaferli vegna þessa: „Stafrænar útvarpsendingar á netinu eru tiskubóla sem aldrei verður alvöru business,“ segir David Carr.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dógg Hjaltalin, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skafason, Þórlundur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ABALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðnum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verlustunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Verslaðu við traustan aðila!

**LEIGJUM TJÖLD**  
sem henta við öll tækifæri!



Fyrir brúðkaup, ættarmót, afmæli, party og alls konar samkomur. Hafðu samband og við gerum þér tilboð!

OPÍD:  
virka daga kl. 9-18  
laugardaga kl. 12-16



EYJARSLÓÐ7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

## Bílarnir og penslumerkin

Merki penslunnar sér víða stað í samfélaginu. Einn af mælikvörðunum í uppsveiflunni er bílasalan. Greining Íslandsbanka hefur rýnt í tölur um bílannflutning og sér skýr merki þenslu í gríðarlegri aukningu í bílannflutningi. Við erum greinilega í miðri veislunni:

„Mikil sala bifreiða hefur oft verið merki þess að efnahagsuppsveiflan sé í toppi hér á landi. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs seldust 9.687 nýjar fólksbifreiðar og eru það fleiri nýjar fólksbifreiðar en seldust allt árið 2001 og 2002 og aðeins

### ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

minna en seldist allt árið 2003. Söluaukningin nemur ríflega 51 prósentum miðað við fyrstu sex mánuðina í fyrra. Ef fram fer sem horfir verður árið í ár sölu- mesta árið hvað fólksbifreiðir varðar síðan á þensluárinu 1987.

Mikil hækkun launa og eignaverðs, sterk staða krónunnar, bætt aðgengi að fjármagni ásamt endurnýjunarþörf bílflotans stuðlar allt saman að verulegri aukningu í bílasölu um þessar mundir. Fjárhagsleg

staða heimilanna er fremur sterk og kemur það meðal annars fram í því að nú er ekki einvörðungu mikil spurn eftir fólksbifreiðum heldur seljast dýrari tegundir frekar en þær ódýrari.

Bifreiðasalan nær hámarki í ár að okkar mati í þessari efnahagsuppsveiflu. Útlit er fyrir að sala nýrra fólksbifreiða verði heldur minni á síðari hluta árs en hún var á fyrri hlutanum. Engu að síður reiknum við með því að árssalan nemi um 16 þúsund nýjum fólksbifreiðum. Til samanburðar var salan ríflega

15 þúsund árið 1999 eða þegar hún var mest í síðustu efnahagsuppsveiflu. Með lækkun krónunnar, minni vexti kaupmáttar og hækkun vaxta má reikna með minni sölu á næsta ári,“ segir í Morgunkorni greiningar Ís-

landsbanka. Forvitnilegt verður að fylgjast með því hvenær draga fer úr innflutningnum og hvort þar verður vegna mettunar eða vegna þess að borð sé ekki jafn mikið fyrir báru í heimilisbókhaldi landsmanna.

**Bifreiðasalan nær hámarki í ár að okkar mati í þessari efnahagsuppsveiflu. Útlit er fyrir að sala nýrra fólksbifreiða verði heldur minni á síðari hluta árs en hún var á fyrri hlutanum. Engu að síður reiknum við með því að árssalan nemi um 16 þúsund nýjum fólksbifreiðum.**

### SPÁKAUPMAÐURINN

## Allir á flugi

Ég verð seint sakaður um að vera kjarklaus þegar kemur að fjárfestingum og er alveg til í að taka áhættu ef svo ber undir. Maður reynir hins vegar alltaf að hafa hlutina þannig að maður sjái sem mest fyrir og geti forðað sér áður en illa fer.

Þannig hef ég oft bjargað mér og selt áður en niðurtúrinn byrjaði fyrir alvöru. Ég græddi til dæmis hraustlega á SR mjöli og var kominn í gott skjól í bönkunum þegar gengið hrundi. Flugrekstur er meðal þess sem er gríðarlega áhættusamur rekstur. Það er hægt að græða hratt og vel í þessum rekstri. Vandinn er bara sá að maður getur líka tapað alveg ótrúlega hratt.

Pálmi Haraldsson er alveg sveillkaldur í að fara í þetta Sterling Mærsk dæmi allt saman. Almar er reyndar mikill töffari og Danirnir eiga örugglega eftir að skjálfa þegar hann fer að taka til í þessu dæmi öllu saman. Kosturinn í stöðunni er að Pálmi og Almar eru að keppa við eitthvert verst rekna flugfélag í heimi, SAS, sem ætti að gefa þeim smá svigrúm.

Hitt er svo annað að Skandinávarnir eru miklu betur verndaðir og miklu erfiðara að segja upp fólki og taka til þar en hér heima. Fyrir utan að þeir þurfa helst að ræða alla hluti í hel áður en hægt að taka ákvarðanir. Það er ekki beinlínis stíll þeirra Pálma og Almars.

Hannes Smárason virðist heldur ekkert vera fyrir það að ræða hlutina og mætti kannski aðeins hægja á sér í þeim efnum, ef marka má fréttir. Ég tók reyndar smá stöðu í Flugleiðum. Held að Hannes sé ansi glúrin og muni keyra félagið áfram. Svo ræður Jón Ásgeir væntanlega ferðinni ef það verður eitthvað vesen. Hann er með sína menn í meirihluta í stjórninni. Ég held að þeir verði á ferð og flugi og reyni að semja við Stelios um EasyJet. Hver veit nema að þegar fram líði stundir muni Pálmi og Jón Ásgeir finna sameiginlegan flöt á Sterling og Flugleiðum. Annað eins hefur nú gerst.

Spákaupmaðurinn á horninu



# Alvöru gasgrill

Ryðfrítt alvöru gasgrill - engar málamiðlanir!

**PERFECTGLO**

gasgrillið fæst hjá

ECC Skúlagötu 63 - Sími 511 1001 - Opið 10-18

**ECC**



**Talstöðin**  
FM 90,9

## FÓLK Á FERLI

**Elínborg Kvaran** hefur tekið við starfi auglýsingastjóra TM. Elínborg starfaði hjá Markaðsdeild P. Samúelssonar hf. frá árinu 2000 til 2005. Hún útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 2000 með BS próf í viðskiptafræði.



**Ragnhildur Ragnarsdóttir** hefur verið ráðin í starf forstöðumanns starfsmannahalds TM. Ragnhildur hefur frá árinu 1998 verið starfsmannastjóri Og Vodafone og þar áður Tals. Frá árinu 1987 til 1997 starfaði Ragnhildur hjá A&P lögmönnum, síðast sem skrifstofustjóri. Ragnhildur er stúdent frá MH, lauk námi af textílblaut Myndlista- og handíðaskóla Íslands, hefur lagt stund á nám við Kennaraháskóla Íslands og er með Diplomagraðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



**Högni Guðmundsson** er nýr deildarstjóri tjónaskoðunarstöðvar Tryggingamiðstöðvarinnar. Högni hefur starfað hjá TM frá árinu 2003. Frá árinu 2001 til 2003 rak Högni fyrirtæki sem sérhæfði sig í innflutningi vara og tækja til landflutninga. Þar áður starfaði Högni við bifreiðaviðgerðir og innflutning á aukahlutum í bifreiðar. Högni er með próf í rafeindavirkjun frá Lönskólanum í Reykjavík.



**Jón Magnússon** sem verið hefur starfsmaður hagdeildar TM veitir nú þeirri deild forstöðu. Jón hefur áralanga reynslu á sviði trygginga en hann hóf störf hjá Tryggingu hf. árið 1973. Þar starfaði hann í ýmsum deildum og var framkvæmdastjóri tjónasviðs félagsins þegar það sameinaðist TM árið 1999.



**Lúdvík Þorgeirsson** er nýr deildarstjóri umboða og útibúa hjá TM. Lúdvík hefur starfað hjá TM frá árinu 1992, lengst af sem tryggingaráðgjafi. Auk þess að hafa sótt fjölda námskeiða í váttryggingum hjá SÍT og endurtryggingafélaginu SwissRe, numið markaðsfræði í Salem State College í Massachusetts í Bandaríkjunum, lauk Lúdvík BS prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2004.



**Ólafur Haukur Ólafsson** hefur tekið við starfi deildarstjóra eignatjóna á sviði tjónabjónustu TM en Ólafur var áður fulltrúi í tjónadeild TM. Ólafur hefur starfað hjá Tryggingamiðstöðinni frá árinu 2003 en hann rak eigið fyrirtæki til þess tíma. Ólafur er húsamiðameistari og með próf í tæknifræði á orku- og umhverfissviði frá Pauliskolan í Málmei í Svíþjóð.



**Stefán Melsted** sem verið hefur sérfræðingur og lengst af deildarstjóri í fjármáladeild TM hefur tekið við forstöðu greiðslubjónustu- og áhættustýringar á fjármálasviði TM. Stefán, sem er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands, lauk framhaldsnámi í lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla árið 1982 og hlaut réttindi til málflytninga í héraðsdómi árið 1984. Hann hefur starfað sem lögfræðingur hjá Landsbanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins.



# Nei er ekki svar

Lúxus Ævintýrarisur skipuleggur sérsniðnar ferðir fyrir efnað fólk. Ólafur Helgi Þorgrímsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segist geta reddað öllu og leggur alla áherslu á að viðskiptavinurinn upplifi eitthvað einstakt. *Dögg Hjaltalín* kannaði eftir hverju viðskiptavinirnir sækjast og hverjir þeir eru.

Ólafur Helgi Þorgrímsson er framkvæmdastjóri Luxury Adventures, sem sérhæfir sig í ferðum fyrir vel efnaða einstaklinga. Hann segir hugmyndina mjög einfalda. „Við getum reddað öllu og nei er ekki svar.“

Viðskiptavinir Luxury eru aðallega litlir hópar og einstaklingar sem vilja upplifa landið á einstakan hátt. „Við bjóðum upp á akstur með leiðsögumönnum, afþreyingu, gistingu og jafnvel mat. Okkar sérstaða felst í raun í akstri fyrir efnað fólk.“

Luxury Adventures býður einnig upp á hefðbundnar ferðir á borð við Gullna hringinn en Ólafur segir þær ferðir einungis eitt prósent af ferðunum. „Við erum nánast eingöngu með sérsniðnar ferðir. Ferðirnar samanstanda af skoðunarferðum, afþreyingu og upplifun.“

## ALLT STÚTFULLT

Luxury Adventures var stofnað í janúar 2003 af Ólafi Helga Þorgrímssyni og fjölskyldu hans. Ólafur hefur gengið með hugmyndina í maganum frá því að hann var 17 ára. Þrjú starfsmenn eru hjá fyrirtækinu og svo taka tugir leiðsögumanna að sér verkefni eftir þörfum. Fyrstu mánuðina eftir stofnun bjuggu Ólafur og Linda Pálsdóttir kona hans á Spáni og undirbjuggu jarðveginn. Þar unnu þau að markaðssetningu fyrirtækisins og þróun hugmyndafræðis.

Í janúar 2004 hófst svo starfsemin. „Það myndna er að við byrjuðum í jeppaferðum og færðum okkur svo yfir í lúxusbíla þegar við sáum að þar var enginn fyrir.“ Síðar á því ári fór svo allt á fullt hjá Luxury Adventures, smá reytingur hafði verið framan af sumri og síðasta vetur bætti fyrirtækið við bílafloata sinn. Fór úr átta lúxusbílum í 11.

Ólafur Helgi segir að viðskiptin í sumar verði fjórfalt meiri en síðasta sumar. „Það er allt stútfullt í sumar.“ Þrátt fyrir að svo sé vísar Ólafur sjaldnast viðskiptavinum frá. „Við hlíðrum til og skipuleggjum ferðir á annan hátt ef svo ber undir.“

## TÍU LAXVEIÐIÁR

Ólafur segir að ferðirnar sem Luxury Adventures fari séu næstum jafn misjafnar og þær séu margar en tekur dæmi um ýkt-

ustu ferðina sem hann hafi skipulagt. Bandarískur auðkýfingur hafi komið til landsins á einkaþotu seint um kvöld og hafi haft samband úr flugvélinni. Hann ákvað að stoppa hér á landi á leiðinni heim frá Ístanbul því hann hafði heyrt að Ísland væri magnað. „Bandaríkjamadurinn vildi gera eitthvað brjáláð og það tók okkur klukkutíma í sameiningu að finna út hvað hann vildi gera.“ Snemma morguninn eftir lögðu ferðamennirnir af stað í leiguvél því að ekki var hægt að fljúga milli flugvalla hér á einkaþotu ferðamannsins vegna stærðar hennar. Önnur flugvél var tilbúin á Akureyri með skíðum undir því að áætlað var að geta lent á jökli ef þeir óskuðu þess. „Þeir vildu einnig hafa tíu laxveiðiár klárar um allt land. Allur bílafloki Luxury Adventures beið tilbúinn um allt land. Á flugi fundu þeir svo laxveiðiá sem þeir vildi veiða í og þeir hættu við að lenda á jöklinum. Þessi ferð kostaði tugi þúsunda Bandaríkjadala.“

## Lúxus Ævintýrarisur

Stofnað: Janúar 2003  
Fjöldi fastra starfsmanna: Þrjú  
Fjöldi bíla: 11

## NETIÐ LAÐAR

Heimasíða Luxury Adventures, lux.is, dregur að sér 60 til 70 prósent af viðskiptum fyrirtækisins. Ólafur Helgi segir ástæðuna vera hversu leitarvélavæn síðan er. „Ef við setjum peninga í eitthvað þá er það netið, þar er peningunum vel varið.“

## NETIÐ LAÐAR

Ólafur segist áður hafa sótt ferðabjónustusýningar erlendis en hann vilji alls ekki eyða fé sem skili sér ekki. „Við auglýsum ekkert og árangur af þessum sýningum sannaði endanlega að netið sé besti staðurinn til að vera sýnilegur.“

Ólafur segir Bandaríkjamenn vera fjölmennasta meðal viðskiptavina sinna, þar á eftir komi Englendingar og svo Rússar. „Núna í sumar fjölga Rússunum mjög mikið.“ Fyrirtækið er með starfsmann í Rússlandi á sínum snærum. Umboðsmenn fyrirtækisins starfa einnig í Frakklandi, Spáni, Ítalíu, Hollandi og Þýskalandi.

Til viðbótar við erlenda ferðamenn eru íslensk fyrirtæki og einstaklingar meðal viðskiptavina.

Ólafur segir þó orðsporid bestu markaðssetninguna. „Þetta er svo líttill heimur að góð bjónusta spyrst fljótt út.“

Af innlendum viðskiptavinum segir Ólafur



## ÓLAFUR HELGI ÞORGRÍMSSON

Heimasíða Luxury Adventure dregur til sín 60 til 70 prósent af viðskiptavinunum enda er síðan mjög leitarvélavæn. Ólafur segist eingöngu eyða peningum í markaðssetningu á netinu.

stóru fyrirtækin farin að uppgötva þjónustu Luxury Adventures og hæfni þess í að þjónusta vel efnað fólk. „Við erum ekkert stressaðir yfir því þótt við séum að fá einhverjar forsetafrúr, eða kvikmyndastjórnur eða moldríka fjárfesta, enda eru þeir bróðurparturinn af okkar viðskiptavinum.“

## VINNA DAG OG NÓTT

Forsenda þess að fyrirtækið gangi er að fylsta trúnaðar sé gætt um viðskiptavinum þess. „Við höfum starfað í tvö ár og vitum nákvæmlega hvað við erum að gera.“

Ólafur segir að oft sé því haldið fram að allar þessar stjórnur hafi sérþarfir og erfitt sé að gera svo efnað fólk ánægð. Þvert á móti segir hann að í 95 prósentum tilvika séu viðskiptavinirnir mjög þægilegir og séu ánægðir með þjónustuna. Vel efnað fólk er ört vaxandi hópur og Ísland er í tísku, þannig að Ólafur virðist alveg á réttri hillu.

Ólafur segir Luxury Adventures blómstra. Veturinn hafi skilað hagnaði, sem er óalgennt hjá ferðabjónustufyrirtækjum. „Veturinn er oft dauði og djöfullur hjá þessum fyrirtækjum.“ Hann segir þó engan hæðgarleik að halda rekstrinum í góðum gir. „Við vinnum dag og nótt og greiðum okkur ekki há laun. Ég horfi í hverja einustu krónu og er rosalegur nískupúki.“



**BÍLAFLOTI LUXURY ADVENTURES** Starfsmenn fyrirtækisins eru ekkert stressaður yfir því þótt viðskiptavinir þeirra séu einhverjar forsetafrúr, kvikmyndastjórnur eða moldríkir fjárfestar, enda eru þeir bróðurparturinn af viðskiptavinunum.

## BESTA RÁÐIÐ

# Gerðu aldrei neitt sem ekki þolir dagsins ljós

Þorgils Óttar Mathiesen, forstjóri Sjóvárs, segir það ráð sem fyrst komi upp í hugann vera að gera aldrei neitt sem ekki þolir dagsins ljós: „Þessa lífsreglu lagði faðir minn, Matthías Á. Mathiesen, mér þegar ég var ungur að árum og henni hef ég fylgt síðan.“

Þorgils Óttar, sem er gömul

handboltahetja, lék lengi með FH og á að baki fjölda landsleikja fyrir Íslands hönd, segir ráðið upphaflega komið frá ekki ómerkari manni en Bjarna heitnum Benediktssyni forsætisráðherra: „Þetta ráðlagði Bjarni pabba þegar hann var ungur þingmaður og sagði honum að hafa í huga í öllu sem hann tæki

sér fyrir hendur. Þetta á við um öll þau verkefni sem maður þarf að leysa, hvort sem um ræðir viðskipti eða pólitík og hefur reynst mér vel.“ - jsk

**ÞORGILS ÓTTAR MATHIESEN FORSTJÓRI SJÓVÁR** Segir föður sinn hafa ráðlagt sér að gera aldrei neitt sem ekki þolir dagsins ljós. Þetta segir hann að eigi við um allt það sem fólk taki sér fyrir hendur.



# Evrópsku bankasamtökin áréttu aðild að kærri SBV

Ræddu hindranir fyrir samrunum og yfirtökum banka yfir landamæri.

Framkvæmdastjórn Evrópsku bankasamtakanna fundaði í Reykjavík nýlega. Þetta eru heildarsamtök bankasamtaka allrar Evrópu, með samtals 4500 banka innanborðs. Á fundinum var meðal annars fjallað um nýútgefna grænbók ESB um stefnu í fjármálaþjónustu 2005-2010, væntanlegar nýjar eiginfjárreglur fjármálastjóra, nýjar reiknings-skilareglur og hindranir fyrir samrunum og yfirtökum banka yfir landamæri í Evrópu. Þá var einnig rædd kærri SBV til EFTA-dómstólsins vegna ólögmætra ríkisstyrkja á íslenskum húsnæðislánmarkaði. EBF hefur tilkynnt að samtökin yrðu aðili að máli SBV og var sú afstaða áréttuð á fundinum. -dh



**MÁLIN RÆDD** Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SBV, Pat Farrell frá Írlandi, Guido Ravoet, framkvæmdastjóri EBF, Hein Blocks, formaður framkvæmdastjórnar EBF, Hreiðar Már Sigurðsson, formaður SBV, Enrico Granata Ítalíu, Jean-Jacques Rommes Lúxemborg.



**SKRAFAÐ SAMAN** Guido Ravoet, framkvæmdastjóri EBF, Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SBV; og Hreiðar Már Sigurðsson, formaður SBV, ræða saman.

## Bókari

Fjármálastjóri í Reykjavík óskar að ráða starfsmann í bókhaldsdeild.

Í boði er starf í góðu vinnuumhverfi miðsvæðis í Reykjavík.

### Starfssvið

- Innsláttur bókhaldsgagna.
- Færslur á greiðslum.
- Tilfallandi störf á skrifstofu.

### Menntun- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Reynsla af vinnu við bókhald.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni og jákvæðni.
- Þekking á Axapta er kostur.

Starfið er laust nú þegar.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 11. júlí nk. Númer starfs er 4602.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðný Sævinisdóttir. Netfang: [gudny@hagvangur.is](mailto:gudny@hagvangur.is)



Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700  
Bréfasími 520 4701 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Innkaupastjóri

Stórt innflutnings- og markaðsfyrirtæki óskar eftir að ráða innkaupastjóra.

### Starfssvið:

- Ber ábyrgð á birgðastýringu og birgðahaldi
- Sér um innkaup frá erlendum og innlendum birgjum
- Umsjón og ábyrgð á reglulegum vörutalningum
- Stjórnun lagerstarfsmanna og bílstjóra

### Menntun- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði vörustjórnunar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Metnaður og árangursdrifni
- Tungumálakunnátta og nákvæm vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegum verkefnum æskileg

Umsjón með starfinu hafa Hanna B. Vilhjálmisdóttir ([hanna@img.is](mailto:hanna@img.is)) og Sigrún Ýr Árnadóttir ([sigrun@img.is](mailto:sigrun@img.is)) hjá Mannafli - Líðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Líðsauka.



Laugavegi 170  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is)

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
[www.mannafli.is](http://www.mannafli.is)

## INNHEIMTA, BÓKANIR OG ALMENN SKRIFSTOFUSTÖRF

Vegna aukinna umsvifa leitar Midt Factoring á Íslandi að starfsmanni. Við þurfum trausta manneskju til að taka að sér bókanir, innheimtu og ýmis skrifstofustörf. Viðkomandi þarf helst að hafa reynslu af svipuðum störfum, vera sjálfstæð/ur og geta sýnt frumkvæði til að leysa verkefni af ýmsum toga. Æskilegt er að viðkomandi hafi a.m.k. stúdentspróf, hafi gott vald á íslensku og geti tjáð sig á dönsku og ensku. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn eða fyrirspurn á netfangið [agnar@mfi.is](mailto:agnar@mfi.is) fyrir 10. júlí 2005.



MidtFactoring  
á Íslandi

Midt Factoring á Íslandi hf. er dótturfélag Midt Factoring A/S í Danmörku sem er stærst factoring fyrirtæki í Danmörku. Midt Factoring breytir lánsviðskiptum í staðgreiðslu með því að lána viðskiptavinum sínum fjármagn út á reikninga. Markmið okkar er að gera lánsviðskipti fyrirtækja öruggari og ódýrari með skipulögðum forvörnum í formi greiðslutrygginga, daglegs gáts og nánú sambandi við viðskiptavinina og skuldara þeirra.

## Fjármálastjóri/staðgengill framkvæmdastjóra

### Menntun- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta, framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Reynsla/þekking á uppgörum, kostnaðareftirliti og gerð rekstraráætlana
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulags- og leiðtogaþæfileikar
- Góð enskukunnátta
- Navision kunnátta

### Starfssvið:

- Fjármálastjórnun
- Yfirmaður bókhalds
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Upplýsingagjöf til stjórnar og stjórnenda
- Kostnaðareftirlit
- Samningagerð
- Stjórnun

Umsjón með starfsumsóknnum hafa Hilmar G. Hjaltason ([hilmar@img.is](mailto:hilmar@img.is)) og Sigrún Ýr Árnadóttir ([sigrun@img.is](mailto:sigrun@img.is)) hjá Mannafli - Líðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Líðsauka.



Laugavegi 170 105 Reykjavík Sími 540 7100 [mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is)  
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is)



Apple IMC á Íslandi  
[www.apple.is](http://www.apple.is)

Apple á Íslandi er útrásarfyrirtæki og er velta fyrirtækisins 1.5 milljarður, yfir 40% af tekjum koma erlendis frá. Fyrirtækið rekur 2 verslanir í Danmörku og eina á Íslandi og áætlað er að opna verslanir í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð innan tveggja ára. Eiginfjárstaða félagsins er sterk.

# Úrskurðir birtir í heild

Er það jákvæð breyting að FME upplýsi um einstakar athuganir sínar?

Fjármálastarfsemi hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförunum árum og er nýsköpun á þeim vettvangi án efa ein mikilvægasta skýringin á góðu efnahagsástandi. Þó virðist allnokkuð skorta á að gagnsæi ríki á markaðinum, sem getur til dæmis haft þau áhrif að almennir fjárfestar haldi að sér höndum. Ný stefna FME um upplýsingagjöf er mjög til bóta, því hún er til þess gerð að auka gagnsæi og þar með traust manna á meðal í fjármálavæðskiptum.

Ætti FME ekki að vera skylt að birta niðurstöður sínar í stað þess að hafa einungis heimild til þess?

Athuganir FME eru stundum þess eðlis að alvarlegri hagsmunir, svo og rannsóknarhagsmunir, gætu skadað ef upplýst er um öll smáatriði. Endalaust má deila um hvar eðlileg mörk um upplýsingagjöf liggja, en í fljótu bragði virðist ný stefna FME vera nokkuð varfærin. Ég sé til að mynda ekki hvers vegna einungis samanteknar niðurstöður verða birtar en ekki úrskurðir FME í heild, að frátöldum trúnaðarupplýsingum. Það ætti að vera hin almenna regla, þegar aðrir ríkari hagsmunir knýja ekki á um annað.

Hefur þögn FME hingað til verið til hins verra fyrir stjórnendur fyrirtækja og fjárfesta?

Almennt má segja að fjármálaeftirlit hljóti að gera mun meira gagn en ógagn. Stjórnendur fyrirtækja eða fjárfestar

sem halda öðru fram horfa afar skammt fram á veginn. Óflugt fjármálaeftirlit gæti ekki aðeins hagsmuna smærri aðila á markaði, heldur skapar einnig trúverðugleika sem stóru aðilar markaðarins byggja alla sína afkomu á.

Telur þú að þessi breyting minnki traust milli aðila á markaðnum og FME?

Einhver brögð gætu verið að því, en það veltur á því hversu rúmt nýju reglurnar verða túlkadar – hversu djúrt línudansinn verði stiginn. Ég býst þó við að hægt væri að ganga enn lengra við að upplýsa um niðurstöður mála án þess að það kæmi niður á samstarfsvilja fjármálastarfsmanna.

En hverju telur þú þetta breyta fyrir almenna fjárfesta og almenning?

Sú mikla leynd sem til þessa hefur hvílt yfir einstökum athugunum FME hefur valdið því að almennir fjárfestar eiga erfitt með að átti sig á hversu

vel hefur tekist til og getur það verið skýring á neikvæðni í garð FME. Breytingarnar gætu einkum skilað árangri í því að efla traust almennra fjárfesta og almennings á fjármálamarkaðinum.

Hvað telur þú að FME þurfi að varast þegar það fetar þessa nýju braut?

Mikilvægt er að FME verði eftir sem áður óvilhallur aðili, bæði við rannsóknir sínar og upplýsingagjöf. Ég hræðist einkum að með aukinni upplýsingagjöf megi tálka niðurstöður tiltekinna rannsókna sem andstaðar tilteknum fyrirtækjum.

TÖLVUPÓSTURINN  
Til Jóns Þórs Sturlusonar  
dósentis við Bifröst og  
forstöðumanns Rannsóknaseturs verslunarinnar.



# Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins opinberaðar

Fjármálaeftirlitinu er nú heimilt að upplýsa um niðurstöður athugana sem stofnunin framkvæmir. Hingað til hefur þögnin umluknið starfsemi þessarar eftirlitsstofnunar þótt hún sé sögð gegna mikilvægu hlutverki. Björgvin Guðmundsson segir að ásýnd Fjármálaeftirlitsins muni breytast í kjölfarið.

Forsvarsmönnum Fjármálaeftirlitsins er heimilt frá fyrsta júlí að greina frá niðurstöðum athugana sem þeir framkvæma. Þangað til höfðu mjög strangar reglur gilt um upplýsingagjöf eftirlitsins og starfsmönnum þess í raun verið óheimilt að tjá sig um starf stofnunarinnar nema í undantekningartilvikum. Á Alþingi í vor var lögum um verðbréfaútskipti breytt og heimild til upplýsingagjafar rýmkuð verulega. Er það mikil breyting frá því sem var, þar sem í rauninni hefur ekki verið hægt að fylgjast með hvað Fjármálaeftirlitið hefur fyrir stafni því ekki hefur mátt greina frá því. Óljósam fréttnum af málum sem eru til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu, án þess að nokkru sinni sé greint frá niðurstöðunni, ætti því að fækka.

Samkvæmt lögnum er Fjármálaeftirlitinu heimilt að greina frá eftirliti með meðferð innherjaupplýsinga og verðmyndun, upplýsingum varðandi breytingar á verulegum eignarhlut í skráðum fyrirtækjum, yfirtökureglum og réttindum og skyldum fjármálastarfsmanna.

## NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR

Í greinargerð með frumvarpinu, þar sem breytingarnar voru skýrðar nánar, segir að þessi heimild taki ekki aðeins til birtingar upplýsinga um aðgerðir sem eftirlitið grípur til heldur einnig til birtingar

upplýsinga um niðurstöðu almennra athugana sem eftirlitið framkvæmir. Þá skipti ekki máli hvort gripið sé til stjórnvaldsúrræða eða ekki. Telja verði nauðsynlegt að greina frá niðurstöðum athugana þótt þær leiði ekki til sérstakra aðgerða. Þannig geti það augljóslega haft þýðingu fyrir markaðinn að vera upplýstur um það að Fjármálaeftirlitið hafi ekki talið ástæðu til aðgerða í tilteknu máli.

Rökin sem nefnd eru þessu til stuðnings eru að þessi framkvæmd hafi varnaðaráhrif og stuðli að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði í heild. Það sé mikilvægt fyrir hagsmuni verðbréfamarkaðar að gagnsæi ríki um afdrif mála sem upp komi. Svo geti virst sem Fjármálaeftirlitið sé veik stofnun ef ekki sé gert opinbert hvaða verkefnum hún sinni á tilteknum tíma.

## AUKIÐ GAGNSÆI

Páll Gunnar Pálsson, fráfariandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sagði í ræðu í Háskólanum í Reykjavík í maí á síðasta ári að almennt séð hefði starfsemi fjármálaeftirlita á Norðurlöndunum þróast í átt til aukins gagnsæis. „Þannig birtir sænska og norska eftirlitið að talsverðu leyti niðurstöður í einstökum málum og finnska eftirlitið mun í tengslum við breytingar á verðbréfamarkaðslöggjöf fá auknar heimildir í sömu átt. Danska eftirlitið er hins vegar áfram mjög þögn um sína starfsemi. Í öðru ná-

„Í öðru nágrannalandi, Bretlandi, birtir fjármálaeftirlitið ítarlegar niðurstöður í einstökum málum á verðbréfamarkaði.“



FRÁ AÐALFUNDI FJÁRMÁLAFTIRLITSINS Nú verður Fjármálaeftirlitinu heimilt að upplýsa alla þá sem fylgjast með stórum stofnunarinnar um hver niðurstaða rannsókna í einstökum málum er. Til fyrsta júlí síðastliðins var það ekki hægt.

grannalandi, Bretlandi, birtir fjármálaeftirlitið ítarlegar niðurstöður í einstökum málum á verðbréfamarkaði.

Í nóvember í fyrra fjallaði svo Fjármálaeftirlitið um aukna upplýsingagjöf á Íslandi í sérstöku umræðuskjali. Þar sagði frá því að stefnt væri að því að innleiða í lög heimildir til að greina frá niðurstöðum í einstökum málum, sem væri eðlileg þróun. Það ætti ekki síst við um eftirlit með fjármálastofnunum en starfsemi þeirra væri mikilvæg við rekstur trúverðugs verðbréfamarkaðar.

## FARA EIGI VARLEGA

Sá varnagli er sleginn að fara verði varlega við að rýmka heimildir til upplýsingagjafar um einstök mál sem varða önnur svið fjármálamarkaðar en verðbréfamarkað. Þó séu skilin þarna á milli ekki alltaf skýr. Þetta eigi til dæmis við þegar fjárhagslegur styrkur fyrirtækja er skoðaður. Einnig kemur fram að reglur um upplýsingagjöf eigi einungis að ná til mála sem koma upp eftir fyrsta júlí en ekki þeirra sem þegar eru í skoðun.

Í umræðuskjalinu segir jafnframt að aukin upplýsingagjöf um einstakar athuganir muni hafa í för með sér aukna vinnu og þar með kostnað í rekstri Fjármálaeftirlitsins. Í fyrsta lagi sé líklegt að athuganir verði á stundum torsóttari þar sem meira sé í húfi fyrir orðspor þeirra sem athuganir beinist að. Í öðru lagi séu líkur til að fleiri málum verði vísað til kærufundar en áður. Til lengri tíma megi hins vegar ætla að varnaðaráhrif, sem felist í aukinni upplýsingagjöf, skapi aga sem dragi úr eftirlitsverkefnum.

## VILDI SKYLDA STOFNUNINA

Þegar þessar breytingar á upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins voru ræddar á Alþingi í vor kom til umræðu af hverju eftirlitinu væri ekki gert skylt að birta niðurstöður í stað þess að veita einungis heimild til þess. Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði telja að þannig hefðu lögin meiri varnaðaráhrif. Valgerður Svendsdóttir, viðskiptaráðherra, sagði þetta útfært svona í tilskipun Evrópusambandsins og það hefði varla meiri varnaðaráhrif að skylda stofnunina til að gefa upplýsingar. Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, lagði síðar fram breytingartilöggu um að þessu yrði breytt og eftirlitinu skylt að birta niðurstöður athugana sinna. Það náði ekki fram að ganga.



FJÁRMÁLAFTIRLITIÐ ER TIL HÚSA AÐ SUBURLANDSBRAUT

## Breyting til bóta

„Almennt tel ég til bóta að Fjármálaeftirlitið upplýsi meira um efni tiltekinna mála sem eru til meðferðar hjá stofnuninni en hingað til hefur verið gert,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Gildi lífeyrissjóðs. Lífeyrissjóðir fjárfesta mikið í hlutabréfum fyrirtækja og segir Árni mikilvægt að sem fullkonnastar upplýsingar liggi fyrir þegar fjárfestingarkostir séu metnir.

„Í sumum tilvikum hefur Fjármálaeftirlitið mátt greina betur frá því sem er í gangi,“ segir Árni. Það eigi við þegar fréttir berist af athugunum eftirlitsins og aldrei sé greint frá niðurstöðum á grundvelli athuganna. Hann hefur ekki áhyggjur af því að ríkari upplýsingagjöf geri Fjármálaeftirlitinu erfiðara fyrir í athugunum sínum. Það hafi frekar forvarnargildi, því málsaðilar viti að greint verði frá meðferð málsins.



ÁRNI GUÐMUNDSSON

## Yfirlýsingagleði varasöm Klárlega til góðs

„Samskiptaleysi Fjármálaeftirlitsins út á við hefur aukið tiltrú þess mikið gagnvart fyrirtækjum,“ segir Jón Sigurðsson, forstjóri Óssurar. Forsvarsmenn eftirlitsins hafi aldrei verið að leita eftir sviðsljósi með yfirlýsingar og það hafi aukið traust stjórnenda fyrirtækja á þeim. Þetta hafi komið Fjármálaeftirlitinu til góða og það hafi gert marga mjög góða hluti.

Jón varar við þeirri þróun sem hafi til dæmis orðið í Bandaríkjunum að opinberir aðilar keppist um að koma með sem stærstu yfirlýsingarnar. Hann vilji ekki sjá sömu þróun hér og segir ekkert sérstakt tilefni til að hafa áhyggjur af því enn sem komið er. Gefa verði málunum tíma til að þróast. Aðspurður segir hann auknar heimildir Fjármálaeftirlitsins til upplýsingagjafar ekki letja menn frekar til samvinnu við stofnunina. Hún starfi eftir lögum og eftir lögnum starfi fyrirtækin.



JÓN SIGURÐSSON

„Þessi breyting er að mínu mati klárlega til góðs. Því meira gagnsæi, þeim mun betra“ segir Frosti Bergsson, fjárfestir, um auknar heimildir Fjármálaeftirlitsins til upplýsingagjafar. Ef ekki sé greint frá niðurstöðum athugana gefi það tilefni til vangaveltna sem geti komið sér illa fyrir marga. Það eigi jafnt við þegar niðurstöðurnar eru jákvæðar og neikvæðar.

„Þegar það liggur fyrir svart á hvítu hver niðurstaðan er þá er hægt að ræða málið á réttum forsendum. Opinber umræða klárast þannig mun fyrr en þegar forsendur eru óljósar því ekki er vitað hvað skoðun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós,“ segir Frosti.



FROSTI BERGSSON

# Bílaust opnar á nýjum stað

Við bjóðum ykkur velkomin  
í glæsilega verslun  
að Bíldshöfða 9

Fjöldmörg  
skemmtileg  
opnunartilboð í gangi  
allt að 60% afsláttur  
-Sjón er sögu ríkari



Takki / 1963

## BANKAHÓLFID



### Skrýttinn kokkteill

Næststærsti hluthafinn í Og fjaraskiptum er Eignarhaldsfélagið Runnur. Eignarhaldið á Runni er afar forvitnilegt þegar upptökun í FL Group er skoðuð því félagið er í eigu fyrrverandi og núverandi stjórnarmanna flugfélagsins. Meðal eigenda eru Saxhóll, sem er Nóa-túnsfjölskyldan, og Byggingarfélag Gylfa og Gunnars, sem mynda fjárfestingarfélagið Saxbygg. Aðrir hluthafar eru Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group, Vífifell, sem er í eigu Þorsteins M. Jónssonar, tilvandi stjórnarmanns, og Mogs sem er í eigu Magnúsar Ármanns sem kemur einnig inn í stjórn FL Group á næstunni.

### Ég tek bílinn en þú húsið

Pálmi Haraldsson í Feng og Jón Ásgeir Jóhannesson hafa marga fjöruna sopið, átt sínar góðu stundir á viðskiptavellinum og tekist á þar á milli. Nú eru þeir orðnir keppinautar í utanlandsfluginu. Pálmi segir frá því í Morgunblaðinu þegar hann skildi Jón Ásgeir einan eftir í veiðihúsi í Húnavatnssýslu „bílausan og allslausan“. Höfðu þeir félagar orðið það heiftarlega ósammála að leiðir skildu með þessum hætti. „Hvernig Jón Ásgeir komst í bæinn á endanum í það skiptið veit ég ekki,“ segir Pálmi í greininni.



### Afkomuviðvörðun

Afkomuviðvaranir eru ekki daglegt brauð á íslenska markaðnum. Skráðum félögum ber að láta vita ef afkoman er langt frá áætlunum félaganna, og bæði ef um jákvæðar fréttir er að ræða sem og neikvæðar. Síðustu afkomuviðvaranir sem hafa birst hafa vel flestar verið jákvæðar eða verið vegna óhappa, ekki vegna slæms rekstrar. Neikvæð afkomuviðvörðun frá Icelandic Group kom því töluvert á óvart en ekki hefur tekist nægjanlega vel að sameina starfsemi SH og Sjóvíkur.

Þar sem eignarhald Icelandic Group er að stórum hluta í eigu skráðra fyrirtækja má gera ráð fyrir að rekstrarerfiðleikar Icelandic Group hafi áhrif á gengi þessara félaga. Straumur, Landsbankinn og Burðarás eiga um helming hlutafjár í félaginu.

6 stjórnarmenn gefa ekki kost á sér áfram í stjórn FL Group og taka því sex nýir við á hluthafundi á laugardaginn næsta.

66,6 kaup Milestone á 66,6 prósentu hlut í Sjóvá voru samþykkt af Fjármálaeftirlitinu.

8 Live 8 tónleikar voru haldnir í vikunni og G8 fundurinn er settur í dag.

## ÚRVAL FLATRA SJÓNVARPA



AÐEINS KR. 16.666  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI\*

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 199.990  
STADGREITT

FULLT VERÐ kr. 249.990

**UNITED PTV42** 42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í Mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.



**PHILIPS 42PF9946**

42" 100 Hz PLASMA SJÓNVARP með móttakara, 852x480 upplausn, 3000:1 skerpu, Digital Motion Compensation og Digital Crystal Clear ljósskynjara og Antireflex System, 50w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 innbyggðum hátölurum, 2 Scart tengi, textavarpi 2 myndum á skjá og fjarstýringu.

**TILBOÐ 249.990**

FULLT VERÐ kr. 299.990



**JVC PD42B50**

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 852x480 punkta upplausn með 3000:1 skerpu, stýður HDTV, fullkomnar lítstýringar, textavarpi, tvískiptur skjá möguleiki (mynd og mynd/textavarpi), mynd í mynd (1 móttakari), 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 3 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heynartölstengi, T-V Link og veggfesting.

**TILBOÐ 349.990**

FULLT VERÐ kr. 449.990

ÖRPUNN  
PLASMA

\*Vaxtalaugar VISA eða EURO raðgreiðslur. Við bætist lántöku- og færslugjald.



## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hjólsmýn, Akranesi, Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, VESTFRÍÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Dranganesi, NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, KF Húsvetninga, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Ljósjafn, Akureyni, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: KF Héradsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kauptún, Vopnafirði, KF Héradsbúa, Seyðisfirði, Turnbræður, Seyðisfirði, Spærkaup, Færkrúdsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði, SUDURLAND: Mosfell, Hellu, Fosstraf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brimnes, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Rafendataekni, Keflavík, Rafagnavinstofa Sigurðar Ingvarssonar, Gardi, Rafmætti, Hafnarfirði.

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

# Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



Renault Megane Scenic, skrd.12/1999 e:109.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 820.000 kr Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford Mondeo, skrd.01/1997, e:92.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 630.000 kr. Tilboð 399.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Subaru Legacy GX station, skrd.03/2000, e:95.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.430.000 kr. Tilboð 1.090.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Citroen C3, skrd.10/2003, e:31.000 km, 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.260.000 kr Tilboð 1.090.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Subaru Forester, skrd. 10/1997, e:190.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 680.000 kr Tilboð 490.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Nissan Almera, skrd.12/1999, e:120.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 560.000,- kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



MMC Lancer 4x4, skrd.05/1999, e:123.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 780.000 kr.100% lán mögulegt S:515-7000.



Lexus RX300, skrd. 04/2003, e:31.000 km. 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.350.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000.



Ford Mondeo Ghia, skrd.11/1999, e:54.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 690.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Daihatsu Cuore, skrd. 07/1999, e:58.000 km. 1000cc, beinskjptur, Ásett verð 420.000,- kr. 100% lán mögulegt S:515-7000.



Renault Megane Scenic, skrd.08/1998, e:144.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 660.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Opel Astra GL station, skrd.03/1997, e:100.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 420.000 kr Tilboð 299.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford Explorer Eddie Bauer, skrd.05/1991, e:153.000 km, 4000cc, sjálfskiptur, Ásett verð 450.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Volvo S40, skrd. 04/2000, e:100.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.250.000 kr. Tilboð 990.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Galloper, skrd.10/1998, e:180.000 km, 2500cc, diesel, beinskjptur. Ásett verð 930.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Opel Vectra, skrd.11/1998 e:104.000 km, 2000 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 880.000 Kr Tilboð 690.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford transit 330L, skrd.03/2002 e:62.000 km, 2400 cc, beinskjptur. Ásett verð 1.890.000 Kr 100% lán mögulegt. S:515-7000



Ford Focus station, skrd.02/2003 e: 41.000 km, 1600 cc, beinskjptur. Ásett verð 1.390.000 Kr Tilboð 1.190.000 kr 100 % lán mögulegt S:515-7000



Renault Megane Scenic, skrd.02/1999, e:111.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 850.000 kr Tilboð 590.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford KA, skrd.01/2000, e:38.000 km, 1300cc, beinskjptur. Ásett verð 520.000 kr Tilboð 390.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford Explorer Executive, skrd.08/2001, e:104.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.400.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Peugeot 406 station, skrd.10/2001, e:68.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.460.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Opel Vectra station, skrd.08/1998, e:93.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Volvo S40 SE-Line, skrd.09/2003, e:30.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.340.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Citroen C4, skrd.02/2005, e:2.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr Tilboð 1.599.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Volvo XC90, skrd.06/2004, e:22.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.570.000 kr Tilboð 5.270.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford Expedition XLT Sport, skrd.07/2004, e:13.000 km, 5400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.890.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Honda Civic LSI, skrd.06/1997, e:149.000 km, 1500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Renault Kangoo. skrd. 04/1999, e:84.000 km, beinskjptur. Ásett verð 640.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Vw Vento, skrd. 09/1996, e:131.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr Tilboð 490.000 kr Tilboð 299.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Volvo V70 LPT-Turbo, skrd.01/2003 e:33.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.150.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Nissan Primera, skrd.10/1999, e:65.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 760.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000




Ford Escort station, skrd.07/1998, e:117.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 420.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Volvo 744, skrd.06/1987, 2316cc, e:265.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 250.000 kr. Tilboð 120.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Peugeot 307 SW Break, skrd.01/2004, e:37.000 km, 2000cc, diesel, beinskjptur. Ásett verð 2.090.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford Focus High Series, skrd.10/2000, e:100.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 910.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford Focus High Series, skrd.10/2000, e:100.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 910.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Volvo V70 XC "CrossCountry", skrd.05/2004, e:23.000 km, 2521cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.590.000 kr Tilboð 4.390.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Isuzu Trooper, skrd.01/2001, e:113.000 km, 3000cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.490.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



VW Passat Turbo, skrd.08/1999, e:127.000 km, 1800cc, beinskjptur. Ásett verð 1.090.000 kr Tilboð 790.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Peugeot 307 SW, skrd.09/2004, e:17.000 km, 1600cc, beinskjptur. Ásett verð 1.820.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



MMC L200, skrd.01/2003, e:33.000 km, 2351cc, beinskjptur. Ásett verð 2.350.000 kr Tilboð 2.090.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Volvo V70 LPT-Turbo, skrd.08/2000, e:126.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.150.000 kr. Tilboð 1.990.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



Citroen C5 Elegance, skrd. 09/2003, e:29.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.990.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



VW Golf Comfortline station, skrd. 04/2000, e:125.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 930.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford F-250 CrewCab, skrd. 03/2004, e:41.000 km, 6000cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 4.250.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Volvo XC90 T-6 Twin Turbo, skrd. 02/2004, e:23.000 km, 2900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 6.240.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Ford Mondeo Trend, skrd.05/2004, e:15.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.100.000 kr. Tilboð 1.870.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000



Peugeot 206 XT, skrd.06/2001, e:47.000 km, 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 870.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000



OLDSMOBILE Regency árg 1989 ekin 240þús km,sjálfskiptur, 3,8L,abs, álfelgur, dráttarbeiði, fjarsýrðar samlæsingar, glertopppluga, leðurinnrétting, rafmagn í öllu, allvöru teppi hlaðin búnaði á aðeins kr 390.000,- tilboð 190.000



Musso E-23 Bensín (150hö) beinskjptur 5 gíra,31" dekk, álfelgur, geislaspilari,rafmagn í rúðum,eyðslu grensti jeppinn á markaðnum 9,271 pr 100km,og verð er aðeins 1,190,000-



Rexton RX-290 TD-I ekin aðeins 83þús km,31" dekk ,álfelgur,5 gíra,abs,ASR spólvörn, dráttarbeiði, fjarsýrðar samlæsingar, geislaspilari, líknabelgir,dökktt gler,og m/fl verð:2,460,000-



Toyota Carina E GLI 1,8l árg 1997 Classic, ekin 177þús km beinskjptur 5gíra, geislaspilari, líknabelgir, rafmagn í rúðum,samlæsing, verð:590,000-



Nissan Patrol GR Turbo árg 8/1992 ekin 263þús km,7manna,5gíra,35" dekk,upphækkaður,vél og kassi tekinn upp 2001,verð:790,000-



Nissan Patrol GR 4,2L Bensín,árg 1992 ekin 183þús km 7manna,sjálfskiptur,32" dekk,geislaspilari,dráttarbeiði,ný yfirfarin bíll í top standi, verð 890,000



Ford EXPLORER 4.0 EXECUTIVE árg 11/1999 ekin 74þús km, sjálfskiptur, 30" dekk, abs, álfelgur, armpúði, dráttarkúla, fjarsam læsingar,líknabelgir, innfluttur nýr af umboði top eintak,verð:1,750,000



MMC Lancer glxi 4wd árg. 6/1998 ekin 116 þús. km 1,6 vél, dráttarbeiði geislaspilari. Verð 690.000.



Musso E-23 bensín (150hö) árg 8/1998 ekin 115þús km 5 gíra beinskjptur,31" dekk,álfelgur,geislaspilari,rafmagn í rúðum og fjarsam læsingar,verð:1,220,000



Júmbó samlokur óskar eftir starfskrafti í vöruafgreiðslu og vinnsluá vinnutími kl. 05.00 að morgni til 13.00. Viðkomandi þarf að vera íslenskumalandi, vera stundvís og heilsuhausur, og þarf að geta byrjað strax. Áhugasamir hafi samband við Jón Örn á skrifstofu okkar Kársnesbraut 112, Kópavogi milli kl. 14 og 16 í dag og næstu daga.

**Atvinna vesturbær**  
Starfskraftur óskast við fatahreinsun. Þarf að vera vön að strauja, engin hámarksaldur. Uppl. á staðnum. Hraði Fatahreinsun Ágísiðú 115. S. 552 4900.

**Bón og þvottur**  
Óskum eftir vönum starfsmönnum á bönstöð hjá Bilkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Yfirvélstjóra vantar á 200 tonna neta og snurvoðabát og einnig vélavörð á tæp-lega 200 tonna netabát. Uppl. í s. 892 5522.

Óska eftir fólki í afgreiðslustörf í bakarí í Hafnarfirði. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Uppl. í s. 895 8192 milli 8-17.

**Bakarí**  
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklusir. Uppl. í s. 820 7370.

Vanan starfsmann á beltavél strax og einnig vörubíl. Uppl. í s. 587 6440 & 663 5440.

Gestamóttaka á hóteli. Kvöld og næturvarsla. 24ra ára og eldri með mála-kunnáttu og þjónustulund óskast. Uppl. á santan@mi.is eða s. 664 5900.

Starfskraftur óskast. Óskum eftir að ráða lífran og góðan mann í sumar-afleysingar á smurstöð og eða verk-astæði. Möguleiki á fastri vinnu. Nánari uppl. í síma 895 0020

**Breiðholtsbakarí**  
Okkur vantar róskan starfskraft í verslun. Upplýsingar í síma 895 9420, Alla milli kl. 11 og 16.

Vélstjóra með 365 KW réttindi vantar á 140 tonna dragnótarbát. Upplýsingar í síma 894 3026, 854 3026 & 894 1638.

Duglegur starfskraftur óskast í þrif (hlutastarf). Kvöldvaktir og morgunvaktir og önnur hver helgi. Umsóknir sendist grhrein@visir.is

Starfsmenn óskast í íhlaupavinnu við uppsetningu á vinnuþöllum og fleira. Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.

Starfsmaður óskast á vinnuþallaleigu í útkeyrslu, afgreiðslu og fleira. Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.

Óska eftir fólki vant þjónustustörfum til að vinna á veitingastað í miðbænum. Einnig vantar okkur fólk vant eldhússtörfum og uppvasara. Góð laun fyrir gott fólk. Uppl. í s. 862 5999.

### Atvinna óskast

22ja ára strákur óskar eftir sumarvinnu og starfi með skóla næsta vetur. Byggingarvinnna kemur ekki til greina. Upplýsingar gefur Tryggvi í síma 659 0265.

### Viðskiptatækifæri

Viltu vinna heima? Hafðu samband. Ragnheiður Ólía Skaptadóttir www.heilsufrettir.is/ros

**TILKYNNINGAR**

### Tapað - Fundið

Gulur og hvítur, mjög sérstakur, loðinn kellingur tapaðist frá Ingólfsstræti 4 þann 3. Júlí. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 561 4609 eða 844 7314.

### Einkamál

Kona óskar efti að kynnað manni á milli sextugs og sjötugs. Ýmis áhuga-mál. Svar sendist fyrir 10. júlí n.k. merkt "Vínur 81"

**MARKAÐURINN**

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

**90,9**



## Tillögur að breytingum á deiliskipulagi: Hesthúsahverfi í Breiðholti Orlofshús í búðargili

Akureyrarbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga 2 tillögur að breytingum á deiliskipulagi:

### 1 Skipulag hesthúsahverfis í Breiðholti

Gerð er tillaga um að efst á Miðhúsklökkum, norðan hesthúsa við Sörlagötu, komi endur varpstöð fyrir farsímakerfi. Afmörkuð er 100 m<sup>2</sup> lóð og innan hennar gert ráð fyrir tækjaskýli og 16m háu mastri.

### 2 Orlofshúsabyggð við Búðargil

Meginbreytingar skv. tillögunni eru þær að byggingarreitir verða 9 m á breidd í stað 8m áður, hámarksstærð orlofshúsa verður 80 m<sup>2</sup> í stað 70 áður og lágmarkspakhalli 20° í stað 25° áður.

Tillögurnar ásamt fylgigögnum munu liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, næstu 6 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar, þ.e. til miðvikudagsins 17. ágúst 2005, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is/> undir: *Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út kl. 16.00 miðvikudaginn 17. ágúst 2005 og skal athugasemdum skilað til Umhverfiseildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykktur.

06. júlí 2005

Skipulags- og byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar.

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri  
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)



## Smíðir, járnsmenn og byggingaverkamenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða smíði, járnsmenn og byggingaverkamenn.

Upplýsingar gefur Kristján Yngvason í síma 693-7005  
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins [www.jbb.is](http://www.jbb.is)

JB Byggingafélag býður uppá góða starfsaðstöðu og öruggt starfsumhverfi. Næg verkefni eru framundan.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333



## Gröfumaður

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða gröfumann.

Upplýsingar gefur Tryggvi Einarsson í síma 693-7009  
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins [www.jbb.is](http://www.jbb.is)

JB Byggingafélag býður uppá góða starfsaðstöðu og öruggt starfsumhverfi. Næg verkefni eru framundan.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

## FASTEIGNIR



Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479



Búðagerði 7 - Glæsileg íb. m. stóru aukaherbergi.  
Opð hús í dag Miðvikudag 6/7 2005. milli kl.18 og 21.

Mikið endurnýjuð og velskipul. 4ra herb. íbúð á efri hæð í tveggja hæða fjölbýli, ásamt stóru aukaherbergi í kjallara (tilvalið til útleigu) alls 111 fm. Aðeins tvær íb. í stílagangi. Nýtt eldhús, ný gólfefni, gott bað. Verið er að mála hús að utan. Áhv.hagst. langt. lán ca 20 millj. Greiðslub. ca 110 þ. pr.mán.

Verð 23,8 millj. / tilboð.

Upplýsingar veitir Bárður á Valhöll fasteignasölu í 896-5221.

Valhöll fasteignasölu Síðumúla 27. Sími 588-4477. Ingólfur G. Gissurarson lögg. fasteignasali.



## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Kópavogsskóla

- Umsjónarkennara vantar til starfa á yngsta stigi á komandi skólaári.

Laun samkv. kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og KÍ.

Frekari upplýsingar gefur skólustjóri, Ólafur Guðmundsson í síma 897 9770.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Sjá enn fremur: [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) og [www.job.is](http://www.job.is)

# EIGNALISTINN

fasteignasala



[www.eigna.is](http://www.eigna.is)

Kringlunni 4 - 6 Norðurturni, 10. hæð • 103 Reykjavík • Sími 530 4600 • Fax 530 4609 • [eigna@eigna.is](mailto:eigna@eigna.is)

Sigurður Örn Sigurðarson, Viðskiptafræðingur og lögg. fasteignasli

### GRAFARVOGUR



#### VEGHÚS - GETUR LOSN- AÐ FLJÓTLEGA

Góð 4ra herb. 112,8 fm íbúð á 2. hæð í vel viðhöldnu fjölbýli. Þvottahús innan íbúðar, baðherbergi flísalaagt í hólf og gólf, baðkar og sturta. Mjög gott skáparými í herbergjum, eldhús með góðri innréttingu. Sameignin er mjög góðV: 20,1 millj.

### 101 REYKJAVÍK



#### BRÁVALLAGATA

Góð 3ja herbergja, 84 fm miðhæð í vel viðhöldnu húsi. Mikið endurnýjað í íbúðinni t.d rafmagn, eldhús ofl. Góð herbergi, rúmgóð geymsla í kjallara. Góðar suð-vestur svalir. Laus 1. sept.05 Verð: 18,9 millj. TILBOÐ: 18,3 MILLJ. E

### 101 SKUGGAHVERFI



#### VATNSSTÍGUR 157,5 fm GLÆSI ÍBÚÐ Í HJARTA REYKJAVÍKUR

Meiri lofthæð en almennt gerist, eða um 2,7 m Góð hjóðeinangrun milli íbúða og hæða Fullkomið fjarskiptakerfi. Þvottaherbergi innan íbúðar Sameiginleg þjónusta, þríf á sameign umhirda á lóð og almennt viðhald. Háhraðatenging.. Lyfta. Rúmgott stæði í bílageymslu. 12,8 fm geymsla. Tilbúin til innréttingar. V: 35 MILLJ.

### 101 REYKJAVÍK



#### NJÁLSGATA.

2ja herb. 56,9 fm miðhæð. Töluvert endurnýjað í íbúðinni. Lítið en snytilegt eldhús, baðherbergi með sturtu, ágætlega rúmgótt svefniherbergi með fataskápum, forstofa með fatahengi. Parket á gólfum, góð geymsla, sameiginlegt þvottarými á jarðhæð.V: 13,3 millj.

### ÓSKALISTINN

Höfum ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:

- 3ja herbergja íbúð á svæði 101. Má þarfnast lagfæringar.
- Fjársterkir kaupendur óska eftir 150 til 200 fermetra hæð eða húsi í Fossvogi.
- 3ja til 4ra herbergja íbúð í Bökkunum
- Rað eða parhúsi í Seljahverfi
- Vantar 4-5 svefniherbergja hús, íbúð eða hæð helst í kringum Langholtsskóla.
- Vantar einbýlishús í Grafarvogi verð allt að 45 millj.
- 4ra herbergja íbúð í Kópavogi, helst í kringum Smárahverfið, verður að vera á jarðhæð.
- 4ra herbergja íbúð í Sala eða Lindahverfi helst með bílskýli.
- 4ra svefnh. húsnæði á svæðinu í kringum Hvassaleitisskóla. Svæði 103 eða 108. Verð allt að 25 mill.

### VESTURBÆR



#### NIJÓLSTÍGUR

3ja Herb. 82,1 fm íbúð. Eldhús með nýjum tækjum, rúmgóð stofa, hjónaherbergi með góðu skáplássu og útgengi á suð-vestursvalir, barnaherbergi með fataskáp, baðherbergi með baðkari flísalaagt í hólf og gólf, geymsla á hjóðhæð.V 15,3 millj. Lyklar á skrifstofu.

### ÁLFTAMÝRI



Góð 3ja herb. íbúð á 4.hæð í vel viðhöldnu húsi á þessum eftirsóknarverða stað. Svefniherbergi með fataskápum. Suðursvalir, þvottahús og geymsla í sameign. V: 15,5 millj.

### BREIÐHOLT



#### AUSTURBERG.

4ra herb. með aukaherbergi í kjallara, þvottahús innan íbúðar. Rúmgóð stofa með útgengi út á frekar stórar suðursvalir. Rúmgott baðherbergi, hjónaherbergi með góðu skáplássu. Útbúið hefur verið herbergi úr hluta af geymslu í kjallara (aðgangur að salerni)V: 19,2 millj.

LAUS VIÐ KAUPSAMNING.

Lyklar á skrifstofu.

### SUMARHÚS



KIRKJUBÆJARKLAUSTUR. Skemmtilega hannaður 60,8 fm sumarhúsi á landi Efri Víkur við Klaustur. Byggður 2004 FULLINNRETTAÐUR MEÐ ÖLLUM HÚSGÖGNUM Stutt í veiði, einstakt útivistarsvæði. Verð 8,4 millj.

### EIGNASKIPTI

HÖFUM VERIÐ BEDIÐ UM AÐ FINNA FYRIR VIÐSKIPTAVIN GOTT RAÐHÚS Eða HÆÐ MEÐ SÉRINNAGANGI AÐ VERÐ ALLT AÐ 40 MILLJ., Á REYKJAVÍKUR-SVÆÐINU. Í SKIPTUM FYRIR EIBYLISHÚS MEÐ AUKAÍBÚÐ VERÐ 65 MILLJ.

**WILLIAM FAULKNER (1897-1962)**  
lést þennan dag.



„Maður sem fjarlægir fjall byrjar á því að bera í burtu litlar steinvölur.“

William Faulkner var bandarískur rithöfundur. Hann hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1949.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST

### Eldur í olíuborþalli

Þennan dag árið 1988 létust 167 manns þegar eldur braust út á olíuborþalli í Norðursjó. Talið er að sprenging á Piper Alpha-borþallinum hafi orsakað eldinn en pallurinn er staðsettur um 200 kílómetra norðaustur af Skotlandi. Þylur og skip voru send af stað til að bjarga starfsmönnum um borð en flugmenn sögðu að eldhafið teygði sig yfir hundrað metra upp í loftið. Um 225 menn störfuðu á borþallinum sem var í eigu Occidental olíufélagssins. Flestir sem lifðu af sögðust hafa rennt sér niður rör eða hafa stökkið úr mikilli hæð ofan í sjóinn sem var þakinn brennandi olíu. Piper Alpha pallurinn var sá stærsti og elsti í Norðursjó. Flest fórnarlömbin létust þegar þau önduðu að sér eitruðum gufum. Engri sök var kastað á sínum tíma en eftir málaferli árið 1997 vegna trygginga-

greiðslna var komist að þeirri niðurstöðu að tveir starfsmenn, sem létust í slysinu, hefðu sýnt af sér gáleysi og valdið brunanum. Hins vegar hefur verið efast um þá skýringu bæði af ættingjum manna og í rannsókn vegna heimildarmyndar sem sýnd var í sjónvarpi.



6. JÚLÍ 1988

## MERKISATBURÐIR

- 1483** Ríkharður III, konungur Breta, er krýndur.
- 1946** Bretar afhenda Íslendingum Reykjavíkurlugvöll við hátíðlega athöfn.
- 1957** John Lennon kynnist Paul McCartney.
- 1958** Eyjólfur Jónsson syndir frá Reykjavík til Akraness á þrettán klukkustundum.
- 1964** Afríkalandið Malavi lýsir yfir sjálfstæði frá Bretum.
- 1971** Louis Armstrong djassisti andast 69 ára að aldri.
- 1987** Sænska rokkhljómsveitin Europe heldur tónleika í Laugardalshöll.
- 2000** Sonur Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, er handtekinn fyrir drykkjuþvott.

## ANDLÁT

**Guðrún Margrét Arngrímsdóttir**, áður til heimilis að Harðangri, lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, 30. júní.

**Niels J. Hansen**, húsasmiðameistari, Dvergholti 17, Mosfellsbæ, lést á líknardeild Landspítalans 1. júlí.

**Egill Jónsson**, Hagatúni 11, Höfn, lést 2. júlí.

**Hrafnhildur Gísladóttir**, Sólhól, Bogaslóð 6, Höfn, lést 3. júlí.

## JARÐARFARIR

**13.00 Hjörtur Benediktsson**, framkvæmdastjóri, Laufengi 152, Reykjavík, áður Seiðakvísl 36, verður jarðsunninn frá Bústaða-kirkju.

**13.00 Ólöf Auður Erlingsdóttir**, Eikjavogi 1, Reykjavík, verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju.

**13.00 Rákel Sæmundsdóttir**, hárgreiðslumeistari, Stangarholti 28, Reykjavík, verður jarðsunninn frá Háteigskirkju.

## SIGURÐUR SIGURJÓNSSON LEIKARI: ER FIMMTUGUR Í DAG

# Horfir á björtu hliðarnar

„Mér líður alveg sérdeilis vel þessa dagana,“ segir Sigurður Sigurjónsson leikari sem fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í dag. „Ég lít enn bjartari augum á lífið en ég gerði áður og hef tileinkað mér þá speki að líta alltaf á björtu hliðarnar.“

Nú um stundir sinnir Sigurður áhugamálunum sínum tveimur; silungaveiði og golfi, og hleður batterín fyrir haustið þegar leikhúsin fara aftur af stað af fullum krafti. „Nú hamast ég við að leika mér. Þar sem ég hef atvinnu af að leika fyrir aðra þá reyni ég stundum að leika við mig.“

Sigurður var kappsamur veiðimaður hér á árum áður og fór, að eigin sögn, yfir strikið í þeim efnum. „Ég fékk eiginlega nóg og hægði því ferðina. Þá tók golfið yfir en nú er veiðibakterían að blossa upp í mér á ný,“ segir Sigurður sem er nýkominn úr veiði á Arnarvatnsheiði og ætlar senn í Veiðivötn.

Í golfinu hefur hann 23 í forgjöf og reiknar nú ekkert sérstaklega með að komast mikið neðar. „Ég byrjaði svo seint á þessu, fékk nokkrar kylfur í fertugsafmælisgjöf og þær lágu ónotaðar í nokkur ár. Það var svo fyrir fimm til sex árum sem ég tók skurk í þessu.“ Sigurður er félagi í Golf-



**SIGURÐUR SIGURJÓNSSON** „Nú hamast ég við að leika mér. Þar sem ég hef atvinnu af að leika fyrir aðra þá reyni ég stundum að leika við mig.“

klúbbum Keili og spilar á Hvalseyravelli í Hafnarfirði, einum fallegasta velli landsins, að hans sögn.

Í tilefni dagsins býst Sigurður

við að efna til lítils golfmóts meðal helstu meðspilara sinna og ráðgerir að halda hóf fyrir þröngan hóp vina og ættingja með kvöldinu. ■

## birta

### SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



Þökkum auðsýnda samúð og blyhubug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

### Jórunnar Axelsdóttir

Tunguseli 1, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar Karitas og Líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Jóhanna Gréta Guðmundsdóttir  
Karen Guðmundsdóttir  
Hafðís Guðmundsdóttir  
Bryndís Halla Guðmundsdóttir  
Guðlaugur Guðmundsson  
Anna Þórdís Guðmundsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn

Atli Sverrisson  
Auðunn Örn Jónsson  
Þorsteinn Kjartansson  
Óðinn Guðbrandsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

### Niels J. Hansen

húsasmiðameistari, Dvergholti 17, Mosfellsbæ,

lést á líknardeild Landspítala, Kópavogi, föstudaginn 1. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 7. júlí kl. 13.00.

Guðlaug Kristófersdóttir  
Þórður Guðni Hansen  
P. Magnús Nielsson Hansen  
Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen  
Guðbjörg Nielsdóttir Hansen  
Jóna Hansen

Vala Jóhannsdóttir  
George Holmes  
Smári H. Jónsson

barnabörn og langafabarn.



Þökkum auðsýnda samúð og blyhubug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

### Sigurbjargar Stefánsdóttir

Hjallaseli 55, Reykjavík, áður Strandgötu 19, Ólafsfirði.

Örn Baldursson  
Jóna Rósbjörg Þorvaldsdóttir  
Anna Stefánía Þorvaldsdóttir  
Lára Guðný Þorvaldsdóttir  
Brynja Þorvaldsdóttir  
Regína Þorvaldsdóttir

Elisabet Weisschappel  
Guðmundur Heiðar Gylfason  
Björn Steinar Guðmundsson  
Steindór Helgason  
Jón Björn Hjálmarsson  
Örn Pálsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til ykkar allra fyrir samúð, blyhubug, vináttu og stuðning við andlát og útför áskærs sonar okkar, bróður, barnabarns og frænda,

### Sigurðar Ragnars Arnbjörnssonar

Kirkjuvegi 18, Keflavík.

Erla Björk Sigurðardóttir  
Hafþór Raul Brown  
Kristmundur Arnbjörnsson  
Hlíf Arnbjörnsdóttir  
Aron Arnbjörnsson  
Sigurður Ragnar Björnsson  
Jóna G. Arnbjörnsdóttir  
og aðrir aðstandendur

Arnbjörn Rúnar Eiríksson  
Ísar Arnbjörnsson  
Elín Arnbjörnsdóttir  
Þórunn Anna Arnbjörnsdóttir

## AFMÆLI

Vladimir Ashkenazy tónlistarmaður er 68 ára.

Guðmundur Magnússon, leikari og leikstjóri, er 58 ára.



Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, er 54 ára.



Magnús Kjartansson tónlistarmaður er 54 ára.

Sævar Marínó Ciesielski er 50 ára.

Elisabet Ronaldsdóttir kvikmyndagerðarkona er 40 ára.



Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri Byko, er 37 ára.



Kristín Ólafsdóttir kvikmyndagerðarkona er 33 ára.



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

### Hjörtur Jónsson

Brjánsstöðum, Grímsnesi,

lést af slysförum mánudaginn 4. júlí síðastliðinn.

Sonja G. Jónsdóttir  
og fjölskylda

# Ótrúlegt úrval

## af sófasettum á vaxtalausú tilboði

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa  
Óseyri 1 Akureyri



**Vaxtalaus verðsprengja!** **8.325** kr  
á mán. í 12 mánuði

Verð nú 99.900,-  
Verð áður 149.900,-

**Leðursófasett 3+1+1 3167**  
Aðeins 2 sett til!

**Vaxtalaus verðsprengja!** **8.325** kr  
á mán. í 12 mánuði

Verð nú 99.900,-  
Verð áður 149.900,-

**Hornsófi tau áklæði Paris**  
Sérsmíðum eftir þínum þörfum. Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.

**Vaxtalaus verðsprengja!** **8.325** kr  
á mán. í 12 mánuði

Verð nú 99.900,-  
Verð áður 149.900,-

**Hornsófi leður áklæði Roma**

**Ítalskt leðursófasett 3+1+1**

**Leðursófasett 3+1+1 3002**

**Leðursófasett 3+1+1 3171**

**Leðursófasett 3+1+1 3004**

**Leðursófasett 3+1+1 3058**

**Stóll 1, 2 eða 3 sæta 601**

**Bycast sófasett 3+1+1 Roma**

**Leðursófasett 3+1+1 Nice**

**Leðursófasett 3+1+1 Verona**

Gildir til 11. júlí eða á meðan birgðir endast.

\*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

### HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



### Úkraínumaður til Fram

Framarar eru að styrkja sig fyrir næsta vetur í DHL-deildinni og munu mjög líklega semja við vinstri skyttu frá Úkraínu sem heitir Segeiy Serenko. Guðmundur Þ. Guðmundsson, þjálfari Fram, list mjög vel á þennan 27 ára gamla kapp.

**sport**  
sport@frettabladid.is

### ICELANDAIR OG IAN RUSH: HALDA KNATTSPYRNUMÓT Í VETUR HÉR Á LANDI

## Gamlar stjórnur mæta til leiks í haust

Icelandair og Ian Rush hafa gert samning um að halda í vetur fótboltamót sem ber nafnið Icelandair Ian Rush Masters International Football Tournament.

Hugmyndin að móttinu er byggð á Masters-mótariðinni í Englandi, en þátttökuskilyrði þar er að leikmenn séu eldri en þrjátíu og fimm ára, og hafi leikið sem atvinnumenn í knattspyrnu. Á móttinu hér á landi verður ekki gerð ströng krafa um að leikmenn hafi verið atvinnumenn enda munu íslensk lið fá að reyna fyrir sér í móttinu.



Ian Rush, sem gerði garðinn frægan hjá Liverpool á árum áður, hefur keppt í móttinu á Englandi með úrvalsliði Liverpool og er spenntur fyrir því að taka þátt í móttinu. „Þetta verður virkilega skemmtilegt. Í úrvalsliði Liverpool verða menn eins og Jan Molby og John Barnes, og svo verða margir fleiri

þekktir leikmenn sem koma með úrvalsliði Arsenal og Manchester United. Meðal annarra Dennis Irwin.“

Mótið fer fram fjórða og fimmta nóvember í Egilshöll. Undankeppnin hefst föstudaginn fjórða nóvember og kemst efsta liðið úr hverjum riðli í úrslit, en þau fara fram á laugardegnum. Úrvalslið ensku stórlíðanna munu keppa við liðin sem komast í úrslit.

Ian Rush hefur sýnt íslenskri knattspyrnu mikinn áhuga og hefur komið hingað í tengslum við knattspyrnskóla sem hér hafa verið starfandi á sumrin. Hann segir íslenska knattspyrnu alltaf vera að batna. „Íslensk knattspyrna hefur verið á uppleið undanfarin ár.“

### > Við skiljum ekkert í ...

... þessum derringi í hollenska miðjumanninum Walter Baseggio sem hafði ekkert gott um Stoke City að segja í enskum fjölmiðlum í gær. Hann hafði verið sterklega orðaður við félagið en kvæðst hafa engan áhuga að fara – hann vissi ekki einu sinni hvar Stoke væri í Englandi. Vonum að slíkt sé ekki tilfellið með Jóhann Boskamp, nýráðinn hollenskan stjóra liðsins.

### > Við óskum ...

... Blikum innlega til hamingju með Íslandsmeistaratiðlinn í efstu deild kvenna. Eftir sigur liðsins á núverandi meisturum Vals virðist ekkert geta stöðvað Blíkastúlur enda hafa þær unnið alla leiki sumarsins til þessa.



### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

3 4 5 6 7 8 9

#### Miðvikudagur

#### ■ ■ SJÓNVARP

16.50 Bikarkvöld á RÚV.



17.45 Sterkasti maður heims á Sýn.

18.15 Meistaradeildin – toppleikur á Sýn.

20.00 Meistaradeildin – toppleikur á Sýn.

21.50 Tiger Woods á Sýn.

22.20 Formúlukvöld á RÚV.

23.40 Bandaríska mótaröðin í golfi á Sýn.

## HK sló aftur út bikarmeistarana

16-liða úrslitum Visa-bikarkeppni karla lauk í gærkvöld með fimm leikjum. 1. deildarlið HK vann 1–0 sigur á bikarmeisturum Keflavíkur en HK sló einnig út þáverandi bikarmeistara ÍA í 32-liða úrslitum keppinnar í fyrra. HK er eina liðið úr neðri deildunum sem er eftir í pottinum.

**FÓTBOLTI** HK vann það afrek í gærkvöld að slá út bikarmeistara Keflavíkur í hörkuslag liðanna á Kópavogsvelli.

Í fyrri hálfleik skoruðu Keflvíkingar tvö mörk sem bæði voru dæmd af vegna rangstöðu en bæði lið fengu sín færi í leiknum. HK-ingar nýttu eitt sinna þegar Ólafur V. Júlíusson skoraði með skalla eftir fyrirgjöf á 65. mínútu. Keflvíkingar sóttu stíft á lokamínútum leiksins en höfðu ekki erindi sem erfiði.

„Þetta var mjög erfiður en skemmtilegur leikur,“ sagði markaskorari HK, Ólafur V. Júlíusson, eftir leikinn. „Þetta er

annað árið í röð sem við sláum út ríkjandi bikarmeistara sem er auðvitað stórskemmtilegt.“ Aðspurður um markið sem hann skoraði vildi hann gera sem minnst úr sínum hlut. „Fyrst og fremst var það öflug liðsheild og góður varnarleikur sem stóðu upp úr í dag. Það sýnir sig best á því að við náðum að halda hreinu hér í dag þó svo að bæði lið hafi fengið fullt af færum. En heppnin var okkar megin í dag,“ sagði Ólafur.

#### Njarðvíkingar gáfust ekki upp

Eyjamenn virtust ætla að vinna öruggan sigur á Njarðvík í Vestmannaeyjum en þeir komust



MARKINU FAGNAÐ Ólafur V. Júlíusson fagnar marki sínu gegn Keflavík í gær ásamt félögum sínum úr HK.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

3–0 yfir í leiknum. En varamaðurinn Aron Már Smárason hleypti spennu í leikinn

þegar hann skoraði tvö mörk fyrir Njarðvík á lokakafli leiksins. En þar við sat.

### LEIKIR GÆRDAGSINS

#### Landsbankadeild kvenna:

ÍA–ÍBV	0–3
0–1 Rachel Kruze (16.), 0–2 Bryndís Jóhannesdóttir (57.), 0–3 Elin Anna Steinarsdóttir (87.)	
VALUR–BREIÐABLIK	1–2
0–1 Guðlaug Jónsdóttir (8.), 1–1 Margrét Lára Víðarsdóttir (80.), 1–2 Gréta Mjöll Samúelsdóttir.	
STJARNAN–KR	1–4

#### STAÐAN:

BREIÐABLIK	8	8	0	0	30–6	24
VALUR	8	6	0	2	35–10	18
KR	8	5	0	3	27–14	15
ÍBV	8	5	0	3	28–17	15
KEFLAVÍK	8	4	0	4	22–23	12
STJARNAN	8	2	0	6	9–24	6
FH	8	2	0	6	6–27	6
ÍA	8	0	0	8	6–40	0

#### Visa-bikar karla:

ÍBV–NJARÐVÍK	3–2
1–0 Steingrímur Jóhannesson (3.), 1–1 Bjarni Rúnar Einarsson (11.), 3–0 Pétur Óskar Sigurðsson (65.), 3–1 Aron Már Smárason (75.), 3–2 Aron Már Smárason (89.)	
ÞÓR–FRAM	0–3
0–1 Rikharður Daðason (5.), 0–2 Víðir Leifsson (66.), 0–3 Víðir Leifsson (82.).	
GRINDAVÍK–FYLKIR	0–1
0–1 Guðni Rúnar Helgason (87.).	
FH–KA	3–1
1–0 Ólafur Páll Snorrason (16.), 2–0 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (20.), 3–0 Tryggvi Guðmundsson, víti (30.), 3–1 Jóhann Þórhallsson (62.)	
HK–KEFLAVÍK	1–0
1–0 Ólafur V. Júlíusson (65.).	

Valur, KR og ÍA eru einnig komin áfram í fjórðungsúrslit bikarkeppinnar.

## Isinbajeva bætti heimsmetið

**FRÍALSAR** Stangastökkvarinn Jelena Isinbajeva sló eigið heimsmet í stangarstökki um einn sentimetrar á móti í Sviss í gærkvöld, þegar hún stökk 4,93 cm og sigraði á móttinu. Stacy Dragila varð í öðru sæti með 4,65 metra, en Þórey Edda Elísdóttir hafnaði í þriðja til fimmta sæti á móttinu með því að stökkva 4,40 metra.

**Grill SS myndaleikur**

Sendu okkur skemmtilegar myndir úr SS-grillpartíinu þínu á grill@ss.is eða að Fosshálsi 1, 110 Reykjavík og þú gætir unnið gæða Focus grill, sem er án efa eitt það besta á markaðnum í dag, fyrsta flokks grillkjöt frá SS, alvöru grilláhöld eða grillmeistaravuntu. Samtals 1.012 vinningar að verðmæti um 1,5 milljónir króna. Nöfn vinningshafa birt á ss.is.

Breiðablik hársbreidd frá titlinum eftir sigur á Val:

# Titillinn aðeins formsatriði

**FÓTBOLTI** Valsstelpur byrjuðu leikinn af miklum krafti og hefðu með smá heppni getað sett mark. Blikar voru ekki á þeim buxunum og komust fljótt inn í leikinn og uppskáru mark eftir nýu mínútna leik þegar Guðlaug Jónsdóttir skoraði eftir lipra sókn gestanna. Við markið efdust Valsstelpur en liðinu skorti hugmyndaflug til þess að reka endahnúttinn á margar efnilegar sóknir. En úr einni slíkri sókn þá hafði Rakel nægilegt hugmyndaflug til þess að senda glæsilega frá vinstri á Laufeyju Ólafsdóttur sem hitti boltann ekki úr dauðafæri. Eftir þetta þyngdust sóknir heimamanna en vörn Blika var fóst fyrir með Meghan Ogilive fremst í flokki. Gestirnir voru vel skipulagðir í sínum varn-

arleik og beittu stórhættulegum skyndisóknum.

Síðari hálfleikur var ekki jafn fjörugur og sá fyrri, aukin harka færðist í leikinn á kostnað gæðaknattspyrnu. Þegar stundarfjórðungur var eftir af leiknum tókst Valsstelpum að jafna leikinn, þar var að verki Margrét Lára Viðarsdóttir. Hún sýndi mikla yfirvegum, lék á einn Blika áður en hún lagði boltann glæsilega í hornið. Skömmu eftir markið var Pálu Marie Einarsdóttur réttilega vikið af velli. Þegar bæði lið virtust vera að sætta sig við skiptan hlut þá slapp Greta Mjöll Samúelsdóttir inn fyrir vörn Vals og hún gerði allt rétt, kláraði færð glæsilega framhjá Guðbjörgu í marki Vals.

- gji



**HART BARIST** Ásta Árnadóttir Valsstúlka sést hér í baráttunni við hetju Blika í gær, Grétu Mjöll Samúelsdóttur sem skoraði sigurmark leiksins á elleftu stundu. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Aðrir bikarleikir í gærkvöld:

## Fylkir vann slag úrvalsdeildarliðanna

**FÓTBOLTI** Leikur Grindavíkur og Fylkis var ekki upp á marga fiska enda bæði lið hardákveðin að bera sigur úr bytunum í eina leiknum í 16-liða úrslitum bikarkeppninnar þar sem tvö úrvalsdeildarlið mættust.

Og það fór þannig að eftir fremur tíðindalítlan leik kom það í hlut Fylkismannsins Guðna Rúnar Helgasonar að skora sigurmarkið í leiknum. Markið kom undir lok leiksins eftir að mikil þvaga hafði skapast fyrir framan mark Grindavíkur sem lauk með því að Guðni Rúnar tókst að koma boltanum yfir línuna. Grindavíkingar fengu reyndar gullið tækifæri til að jafna leikinn þegar komið var langt fram yfir venjulegan leiktíma á vallarklukkunni en brást bogalistin á orlagastundu.

### Fyrsti sigur Fram á Þór í 17 ár

Framarar gerðu góða ferð norður í land þar sem þeir mættu Þórsurum á Akureyri. Síðast vann Fram sigur á norðanmönnum árið 1988 og gerðu heimamenn sér vonir um að halda sigurgöngu sinni gegn Frómurum áfram en allt kom fyrir ekki. Sigur Fram var aldrei í hættu og skorðu þeir þrjú mörk gegn engu. Þar að auki varð Sigurði Dónys, leikmanni Þórs, vikið af velli með tvö gul spjöld á bakinu þegar stundarfjórðungur var til leiksloka.

Íslandsmeistarar FH fóru létt með hitt Akureyrarliðið, KA, og gerðu út um leikinn á fyrsta hálf tímamunum með þremur góðum mörkum. KA-mönnum tókst reyndar að klóra í bakkann í síðari hálfleik með marki Jóhanns Þórhallssonar en allt kom fyrir ekki.

Risatilboði Chelsea í Steven Gerrard neitað:

## Steven Gerrard vill fara frá Liverpool

**FÓTBOLTI** Enska landsliðsmaðurinn Steven Gerrard, fyrirliði hjá Liverpool, greindi forráðamönnum Liverpool frá því í gær að hann vildi reyna fyrir sér hjá öðru félagi.

Rick Parry, stjórnarformaður Liverpool, var óánægður með þessa afstöðu fyrirliðans. „Það var einlægur vilji allra sem starfa hjá Liverpool að Gerrard yrði hér áfram en því miður hefur hann nú tjáð okkur að hann vilji fara frá félaginu.“

Umboðsmaður Gerrards, Struan Marshall, tjáði sig um samningaviðræðurnar í gær og sagði þær ekki ganga vel. Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool,

vildi ólmur halda Gerrard hjá félaginu og sagðist vonast til þess að hann yrði við störf hjá Liverpool allan sinn feril.

Gerrard hefur lengi verið orðaður við Chelsea en einnig er vitað af áhuga Real Madrid á miðjumanninum snjalla. Hjá Real Madrid eru þrír enskir leikmenn: David Beckham, Michael Owen og Jonathan Woodgate.



**STEVEN GERRARD** Fyrirliði Liverpool hefur ákveðið að skipta um félag.

- mh

# ÚTSALA

Á LAUGAVEGI  
HEFST Í DAG  
opið 8:00 - 20:00

## 30 - 60% afsláttur



### galleri sautján

#### HERRAR

4You	bolir	990
Diesel	gallabuxur	5.990
4you	gallabuxur	3.990
Diesel	bolir	1.990
Camper	skór	-40%
Energie	bolir	2.990
4You	jakkaftöt	14.990
4You	skyrtur	1.990

#### DÖMUR

Laura Aime	bolir	990
Diesel	gallabuxur	5.990
Gipsy	pils	2.990
Studio NY	jakkar	4.990
Bel Air	kjólar	-40%
Sud Express	jakkar	4.990
Miss Sixty	gallabuxur	7.990
Claude Zana	dragtir	14.990

### gs skór

		áður:	nú:
Billi Bi	skór	13.990	5.990
Spiral	skór	8.990	3.990
Trend Design	kúrekastígvél	8.990	3.990
Again & Again	skór	7.990	2.990
Again & Again	skór	5.990	1.990


### sautján

j e a n s

Extra	bolir	990
Diesel	gallabuxur	5.990
Sparkz	gallabuxur	4.990
Converse	skór	3.990
Diesel	bolir	-40%
Diesel	barnafatnaður	-40%

Laugavegi 91 s. 511 1717 www.ntc.is

# Frítt í bíó!



Frumnýnd  
07.07.05

200 miðar í  
boði fyrir þá  
sem eru  
með BTnet  
kíktu á  
www.btnet.is

Allir sem  
taka BTnet  
fá 2 miða  
á myndina  
Sin City\*

4Mb/s  
extra light  
ADSL V16

V16 extra  
light

•• 4 Mb/s hraði  
•• 3 pósthöng

• Afnot af þráðlausum beini  
• Mánaðarskrift á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

3.890 kr.

á mánuði allt innifalið m.v. 12 mánaða samningi

Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift eða hringdu í síma 588-1234 og við sendum þér búnaðinn forstilltann og tilbúinn til notkunar þér að kostnaðarlausu!

BTNET

www.btnet.is

\* Bíó tilboð gildir með birgðir endast.  
Verð m.v. 12. mánaða samning

## STUÐ MILLI STRÍÐA : Lausn við sveittu brauði

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR HEFUR ÞRÓAÐ UPPSKRIFT AÐ HINNI FULLKOMNU RISTUÐU BRAUÐSNEIÐ.



MYND: HELGI SIGURSSON

Á það til að vera ör-  
litið vanaföst. Allir  
morgnar eru eins  
því ég veit hvern-  
ig ég vil hafa þá.  
Vakna, skrólti  
fram úr með úfið  
hár, skelli brauði í  
ristina og mang-  
óteí í öbbann. Tek  
tvær ristaðar brauðsneiðar, veifa  
þeim í svona tíu til fimmtán sekúnd-  
ur og skelli svo smjöri, marmelaði  
og osti á mátulega ristaðar og  
ósveittar brauðsneiðarnar. Tókuði  
eftir þessu? Ósveittar. Aha! Þetta er  
nefnilega það sem svo margir feila  
á í þeirri aðgerð sem ristað brauð  
felur í sér.

Í fyrsta lagi þarf að rista það

þannig að það sé nokkuð dökkt á lit,  
alls ekki brunnið þó og það má ekki  
vera svo ristað að það sé eins og  
kex. Svo er það veifið. Það vita ekki  
allir af veifinu og hversu mikilvægt  
það er í þróessinu. Rétt aðeins að  
veifa brauðinu til þess að kæla það.  
Ef þessum lið er sleppt þá svitnar  
ristaða brauðið að neðan á meðan  
við mökum smjörinu, marmelaðinu  
(má líka nota sultu – ekki með  
kekklum) á og tyllum svo ostinum  
vandlega ofan á. Undir engum  
kringumstæðum skuluði henda  
brauðinu beint á disk! Er ekki allt í  
lagi sko? Sveitt og blautt ristað  
brauð! Og mjúkt! Viljum við það?  
Nei! Við viljum mátulega stökkt  
ristað brauð sem heyrst brak í  
þegar við tökum bita.

Núú, veifiaðferðina er hægt að  
nota á fleiri matvæli en ristað  
brauð. Vöflur. Hver hefur ekki lent  
í því að vera boðið í vöfluboð og  
gestgjafinn staflar vöflunum í  
bunka (eins og fífl) þannig að aðeins  
ein vaffla er æt. Sú efsta. Og hún er  
líka gölluð því hún er bara hörd að  
ofan því undir henni er önnur vaffla  
sem gerir hina sveitta. Algjörlega  
óþolandi að vera boðið í svona  
vöfluboð. Hvað er það sem vantar  
hér? Jú, mikið rétt, veif. Veifa vöflun-  
um fólk! Einnig eru ágætтар kæli-  
aðferðir að stafla vöflunum upp á  
rönd og halda við þær á meðan þær  
kólna örliðið eða að tylla þeim ofan á  
svotilgerða grind. Annars hef ég  
ekki mikið meira að segja nema  
bara, veifið! Bæbæ! ■

## myndasögur

### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli




### ■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



### ■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



### ■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# STÓRÚTSALA

## vegna lagerflutninga



**25-70%**  
afsláttur

Gildir ekki á öðrum tilboðum

*Chiropractic*



Fyrstir koma  
fyrstir fá

af útlitsgölluðum  
og eldri gerðum  
af heilsudýnum,  
ásamt ýmsum  
húsgögnum og  
fylgihlutum.



*Sleep Series*



ÓTRÚLEG VERÐ

WALLHUGGER



Svefn & heilsa  
★★★★★



[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150

Opið virka daga 10:00 - 18:00 - Lokað á laugardögum í sumar



FADMHERRINN Hópur fólks hljóp um svæðið, sýndi ást og hlýju með því að faðma fólk að sér.

# Halló Hróarskelda!

Hróarskelduhátíðin fór fram um síðustu helgi í glampanði sólskini. Um 160 hljómsveitir tróðu upp við mismikinn fögnuð áhorfenda. Kristján Sigurjónsson fylgdist spennur með.

**REIÐSKÓLINN ÞYRILL**  
**Sumarnámskeið**  
 Nokkur pláss laus

11. júlí  
 25. júlí  
 8. ágúst

Uppl. og skráning í síma  
 896 1248

Þeir voru ófáir tónlistarmennirnir sem æptu „Hi Roskilde“ í hljóðnemann á Hróarskelduhátíðinni um helgina. Ekki skritið enda kættist fólk og tók undir í hvert sinn sem þetta bragð var notað. Fólk var komið á Hróarskeldu til að skemmta sér og bongóblíða alla helgina jók enn á gleðina. Vissulega fengu hinar 160 hljómsveitir og tónlistarmenn misjafnar undirtektir enda lögðu sig ekki allir jafn mikið fram. Sumir treystu á forna frægð, aðrir á útlitið og stælana en svo voru aðrir sem komu, sáu og sigruðu. Þeirra á meðal var Mugison sem náði að hrífa fólk með sér og skemmta því rækilega.

#### Misefnilegar sveitir

Tónlistaratriðunum er skipt niður á sex svið og ræðst það af tegund tónlistar og frægð hvar fólk spilar. Þannig er Odeon-sviðið hugsað fyrir tónlistarfólk sem er líklegt til vinsælda, svið þeirra efnilegu. Bloc

Party er ein þeirra hljómsveita en hún spilaði sig upp í næstu deild með frammistöðu sinni og það staðfestu tónleikagestir á milli laga. Bright Eyes verður hins vegar efnilegur aðeins lengur því hann náði ekki að sýna fyrsta flokks frammi-stöðu.

Heimstónlistin fær sitt tjald á hátíðinni. Þar eru seldir kokteilar í plastglösum og fólk dansar af miklum móð. Eflaust eru flestir þeir sem hingað koma að heyrja og sjá þessa tónlistarmenn í fyrsta sinni. En framandi taktur og fjörug sviðs-framkoma hrifur flesta með sér. Hingað kemur fólk því til að „tengja“ við öðruvísi tónlist.

Á aðalsviðinu og Arena eru haldnir fjölmennustu tónleikarnir. Í Arena tjalduin, sem rúmar 10 þúsund manns var alla jafna þétt skipaður bekkurinn þegar líða tók á kvöld. Frammistaða Interpol var einna markverðust. Þeir voru síðastir á svið og luku þessu með stæl. Létu tónlistina tala sínu máli og voru ekkert að biðja fólk um að kalla hey-hó eða klappa í takt. Fólk klappaði nú samt og skemmti sér vel. The Tears áttu líka góðar stundir með sínum gestum í Arena og fengu góðar undirtektir. Heimamenn áttu líka sína fulltrúa, Junior Senior og The Raveonettes. Betri rómur var gerður að framlagi þeirra fyrrnefndu.

#### Þrír á palli

Á aðalsviðinu voru vinsælu hljómsveitirnar. Velvet Revolver þeirra fyrst og líka síst. Ekki vantaði stælana hjá þessum reynsluboltum en hins vegar skorti þá alla gleði og áhuga. Eiginlega mætti kalla svið-framkomu þeirra „Þrír á palli“ því aðalkarlanir þrír skiptust á að standa uppi á palli og fara með sóló-atríði. Þetta fílaði fólk ekki og dró upp stórt spjald sem á stóð „Hvar er



MÚGUR OG MARGMENNI Tugþúsundir manna komu saman á Hróarskelduhátíðinni í ár og skemmtu sér konunglega enda veðrið með eindæmum gott.

Axl?“ og átti þá við söngvara Guns'n'Roses. Næst á svið var Kent frá Svíþjóð. Óhætt er að kalla þá hljómsveit hússins enda var þetta í fimmta sinn sem þeir spila á hátíðinni. Þúsundir Svía tóku undir í hverju lagi og stóðu Kent sig með þryði. Snoop Dogg hélt sálhjálparmessu fyrir sjálfan sig á stóra sviðinu í steikjandi hita á föstudag. Lét tugi þúsunda gesta kalla nafn sitt í rúman klukkutíma og hefur því sennilega stigið af sviðinu tilbúinn til heimsviffirraða. Gaf sér samt tíma til að flytja nokkur lög og það fílaði fólk. Var með nokkuð stóra hljómsveit með sér sem gaman hefði verið að heyrja meira frá. Audioslave á sér álíka sögu og Velvet Revolver, sér samsuða úr tveimur frægum hljómsveitum. Þeim tókst mun betur upp en hinum og náðu fólkinu á sitt band. Voru öruggari með tónlistina sem þeir spiluðu og hljómuðu vel.

#### Þreyttir Íslandsvinir

Óvæntasta meik hátíðarinnar voru svo Black Sabbath. Ozzy muldraði sig í gegnum lögin en það gerði ekkert til. Black Sabbath átti góðan dag en heimamennirnir í D-A-D sem komu á svið á eftir þeim réðu ekki við verkefnið. Á sunnudag komu þeir fram sem höfðu fyrr um daginn spilað á Live8 tónleikum annars staðar í Evrópu, Green Day og Duran Duran. En á meðan þeir flugu til Danmerkur spiluðu Foo Fighters og gerðu sitt og vel það. Duran Duran steig svo á svið rúmlega eitt um nóttina. Voru greinilega þreyttir eftir langan dag og vel heppnaða tónleika á Íslandi. Komust þó í gang eftir nokkur lög, um leið og gömlu lögin fóru að hljóma. Þeir héldu svo áhorfendum á tánum það sem eftir lifði. Það var Brian Wilson sem batt endahnúttin á hátíðina. Steig á svið um kvöldmatarleytið á sunnudag og smælaði framan í heiminn. Endaði á sínum stærstu smellum og tugi þúsundir manna dönsuðu með.

#### Vel heppnuð hátíð

Það vita þeir sem á Hróarskeldu hafa farið að ekki er bæði haldið og sleppt. Ekki gefst tími og stundum ekki þrek til að sjá og heyrja allt það sem er í boði. Það er líka á við góða tónleika að ganga um og fylgjast með fólkinu. Allir njóta dagsins, annað hvort í vinahópi eða með fjölskyldunni. Sjá má virðulegt eldra fólk (líka minna virðulegt eldra fólk), barnafjölskyldur og svo ungt fólk og unglíngla skemmta sér á saman án teljandi vandræða. Hróarskelduhátíðin heppnaðist vel í ár. Nú er bara að spara raddböndin þar til á næsta ári svo hægt sé að taka undir „Halló Hróarskelda 2006“ af öllum krafti. ■

#### TÓKST HIÐ ÓMÖGULEGA

Mugison kom sá og sigraði þegar hann tróð upp á Hróarskelduhátíðinni um síðustu helgi. Hann fékk meðal annars fjögur tölur af fimm í blaði sem gefið er út á hátíðinni. En hvað fannst áhorfendur um kappann?



Halltóra Henriksen, Færeyjum.

„Hann er frábær og súper kúl og ég á plötunum hans. Fannst meiriháttar að hann skyldi enda á Wild Thing.“



Eik Mjelva Kolstrup, Noregi.

„Ég trú þessu ekki. Þetta eru einir bestu tónleikar sem ég hef farið á en ég veit ekkert hver þessi gaur er og reiknaði ekki með neinu. Ég er bara alveg gátt-aður. Ég kaupi örugglega plötuna hans.“



Sigurlaug María Hreinsdóttir og Jóhann Páll Hreinnsson, Íslandi.

„Eðisleg stemmning. Mikið af útlendingum og þeir voru greinilega að fíla hann. Mugison er skemmtilegur og alltaf ferskur.“



Leon og Rune, Ástralíu.

„Gerður grín af því fyrir tónleikana að það væri ómögulegt að ná stemmningu á þessum tíma dags. Þessum gaur tókst það hins vegar. Vissum ekkert um hann fyrir tónleikana og duttum hingað inn fyrir tilviljun. Þetta var góð byrjun á deginum.“



## Uppvask / Ræstingar

Vantar duglegt fólk í sumarafleysingu við uppvask á kvöldin og fólk í ræstingar og þvottahús framtíðarstarf.



Upplýsingar hjá hótélstjóra á staðnum og í síma 552-5700.

# ÍDV

## Íslenskir knattspyrnu-strákar ræna fótum í Færeyjum

„Vorur klæddir í fót sem þeir höfðu daginn áður stolið úr búðinni.“



Þeir þegar aðrir þegja!



FJÖLSKYLDUFÓLK Ungir sem aldnir, fólk af öllum stærðum og gerðum, lét sjá sig á Hróarskeldusvæðinu.



**NILFISK OG FOO FIGHTERS** Meðlimir Nilfisk og Foo Fighters djamma saman á Draugabarnum í fyrrkvöld.

## Stukku í sjóinn og drukku brennivín

Svo virðist sem heillastjarna svífi yfir strákunum í hljómsveitinni Nilfisk frá Stokkseyri því í fyrrkvöld fengu þeir í annað sinn á tveimur árum tækifæri til að spila með meðlimum bandarísku rokksveitarinnar Foo Fighters, sem hélt tónleika í Egilshöll í gærkvöld ásamt Queens of the Stone Age. Ekki nóg með það heldur fengu þeir einnig að spila með tveimur meðlimum Queens of the Stone Age.

„Við vorum með tónleika á Draugabarnum fyrir hóp af krökkum sem voru þarna að spila. Þetta var bandarísk „high school“ strengjahljómsveit. Svo komu þeir þegar við vorum alveg að klára og við tókum nokkur lög saman,“ segir Jóhann Vignir Vilbergsson, söngvari og gítarleikari Nilfisk, sem var nývaknaður þegar Frétta-

blaðið hafði samband við hann.

Hljóðfæraskipan á þessum óvæntu tónleikum var á þann veg að Jóhann Vilberg spilaði á gítar ásamt Dave Grohl, forsprakka Foo Fights og fyrrum trommara Nirvana, Sigurjón Dan úr Nilfisk spilaði á bassa og Taylor Hawkins, trommari Foo Fights, mundaði kjuðana. Eftir að þeir höfðu djammað saman tóku tveir meðlimir Queens of the Stone Age við af þeim Foo Fighters-mönnum og hinir tveir meðlimir Nilfisk hlupu í skarðið fyrir þá Jóhann og Sigurjón.

Jóhann segist hafa spallað við Dave Grohl og það hafi verið mjög fínt. Þeir ræddu þó ekkert um það hvort Nilfisk fengi að hita upp fyrir Foo Fights á tónleikunum eins og fyrir tveimur árum. „Við tölu-

um um alls konar hluti, hitt og þetta en ég man annars lítið eftir því þar sem íslenskt brennivín var haft um hönd. Síðan vorum við að stökkva út í sjóinn en þeir gerðu það reyndar ekki. Menn voru bara að skemmta sér,“ segir hann. „Síðan hittum við einhverja rötara sem við vinguðumst við fyrir tveimur árum og vorum með þeim.“

Að sögn Jóhanns voru meðlimir Foo Fighters og Queens of the Stone Age nýbúnir að snæða kvöldverð á Stokkseyri ásamt föruneysi sínu þegar þeir ákváðu að líta við á Draugabarnum. Kveikt var í varðeldi á ströndinni til að skapa réttu stemmninguna og svo virðist sem Grohl og félögum hafi tekist að halda upp á þjóðhátíðardag sinn, 4. júlí, á eftirminnilegan hátt.

freyr@frettabladid.is



**JOLIE Á LIVE 8** Götublaðið The Sun er með frétt af verslunarferð Jolie og Pitt þar sem þau eru sögð hafa skoðað fót fyrir nýfædd börn.

## Ég er ekki ólétt

Angelina Jolie hefur svarað þeim sögusögnum um hvort hún beri barn Brads Pitt undir belti. „Ég er ekki ófrísk,“ sagði hún við blaðamenn sem voru viðstaddir Live 8 tónleikana.

Sagan endalaus um Jolie og Pitt heldur áfram, þar sem Jolie neitaði því ekki að þau væru saman. Götublaðið The Sun í Englandi hafði eftir sjónarvotti að „þarið“ hefði sést í Harrods. Annar sjónarvottur, sem blaðið vísar í, segist hafa séð Angelínu skoða mikið af fötum á nýfædd börn. „Hún var í löngum síðum, svörtum frakka eins og hún væri að fela eitthvað,“ hafði blaðið eftir sjónarvottinum.

Enn hefur ekkert komið fram sem staðfestir að Angelina Jolie og Brad Pitt séu saman. ■

**GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!**

**SPARADU PENINGA**

**DEKKJA LAGERINN 755 3355**

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

DEKK • FÓLKSBILADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBILADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS

**Hringbraut 67, Reykjanesbæ.**  
OPIÐ HÚS – í dag kl. 18:30 – 19:00

Stærð eignar: 100,7 fm  
Fjöldi herb.: 5  
Bláskúrsréttur  
Byggingarár: 1955  
Brunab.mat: 12,5 millj.  
Verð: 10.500.000

Sölufulltrúi:  
Tryggvi Þór,  
820-0589,  
tryggvi@remax.is

Falleg, mikið endurnýjuð og rúmgóð 5 herbergja íbúð á 2. hæð í þrjúflíshúsi í Reykjanesbæ. Aðkoma að húsinu frá Melteigli.

Stórt parketlagt hol, björt og rúmgóð stofa og borðstofa með parketi á gólf. Gott og bjart eldhúsið með ljósum dúk á gólf, helví innréttingu með bekkurinum, fínum á veggjum og nýlegri eldavél. Gott hjónaherbergi með parketi á gólf og góðum skápum. 2 barnaherbergi með teppi á gólfum og annað herbergið með skáp. Baðherbergi með baðkúni, dókur á gólf og mósakflisar á veggjum. All rafmagn í íbúðinni hefur verið endurnýjað og sett ný rafmagnstafla. Allir ofnar í íbúðinni eru nýir ásamt öllum hitavatrslöngum og nýri hitaveitugrind. Skólplágnir voru endurnýjaðar nýlega.

